# Endurskoðun ríkisreiknings 1999

RÍKISENDURSKOÐUN

Október 2000

# Efnisyfirlit


**1 INNGANGUR ... 7**

**2 AFKOMA OG FJÁRHAGSSTAÐA RÍKISSJÓÐS ... 11**

ÞRÓUN RÍKISFJÁRMÁLA FRÁ 1995 ... 12
- *Langtímakröfur ... 13*
- *Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum ... 14*
- *Óinnheimtar ríkistekjur ... 14*
- *Hreint veltufé ... 15*
- *Varanlegir rekstrarfjármunir ... 15*
- *Langtímaskuldir ... 16*
- *Eigið fé ... 18*
- *Sjóðstreymi ... 18*
- *Lánsfjárjöfnuður ... 19*

**3 EFNAHAGUR RÍKISSJÓÐS ... 23**

HANDBÆRT FÉ ... 23
SKAMMTÍMAKRÖFUR ... 24
SKAMMTÍMASKULDIR ... 25
LANGTÍMAKRÖFUR ... 25
KRÖFUR VEGNA ENDURLÁNA ... 26
AÐRAR LANGTÍMAKRÖFUR EN ENDURLÁN ... 27
SKAMMTÍMAKRÖFUR OG KRÖFUR STOFNANA MEÐ AÐSKILINN EFNAHAG ... 28
AFSTEMMING LÁNAKERFIS OG FJÁRHAGSBÓKHALDS ... 28
AFSKRIFTIR LÁNA HJÁ RÍKISSJÓÐI ... 28
LANGTÍMASKULDIR ... 29
SPARISKÍRTEINI ... 30
RÍKISBRÉF OG RÍKISVÍXLAR ... 31
INNLENDAR SKULDIR ÁN ENDURLÁNA ... 32
LÍFEYRISSKULDBINDINGAR ... 33
- *Innborganir og viðbótariðgjöld ... 34*
- *Framtíðarþróun lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs ... 35*

ERLENDAR SKULDIR Í UMSJÁ SEÐLABANKA ÍSLANDS ... 36
- *Fjármagnskostnaður og staða erlendra skulda ... 36*
- *Gengismunur erlendra skulda ... 37*

**4 RÍKISSJÓÐSTEKJUR ... 39**

ALMENNT UM TEKJUR ... 39
FRAMKVÆMD ENDURSKOÐUNAR RÍKISTEKNA ... 40
EINSTAKIR TEKJULIÐIR ... 41
- *Fjármagnstekjuskattur ... 41*
- *Virðisaukaskattur ... 41*
- *Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda ... 43*
- *Bifeiðagjöld ... 43*
- *Arðgreiðslur ... 44*
- *Sala eigna ... 45*
- *Sala á fasteignum ... 45*
- *Sala á eignarhlutum í félögum ... 46*
- *Tryggingagjald ... 46*

EINSTÖK VIÐFANGSEFNI ... 47

*Innheimtar ríkissjóðstekjur utan A-hluta* ... *47*
*Tekjur endurgreiddar af fjármálaráðuneyti* ... *48*
AFSKRIFTIR OG NIÐURFÆRSLA ... 49
*Beinar afskriftir* ... *50*
*Niðurfærsla krafna* ... *51*
EFTIRSTÖÐVAR RÍKISSJÓÐSTEKNA ... 51
SÉRTEKJUR ... 53
LAGABREYTINGAR ... 54

**5 ENDURSKOÐUN A-HLUTA STOFNANA OG FJÁRLAGALIÐA ... 57**

*00-101 Embætti forseta Íslands* ... *59*
*02-211 Tækniskóli Íslands* ... *59*
*02-302 Menntaskólinn á Akureyri* ... *60*
*02-902 Þjóðminjasafn Íslands* ... *60*
*04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri* ... *61*
*07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík* ... *61*
*08-301 Landlæknir* ... *62*
*08-576 Heilsugæslustöðin Laugarási* ... *63*
*08-777 Heilbrigðisstofnanir á Austurlandi* ... *63*

**6 ENDURSKOÐUN FYRIRTÆKJA OG SJÓÐA Í B-, C-, D- OG E-HLUTA ... 65**

ENDURSKOÐUN B-HLUTA RÍKISREIKNINGS ... 65
ENDURSKOÐUN C-HLUTA RÍKISREIKNINGS ... 67
ENDURSKOÐUN D-HLUTA RÍKISREIKNINGS ... 69
ENDURSKOÐUN E-HLUTA RÍKISREIKNINGS ... 70

**7 INNRA EFTIRLIT, ÁÆTLANAGERÐ OG VERKEFNAVÍSAR ... 71**

INNRA EFTIRLIT ... 71
*Starfsumhverfi* ... *71*
*Eftirlitsaðgerðir* ... *72*
*Upplýsingar og samskipti* ... *73*
ÁÆTLANAGERÐ ... 73
VERKEFNAVÍSAR ... 74

**8 FJÁRHEIMILDIR ... 77**

EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD FJÁRLAGA ... 80
SAMANBURÐUR ÚTGJALDA VIÐ FJÁRHEIMILDIR ÁRIÐ 1999 ... 81

**9 EFTIRFYLGNI VEGNA FYRRI ENDURSKOÐANA ... 93**

*Málefni fatlaðra* ... *93*
*Tollstjórinn í Reykjavík, innheimtusvið* ... *94*

# Töflur

TAFLA 1 FJÖLDI ENDURSKOÐAÐRA STOFNANA OG FJÁRLAGALIÐA ..... 9
TAFLA 2 HÖFUÐSTÓLL RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1999 ..... 12
TAFLA 3 REKSTUR OG EFNAHAGUR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1995 - 1999 ..... 13
TAFLA 4 LANGTÍMAKRÖFUR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1995 - 1999 ..... 14
TAFLA 5 EIGNARHLUTAR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1995 - 1999 ..... 14
TAFLA 6 ÓINNHEIMTAR RÍKISTEKJUR 1995 - 1999 ..... 15
TAFLA 7 VELTUFJÁRMUNIR OG SKAMMTÍMASKULDIR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1995 - 1999 ..... 15
TAFLA 8 VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) ÁRIÐ 1999 ..... 16
TAFLA 9 LANGTÍMASKULDIR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1995 - 1999 ..... 16
TAFLA 10 LANGTÍMASKULDIR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) ÁN LÍFEYRISSKULDBINDINGA 1995 - 1999 ..... 17
TAFLA 11 LÍFEYRISSKULDBINDINGAR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1995 - 1999 ..... 17
TAFLA 12 EIGIÐ FÉ RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1995 - 1999 ..... 18
TAFLA 13 HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI 1995 - 1999 ..... 19
TAFLA 14 LÁNSFJÁRJÖFNUÐUR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1995 - 1999 ..... 19
TAFLA 15 REKSTRARREIKNINGUR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) ..... 20
TAFLA 16 EFNAHAGSREIKNINGUR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) ..... 21
TAFLA 17 SJÓÐSTREYMI RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) ..... 22
TAFLA 18 FJÁRHÆÐ ÓINNLEYSTRA TÉKKA 1996-1998 ..... 24
TAFLA 19 SKAMMTÍMAKRÖFUR RÍKISSJÓÐS ..... 24
TAFLA 20 SKAMMTÍMASKULDIR RÍKISSJÓÐS ..... 25
TAFLA 21 LANGTÍMAKRÖFUR RÍKISSJÓÐS, HEILDARYFIRLIT ..... 26
TAFLA 22 KRÖFUR VEGNA ENDURLÁNA RÍKISSJÓÐS ..... 26
TAFLA 23 LANGTÍMAKRÖFUR RÍKISSJÓÐS ÁN ENDURLÁNA ..... 27
TAFLA 24 SKIPTING AFSKRIFAREIKNINGS RÍKISSJÓÐS 1999 OG 1998 ..... 28
TAFLA 25 LANGTÍMASKULDIR RÍKISSJÓÐS 1999 OG 1998 ..... 30
TAFLA 26 LANGTÍMAFJÁRMÖGNUN RÍKISSJÓÐS 1999 OG 1998 ..... 30
TAFLA 27 SPARISKÍRTEINI RÍKISSJÓÐS ..... 31
TAFLA 28 SPARISKÍRTEINI RÍKISSJÓÐS: ÞRÓUN 1994 - 1999 ..... 31
TAFLA 29 RÍKISBRÉF OG RÍKISVÍXLAR Í BÓKHALDI VEGNA ENDURLÁNA RÍKISSJÓÐS 1999 OG 1998 ..... 32
TAFLA 30 INNLENDAR SKULDIR RÍKISSJÓÐS 1999 OG 1998 ..... 32
TAFLA 31 LÍFEYRISSKULDBINDINGAR RÍKISSJÓÐS 1999 OG 1998 ..... 33
TAFLA 32 LÍFEYRISSKULDBINDINGAR RÍKISSJÓÐS 1995-1999 ..... 33
TAFLA 33 SKIPTING LÍFEYRISSKULDBINDINGA MILLI LÍFEYRISSJÓÐA RÍKISSTARFSMANNA 1999 OG 1998 ..... 34
TAFLA 34 INNBORGANIR RÍKISSJÓÐS 1999 VEGNA LÍFEYRISSKULDBINDINGA ..... 35
TAFLA 35 FJÁRMAGNSGJÖLD VEGNA ERLENDRA SKULDA 1999 OG 1998 ..... 36
TAFLA 36 ERLENDAR SKULDIR MEÐ ÁFÖLLNUM FJÁRMAGNSKOSTNAÐI UM ÁRAMÓT 1999 OG 1998 ..... 37
TAFLA 37 GENGISMUNUR ERLENDRA SKULDA RÍKISSJÓÐS EFTIR MYNTUM 1999 OG 1998 ..... 37
TAFLA 38 FJÁRMAGNSTEKJUSKATTUR ..... 41
TAFLA 39 VIRÐISAUKASKATTUR ..... 42
TAFLA 40 ENDURGREIDDUR VIRÐISAUKASKATTUR ..... 42
TAFLA 41 TEKJUSKATTUR OG STAÐGREIÐSLA OPINBERRA GJALDA ..... 43
TAFLA 42 BIFREIÐAGJÖLD ..... 44
TAFLA 43 ARÐGREIÐSLUR ..... 45
TAFLA 44 SALA EIGNA ..... 45
TAFLA 45 SALA Á EIGNARHLUTUM Í FÉLÖGUM ..... 46
TAFLA 46 SALA Á HLUTABRÉFUM Í RÍKISBÖNKUM ..... 46
TAFLA 47 TRYGGINGAGJALD ..... 47
TAFLA 48 TEKJUR ENDURGREIDDAR AF FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI ..... 49
TAFLA 49 BEINAR AFSKRIFTIR ..... 50
TAFLA 50 NIÐURFÆRSLA KRAFNA ..... 51

TAFLA 51 EFTIRSTÖÐVAR RÍKISSJÓÐSTEKNA ..... 52
TAFLA 52 SÉRTEKJUR ..... 53
TAFLA 53 ENDURSKOÐAÐAR STOFNANIR OG FJÁRLAGALIÐIR Í A-HLUTA RÍKISREIKNINGS 1999 ..... 58
TAFLA 54 RÍKISFYRIRTÆKI Í B-HLUTA RÍKISREIKNINGS ..... 66
TAFLA 55 LÁNASTOFNANIR Í C-HLUTA RÍKISREIKNINGS ..... 68
TAFLA 56 FJÁRMÁLASTOFNANIR Í D-HLUTA RÍKISREIKNINGS ..... 69
TAFLA 57 HLUTAFÉLÖG OG SAMEIGNARFÉLÖG Í E-HLUTA RÍKISREIKNINGS ..... 70
TAFLA 58 SAMSETNING FJÁRHEIMILDA VEGNA GJALDA ÁRIÐ 1999 ..... 79
TAFLA 59 FJÁRHEIMILDIR OG ÚTKOMA ÁRIÐ 1999 ..... 83

# 1 Inngangur

Í áritun ríkisendurskoðanda á ríkisreikning fyrir árið 1999 er vísað til skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings sem hér liggur fyrir. Í skýrslunni er gerð grein fyrir endurskoðun reikningsins og settar fram athugasemdir og ábendingar Ríkisendurskoðunar.

Lög um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, kveða á um að fjárhagsendurskoðun skuli samkvæmt góðri endurskoðunarvenju á hverjum tíma einkum miða að eftirfarandi:

1. Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju.

2. Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

3. Að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við.

4. Að votta og kanna áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi.

Á undanförnum árum hafa ýmsar breytingar verið gerðar á framsetningu fjárhagsupplýsinga fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir í því skyni að reikningsskil ríkisins gefi sem réttasta mynd af umsvifum þess. Nefna má í því sambandi breytta flokkun ríkisaðila og breytta skilgreiningu á því hvað teljist vera tekjur ríkissjóðs. Þá eru ýmsir gjaldaliðir, svo sem afskriftir krafna, vaxtabætur og barnabætur, færðir upp sem slíkir en ekki dregnir frá tekjum. Þá hafa eignarhlutir ríkissjóðs í fyrirtækjum og stofnunum verið færðir til eignar í efnahagsreikningi ríkissjóðs. Loks má nefna að fjárlög eru núna sett fram á rekstrargrunni í stað greiðslugrunns þannig að samanburður við ríkisreiknings verður raunhæfur. Nú eru reikningsskil ríkissjóðs og ríkisstofnana því að flestu leyti samin með sambærilegum hætti og tíðkast almennt hjá fyrirtækjum. Helsta undantekningin er hvað varðar gjaldfærslu varanlegra rekstrarfjármuna og færslu verðbóta, gengismunar og hluta af hækkun lífeyrisskuldbindinga sem endurmats eigin fjár.

Í inngangi skýrslu um endurskoðun ríkisreikning fyrir árið 1998 benti Ríkisendurskoðun á að næsta stóra verkefni á sviði ríkisreikningsgerðar hljóti að

felast í gerð hálfsársuppgjörs fyrir ríkissjóð. Sífellt eru gerðar ríkari kröfur til fyrirtækja um upplýsingagjöf um rekstur og fjárhagsstöðu. Ekki síst hefur áherslan verið á að upplýsingar séu lagðar fram oftar og fyrr en áður tíðkaðist. Endurskoðuð reikningsskil eru nú oft lögð fram fljótlega eftir áramót og það verður æ algengara að lögð séu fram endurskoðuð milliuppgjör hálfsárslega eða jafnvel ársfjórðungslega. Það verður að teljast mjög bagalegt að ríkissjóður skuli ekki hafa náð að fylgja eftir þessari þróun heldur sé ríkisreikningur gefinn út hálfu ári eða síðar eftir lok reikningsársins. Til dæmis má nefna að framkvæmd fjárlaga og eftirlit með henni verður óhjákvæmilega ófullkomin liggi ekki fyrir upplýsingar innan hvers fjárlagaárs um raunverulega fjárhagsstöðu stofnana og fjárheimildir þeirra.

Í skýrslunni er vakin athygli á stöðugri aukningu á skuldum ríkissjóðs en þær námu samtals 393 ma.kr. í árslok 1999 og höfðu þá aukist um 11,7 ma.kr. á árinu. Þrátt fyrir að dregið hafi úr ýmsum lántökum ríkissjóðs og afborganir af eldri skuldum séu umtalsverðar, þá hefur það ekki nægt til að vega upp á móti gríðarlegri hækkun lífeyrisskuldbindinga sem ríkissjóður er ábyrgur fyrir. Í árslok 1999 námu lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs 145 ma.kr. og höfðu hækkað um rúma 50 ma.kr. frá 1997 eða um 53% á aðeins tveimur árum. Skýringu á þeirri hækkun má helst rekja til kjarasamninga sem ríkið gerði við ýmis stéttarfélög ríkisstarfsmanna á árunum 1997 og 1998, en auk launahækkana höfðu þeir í för með sér verulega aukin lífeyrisréttindi til handa bæði núverandi og fyrrverandi starfsmönnum ríkisins.

Ríkisendurskoðandi gerir fyrirvara um réttmæti fjárheimilda í áritun sinni á ríkisreikning fyrir árið 1999. Að mati Ríkisendurskoðunar endurspegla þær fjárheimildir sem tilgreindar eru í reikningnum ekki þær heimildir til útgjalda sem Alþingi hefur samþykkt eða sem heimilar eru skv. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkissjóðs. Munar þar mestu um að tilgreindar eru sem heimildir tillögur um breytingar á fjárheimildum sem Alþingi á ennþá eftir að fjalla um og samþykkja í lokafjárlögum.

Í þessari skýrslu er birtur samanburður á útgjöldum stofnana og fjárlagaliða við þær fjárheimildir sem í gildi voru á árinu 1999. Ljóst er að margar stofnanir hafa ekki virt fjárheimildir sínar. Enn má finna dæmi um stofnanir sem árum saman hafa komist upp með að virða ekki fjárheimildir. Að mati Ríkisendurskoðun er brýnt að tekið sé á þessu vandamáli. Minnt skal á ábyrgð forstöðumanna og stjórna í þessu sambandi skv. 49. gr. fyrrnefndra laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það er að sjálfsögðu Alþingis að ákveða hvort stofnanir skuli veita meiri og dýrari þjónustu en núverandi fjárheimildir þeirra gera ráð fyrir. Það getur með engum hætti talist eðlileg fjármálastjórn né í samræmi við gildandi lög að samþykkja ár eftir ár viðbótarfjárheimildir til umræddra stofnana löngu eftir að þær hafa stofnað til heimildarlausra útgjalda.

Endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1999 var að mestu hagað með sama hætti og í fyrra. Áfram var haldið að kanna sérstaklega innra eftirlit stofnana með fjárreiðum og bókhaldi til að sannreyna að skipulag og starfsferlar tryggi öryggi í skráningu fjárhagsupplýsinga og eignavörslu, og að reglum sé fylgt og hagkvæmni gætt við meðferð fjármuna. Þá var lögð sérstök áhersla á að kanna áætlanagerð stofnana og notkun verkefnavísa.

Hægt er að skipta endurskoðun ríkisreiknings í nokkra hluta. Þannig felst endurskoðun á A-hluta ríkisreiknings í stórum dráttum í staðfestingum og afstemmingum á eigna- og skuldaliðum sem tilgreindir eru í efnahagsreikningi ríkissjóðs. Skatttekjur og aðrar tekjur sem tilgreindar eru í rekstrarreikningi ríkissjóðs eru stemmdar af við bókhaldskerfið og skilagreinar frá innheimtumönnum ríkissjóðs. Afskriftir skattkrafna eru athugaðar sérstaklega. Þá felst endurskoðun á A-hluta í athugun á bókhaldi og fjárreiðum þeirra stofnana sem teljast til þessa hluta ríkisreiknings og beinist hún að gjaldaliðum, sértekjum og eignaskráningu. Sumar stofnanir eru endurskoðaðar árlega en aðrar á tveggja, þriggja eða ennþá lengra árabili eftir því hve mikil áhætta er talin felast á mistökum og misferli.

Það hefur verið markmið Ríkisendurskoðunar að allar stofnanir og fjárlagaliðir séu endurskoðaðir ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti, en ljóst er að það markmið hefur ennþá ekki náðst. Endurskoðun sem framkvæmd er hjá stofnun getur einnig verið misjafnlega ítarleg. Þannig er í sumum tilvikum staðfest að ársreikningur gefi rétta mynd af rekstri og efnahag, en í öðrum fer jafnframt fram yfirgripsmikil skoðun á innra eftirliti, færslu bókhalds og meðferð fjármuna.

Nefna má að það hefur færst í vöxt að stofnanir í A-hluta ríkisreiknings gefi út ársreikninga sína með áritun um endurskoðun. Ársreikningar vegna ársins 1999 sem áritaðir voru af Ríkisendurskoðun eða löggiltum endurskoðendum í umboði hennar voru 174 talsins sem er umtalsverð fjölgun frá því sem verið hefur. Tilhögun endurskoðunar hjá B-, C-, D- og E-hluta stofnunum og fyrirtækjum er lýst á öðrum stað í þessari skýrslu.

**Tafla 1 Fjöldi endurskoðaðra stofnana og fjárlagaliða**

| | Endurskoðað af Ríkisendurskoðun | Endurskoðað af öðrum | Endurskoðað samtals | Ársreikningar |
|---|---|---|---|---|
| 1999 | 158 | 83 | 241 | 174 |
| 1998 | 148 | 85 | 233 | 129 |
| 1997 | 146 | 96 | 242 | 109 |

Efnistök í skýrslunni eru með þeim hætti að á eftir þessum inngangi er fyrst fjallað um afkomu ríkissjóðs og fjárhagsstöðu. Er í því efni horft til síðustu fimm ára og gerð grein fyrir þróun helstu stærða ríkisreiknings á því tímabili.

Þar á eftir eru kaflar um endurskoðun á efnahag ríkissjóðs, tekjum ríkissjóðs og einstökum A-hluta stofnunum og fjárlagaliðum. Endurskoðun stofnana og fyrirtækja í B-, C-, D- og E-hluta ríkisreiknings er því næst gerð að umfjöllunarefni. Þessu næst er fjallað um innra eftirlit, áætlanagerð og verkefnavísa, en athugun á þeim þáttum var gerð að áhersluatriðum við endurskoðun vegna ársins 1999. Loks eru kaflar um fjárheimildir og eftirfylgni vegna fyrri endurskoðana.

# 2 Afkoma og fjárhagsstaða ríkissjóðs

Óhætt er að fullyrða að afkoma ríkissjóðs hafi verið mjög góð á árinu 1999. Ríkissjóður var rekinn með 23,6 ma.kr. tekjuafgangi sem eru mikil umskipti frá árinu á undan en þá nam tekjuhallinn 8,8 ma.kr. Þá var afkoma ársins mun betri en ráð var fyrir gert í fjárlögum, en í þeim var tekjuafgangur áætlaður 2,4 ma.kr. Tekjuafgangur ríkissjóðs á árinu 1999 nam 10,6% af tekjum ársins, en til samanburðar nam hallinn árið á undan 4,9% af tekjum þess árs. Tekjur ríkissjóðs hækkuðu á milli áranna 1998 og 1999 um 41,8 ma.kr. eða um 23,1%. Útgjaldabreyting á milli sömu ára var hins vegar um 9,4 ma.kr. eða 4,9%.

Við samanburð afkomu ríkissjóðs milli ára er rétt að hafa í huga eftirtalin atriði:

- Í fyrsta lagi seldi ríkissjóður mikið af eignum á árinu 1999 og vegur þar þyngst sala hlutabréfa í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Alls skilaði sala eigna 11,1 ma.kr. í ríkissjóð á því ári, samanborið við 2,5 ma.kr. árið á undan.
- Í öðru lagi voru 4,9 ma.kr. tekjufærðir á árinu 1999 vegna endurmats á virði Landsíma Íslands hf.
- Í þriðja lagi nam gjaldfærsla vegna aukinna lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs 12,9 ma.kr. á árinu 1999, en samsvarandi gjaldfærsla var 22,0 ma.kr. árið 1998.

Áhrifin af þessu þrennu nema samtals um 23 ma.kr. og skýra um tvo þriðju afkomubatans. Þrátt fyrir þetta er ljóst að ríkissjóður hefur notið góðs af þeim hagvexti sem verið hefur í landinu síðustu ár. Skattstofnar ríkissjóðs hafa gefið meira af sér í samræmi við meiri veltu í efnahagslífinu og auknar tekjur fyrirtækja og einstaklinga. Þrátt fyrir að kostnaður ríkissjóðs hafi aukist svo sem vegna launahækkana hefur aðhaldssöm útgjaldastefna stjórnvalda skilað árangri við að halda aftur að vexti ríkisútgjalda.

Það hlýtur hins vegar að vera nokkuð áhyggjuefni að á sama tíma og afkoma ríkissjóðs hefur aldrei verið betri, halda skuldir ríkissjóðs áfram að vaxa. Heildarskuldir ríkissjóðs námu þannig tæpum 393 ma.kr. í árslok 1999 og höfðu hækkað um 11,7 ma.kr. frá árinu á undan. Hækkun skulda stafar fyrst og fremst af aukningu lífeyrisskuldbindinga sem ríkissjóður ábyrgist. Að vísu hafa stjórnvöld notað það svigrúm sem betri afkoma ríkissjós hefur skapað til að greiðar niður skuldir í stað þess að auka útgjöldin í takt við auknar tekjur, en það hefur samt sem áður ekki nægt til að vega upp á móti gríðarlegri hækkun

lífeyrisskuldbindinga á undanförnum árum. Nánar er fjallað um þróun og horfur vegna lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs á öðrum stað í skýrslunni.

Bókfærður höfuðstóll (eigið fé) í ríkisreikningi sýnir mismun á annars vegar peningalegum eignum og eignarhlutum ríkissjóðs í ríkisfyrirtækjum og hlutafélögum, og hins vegar skuldum ríkissjóðs. Segja má að neikvæður höfuðstóll jafngildi ráðstöfun á framtíðartekjum ríkissjóðs. Í árslok 1999 var höfuðstóll ríkissjóðs neikvæður um 172 ma.kr. og hafði lækkað um tæpa 25 ma.kr. frá árinu 1998. Batinn skýrist af góðri rekstrarafkomu á árinu 1999.

Endurmat á efnahagsreikningi ríkissjóðs er fært beint á höfuðstól en ekki í rekstrarreikning eins og tíðkast í reikningsskilum fyrirtækja. Endurmatsbreytingar sem ekki koma fram í rekstrarreikningi geta þannig haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu ríkissjóðs á hverjum tíma.

Breyting á höfuðstól frá ári til árs gefur lesendum ríkisreiknings all góða mynd af þróun fjárhagsstöðu ríkissjóðs frá einu uppgjörstímabili til annars. Höfuðstóll ríkissjóðs breyttist þannig á árinu 1999:

**Tafla 2 Höfuðstóll ríkissjóðs (A-hluta) 1999**

| Í m.kr. | | |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | | (196.420) |
| Endurmat: | | |
| Veltufjármunir | 1.292 | |
| Langtímakröfur | 3.166 | |
| Langtímaskuldir | (11.597) [1] | |
| Endurmat v/peningalegra liða, nettó | (7.139) | |
| Endurmat hlutabréfa og stofnfé | 8.320 [2] | |
| Breyting v. endurmats efnahagsliða | | 1.181 |
| Tekjujöfnuður | | 23.630 |
| Staða í árslok | | (171.609) |

1) Þar af 9,6 ma.kr. vegna lífeyrisskuldbindinga
2) Þar af 4,8 ma.kr. vegna Íbúðalánasjóðs

Eins og fram kemur hér að ofan bætir endurmat veltufjármuna og langtímakrafna peningalegu stöðuna um 4,5 ma.kr. en á móti kemur endurmat langtímaskulda sem eykur skuldastöðuna um 11,6 ma.kr. Þannig hafði endurmat peningalegra eigna og skulda í för með sér lækkun á peningalegri stöðu ríkissjóðs um 7,1 ma.kr. Á móti þessu kemur svo endurmat á eignahluta ríkissjóðs í ríkisfyrirtækjum og hlutabréfaeignum til hækkunar að fjárhæð 8,3 ma.kr. Endurmat efnahagsliða olli þannig 1,2 ma.kr. lækkun á höfuðstól ríkissjóðs á árinu 1999.

# Þróun ríkisfjármála frá 1995

Í þeim töflum sem á eftir koma er sýnd þróun ýmissa stærða úr ríkisreikningi síðustu fimm árin. Í því sambandi ber að hafa hugfast að reikningsskilaðferðum sem notaðar eru við gerð ríkisreiknings var breytt frá og með árinu 1998 í kjölfar nýrra laga um fjárreiður ríkissjóðs. Hafði það m.a. þau áhrif að ýmsir liðir hækkuðu bæði tekna- og gjaldamegin í rekstrarreikningi, auk þess sem bókfært verðmæti eignahluta ríkissjóðs í stofnunum og fyrirtækum utan hans hækkaði. Breytingar þessar höfðu hins vegar ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Bókfærðar tekjur ríkissjóðs hækkuðu um 95% og gjöld um 54% á síðustu fimm árum. Bókfærðar eignir ríkissjóðs hafa á sama tíma hækkað um 108% en skuldir hins vegar aðeins um 19%. Í skýrslu um endurskoðun ríkisreikning fyrir árið 1998 er lýst nánar þeim áhrifum sem breyttar reikningsskilaaðferðir höfðu á niðurstöðutölur ríkisreiknings fyrir það ár.

**Tafla 3 Rekstur og efnahagur ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 1999**

| *Í m.kr.* | *Tekjur* | *Gjöld* | *Tekjuafgangur (tekjuhalli)* | *Eignir* | *Skuldir* | *Eigið fé* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1999 | 222.633 | 199.002 | 23.631 | 221.048 | 392.657 | (171.609) |
| 1998 | 180.846 | 189.636 | (8.789) | 184.502 | 380.921 | (196.420) |
| 1997 | 144.828 | 134.586 | 10.242 | 136.007 | 367.400 | (231.394) |
| 1996 | 128.281 | 136.978 | (8.697) | 115.057 | 353.723 | (238.666) |
| 1995 | 114.190 | 129.356 | (15.166) | 106.504 | 330.776 | (224.272) |

Efnahagsreikningur ríkissjóðs sýnir stöðu veltufjármuna, langtímakrafna og eignarhluta í fyrirtækjum sem ríkið á hlut í. Varanlegir rekstrarfjármunir, t.d. fasteignir, bifreiðar, áhöld og tæki, eru hins vegar ekki eignfærðir í reikningsskil ríkissjóðs, heldur er kaupverð þeirra að fullu fært til gjalda á því ári sem þeirra er aflað. Í árslok 1999 nam verðmæti allra bókfærðra eigna ríkissjóðs sem færðar eru í efnahagsreikningi 221 ma.kr. Efnahagsreikningurinn sýnir ennfremur stöðu allra skulda sem ríkissjóður hefur stofnað til, en þær námu í árslok 1999 samtals 393 ma.kr. Mismunur eigna og skulda svarar til bókfærðs eigin fjár (höfuðstóls) ríkissjóðs og var það þannig neikvætt um 172 ma.kr. í árslok 1999. Ástæða þess að neikvæð staða eigin fjár lækkaði umtalsvert á árinu 1998 skýrist af eignum að verðmæti 51 ma.kr. sem voru færðar upp í efnahagsreikning ríkissjóðs í byrjun þess árs. Hins vegar hefur góð afkoma ríkissjóðs á árinu 1999 orðið til þess að neikvæð staða eigin fjár lækkaði enn frekar á því ári.

## Langtímakröfur

Á eignahlið efnahagsreikningsins eru það langtímakröfur, eignarhlutir í fyrirtækjum og óinnheimtar ríkistekjur sem vega þyngst. Langtímakröfur ríkissjóðs námu 69,3 ma.kr. í árslok 1999. Einkum er hér um að ræða lán til ýmissa ríkisfyrirtækja og lánastofnana í B- og C-hluta ríkisreiknings, t.d. vegna flugstöðvar

á Keflavíkurflugvelli, Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Íbúðalánasjóðs og Byggðastofnunar. Frá 1996 hafa nýjar lántökur og afborganir sem innheimtast af eldri lánum nokkurn veginn haldist í hendur.

**Tafla 4 Langtímakröfur ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 1999**

| *Í m.kr.* | *Ný lán* | *Afborganir* | *Endurmat* | *Staða í árslok* |
|---|---|---|---|---|
| 1999 | 10.375 | (8.823) | 3.056 | 69.347 |
| 1998 | 7.809 | (10.209) | 1.860 | 64.738 |
| 1997 | 9.012 | (8.841) | 1.446 | 65.278 |
| 1996 | 12.865 | (14.168) | 902 | 63.661 |
| 1995 | 17.326 | (8.608) | (38) | 64.063 |

## Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum

Bókfært verðmæti eignarhluta ríkissjóðs í fyrirtækjum og stofnunum nam 68,4 ma.kr. í árslok 1999. Stærstu eignahlutar voru í Seðlabanka Íslands en hann var bókfærður á 14,2 ma.kr., í Landsvirkjun á tæpa 13,0 ma.kr., í Landssíma Íslands hf. á 7,6 ma.kr., í Íbúðalánasjóði á 5,5 ma.kr., Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins á 5,2 ma.kr., Landsbanka Íslands hf. á 5,0 ma.kr. og Búnaðarbanka Íslands hf. á 3,2 ma.kr. Þess skal getið að eignarhlutar ríkissjóðs í fyrirtækjum og stofnunum voru almennt ekki færðir til eignar í ríkisreikning fyrr en á árinu 1998.

**Tafla 5 Eignarhlutar ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 1999**

| *Í m.kr.* | *Kaup* | *Sala* | *Hagnaður (tap)* | *Endurmat og niðurfærsla* | *Staða í árslok* |
|---|---|---|---|---|---|
| 1999 | 165 | (6.430) | | 8.318 | 68.393 |
| 1998 | 3.641 | (7.733) | 2.071 | 37.536 | 66.340 |
| 1997 | 18.221 | (2.250) | 56 | (479) | 30.825 |
| 1996 | 7.898 | (128) | 12 | 13 | 15.276 |
| 1995 | 309 | (154) | | (67) | 7.481 |

## Óinnheimtar ríkistekjur

Óinnheimtar ríkistekjur námu 46,5 ma.kr. í árslok 1999. Fram til ársins 1998 voru afskrifaðar kröfur dregnar frá bókfærðum tekjum ársins, en hafa verið færðar til gjalda í ríkisreikningi frá og með 1998. Í töflunni að neðan hafa tekjutölur fyrir 1995 - 1997 verið leiðréttar með tilliti til þessa.

**Tafla 6 Óinnheimtar ríkistekjur 1995 - 1999**

| *Í m.kr.* | *Tekjur ársins* | *Innheimtar tekjur* | *Afskriftir og efnahagsfærslur* | *Staða í árslok* |
|---|---|---|---|---|
| 1999 | 206.555 | (190.064) | (4.542) | 46.544 |
| 1998 | 176.801 | (163.582) | (4.758) | 34.595 |
| 1997 | 139.812 | (132.514) | (4.531) | 26.137 |
| 1996 | 132.096 | (128.154) | (3.909) | 23.370 |
| 1995 | 120.082 | (114.514) | (5.892) | 23.337 |

## Hreint veltufé

Hreint veltufé eru veltufjármunir að frádregnum skammtímaskuldum. Hreint veltufé ríkissjóðs nam 27,1 ma.kr. í árslok 1999. Greiðslustaða ríkissjóðs hefur batnað eins og veltufjárhlutfallið sýnir.

**Tafla 7 Veltufjármunir og skammtímaskuldir ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 1999**

| *Í m.kr.* | *Veltufjármunir* | *Skammtímaskuldir* | *Hreint veltufé* | *Veltufjárhlutfall* |
|---|---|---|---|---|
| 1999 | 81.815 | 54.722 | 27.093 | 1,5 |
| 1998 | 60.599 | 58.052 | 2.547 | 1,0 |
| 1997 | 46.041 | 61.388 | (15.347) | 0,8 |
| 1996 | 43.970 | 57.504 | (13.534) | 0,8 |
| 1995 | 41.640 | 55.834 | (14.194) | 0,7 |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Eins og áður segir hafa varanlegri rekstrarfjármunir ekki verið færðir til eignar í efnahagsreikningi ríkissjóðs. Hins vegar hefur um nokkurra ára skeið verið unnið að því að taka saman heildstæða eignaskrá yfir varanlega rekstrarfjármuni ríkisins og birta upplýsingar úr henni í séryfirliti með ríkisreikningi. Í ríkisreikningi fyrir árið 1999 kemur fram að bókfært verðmæti eigna sem skráðar eru í eignaskrá hafi numið 11,5 ma.kr. Sundurliðun er sýnd í neðangreindri töflu, en tekið skal fram að heildstæðar upplýsingar um verðmæti fasteiga í eigu ríkissjóðs liggja ekki fyrir. Ætla má að verðmæti fasteigna ríkissjóðs hlaupi á milljarðatugum. Sundurliðun eignaflokka má finna í séryfirliti 3 sem fylgir ríkisreikningi.

**Tafla 8 Varanlegir rekstrarfjármunir ríkissjóðs (A-hluta) árið 1999**

| *Í m.kr.* | *Kaup ársins* | *Endurmat ársins* | *Afskriftir ársins* | *Verðmæti í árslok* |
|---|---|---|---|---|
| Hús- og skrifstofubúnaður | 628 | 6 | (391) | 1.506 |
| Áhöld og tæki | 221 | 49 | (131) | 764 |
| Lækninga- og rannsóknatæki | 2.357 | 104 | (648) | 3.483 |
| Skip og flugvélar | 151 | 260 | (306) | 3.914 |
| Bifreiðar | 184 | 32 | (117) | 940 |
| Vinnuvélar og tæki | 97 | 74 | (84) | 551 |
| Aðrar eignir | 19 | 6 | 0 | 313 |
| | 3.658 | 531 | (1.678) | 11.472 |

## Langtímaskuldir

Langtímaskuldir ríkissjóðs fara stöðugt hækkandi, sérstaklega vegna mikillar aukningar lífeyrisskuldbindinga eins og áður er komið fram. Langtímaskuldir ríkissjóðs námu þannig 340 ma.kr. í árslok 1999. Taflan að neðan sýnir þróun langtímaskulda frá árinu 1995, en þær hafa hækkað um 62 ma.kr. frá þeim tíma.

**Tafla 9 Langtímaskuldir ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 1999**

| *Í m.kr.* | *Ný lán* | *Afborganir* | *Endurmat* | *Staða í árslok* |
|---|---|---|---|---|
| 1999 | 40.117 | (40.870) | 11.597 | 340.131 |
| 1998 | 47.138 | (40.003) | 13.812 | 329.287 |
| 1997 | 28.679 | (24.363) | 4.533 | 308.336 |
| 1996 | 57.881 | (43.733) | 7.359 | 299.489 |
| 1995 | 33.695 | (15.395) | 13.877 | 277.981 |

Taflan að neðan sýnir þróun annarra landtímaskulda ríkissjóðs en lífeyrisskuldbindinga á undanförnum árum. Þær námu samtals 194,9 ma.kr. í árslok 1999, en síðustu tvö árin hafa þessar skuldir verið greiddar nokkuð niður. Hlutfall innlendra skulda hækkaði úr um 35% árið 1995 í um 39% árið 1999, en hlutfall erlendra skulda lækkað að sama skapi úr um 65% árið 1995 í um 61% árið 1999.

**Tafla 10 Langtímaskuldir ríkissjóðs (A-hluta) án lífeyrisskuldbindinga 1995 - 1999**

| *Í m.kr.* | *Ný lán* | *Afborganir* | *Endurmat* | *Staða í árslok* |
|---|---|---|---|---|
| 1999 | 27.244 | (38.454) | 1.998 | 194.930 |
| 1998 | 25.140 | (37.538) | 3.122 | 204.142 |
| 1997 | 24.683 | (23.443) | 3.084 | 213.418 |
| 1996 | 54.278 | (42.795) | 1.029 | 209.095 |
| 1995 | 30.022 | (14.676) | (508) | 196.582 |

Taflan að neðan sýnir breytingar sem orðið hafa á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs á hverju ári frá 1995 og stöðu þeirra í lok árs. Gríðarleg hækkun varð á lífeyrisskuldbindingum á árinu 1998, aðallega vegna breytinga á launakerfi ríkisins sem fólu í sér að fastar aukagreiðslur af ýmsu tagi voru felldar inn í föst mánaðarlaun. Reglur um lífeyrisgreiðslur meirihluta ríkisstarfsmanna kveða á um að lífeyrir skuli reiknast sem ákveðið hlutfall fastra launa eftirmanns og því hafði þessi breyting víðtækar afleiðingar á skuldastöðu ríkissjóðs þar sem lífeyrisskuldbindingar hækkuðu um 30,2 ma.kr. á milli ára eða nærfellt 32%. Til samanburðar má geta þess að launagjöld ríkisins hækkuðu á sama tíma um 9,4 ma.kr. sem svarar til 23,2% hækkunar frá árinu áður. Breytingar á kjarasamningum ríkisstarfsmanna fólu því í sér nálægt 40 ma.kr. áhrif á ríkisfjármálin á árinu 1998.

**Tafla 11 Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 1999**

| *Í m.kr.* | *Nýjar á árinu* | *Greitt* | *Endurmat* | *Staða í árslok* |
|---|---|---|---|---|
| 1999 | 12.873 | (2.416) | 9.599 | 145.201 |
| 1998 | 21.998 | (2.465) | 10.690 | 125.145 |
| 1997 | 3.996 | (920) | 1.449 | 94.918 |
| 1996 | 3.603 | (938) | 6.330 | 90.394 |
| 1995 | 3.673 | (719) | 14.385 | 81.399 |

## Eigið fé

Í töflunni að neðan er sýnd þróun bókfærðs eigin fjár (höfuðstóls) ríkissjóðs undanfarin fimm ár. Áður hefur komið fram að neikvæð staða eigin fjár lækkaði árið 1998 vegna endurmats eignarhluta í fyrirtækjum.

**Tafla 12 Eigið fé ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 1999**

| *Í m.kr.* | *Endurmat* | *Tekjujöfnuður* | *Staða í árslok* |
|---|---|---|---|
| 1999 | 1.180 | 23.631 | (171.608) |
| 1998 | 43.764 | (8.789) | (196.419) |
| 1997 | (2.971) | 10.242 | (231.394) |
| 1996 | (5.696) | (8.697) | (238.665) |
| 1995 | (13.788) | (15.166) | (224.272) |

## Sjóðstreymi

Eins og almennt tíðkast við gerð reikningsskila er ríkissjóður gerður upp á rekstargrunni, en í því felst að allar tekjur sem falla til á árinu og öll gjöld sem stofnað var til á árinu færast í rekstrarreikning óháð því hvort tekjur séu óinnheimtar og gjöld ógreidd í árslok. Yfirliti um sjóðstreymi sem er hluti ríkisreikningsins er m.a. ætlað að veita upplýsingar um greiðsluhreyfingar ársins. Sjóðstreymið sýnir handbært fé frá rekstri, en það eru þeir fjármunir sem rekstur ríkissjóðs á árinu skilar eftir að tekið hefur verið tillit til reiknaðra rekstrarliða sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi og breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum. Handbært fé frá rekstri svarar þannig til þess sem kalla má greiðsluafkomu ríkissjóðs. Á árinu 1999 skilað rekstur ríkissjóðs 17,0 ma.kr. í handbæru fé. Árið 1998 nam handbært fé frá rekstri hins vegar 11,7 ma.kr. Talsverður munur er ævinlega á tekjuafgangi og handbæru fé frá rekstri ekki síst vegna mikilla gjaldfærðra lífeyrisskuldbindinga, en sú gjaldfærsla hefur ekki áhrif á það handbæra fé sem rekstur ársins skilar.

**Tafla 13 Handbært fé frá rekstri 1995 - 1999**

| *Í m.kr.* | *Tekjuafgangur (tekjuhalli)* | *Handbært fé frá rekstri* |
|---|---:|---:|
| 1999 | 23.631 | 17.015 |
| 1998 | (8.789) | 11.657 |
| 1997 | 10.242 | 1.630 |
| 1996 | (8.697) | (10.628) |
| 1995 | (15.166) | (5.172) |

Á árabilunum 1995 - 1997 var ekki gert sjóðstreymi fyrir A-hluta ríkissjóðs og er því hér um að ræða að hluta til áætlaðar fjárhæðir fyrir þau ár.

## Lánsfjárjöfnuður

Í umfjöllun um ríkisfjármál ber hugtökin lánsfjárjöfnuð, lánsfjárþörf og lánsfjárafgang jafnan á góma. Lánsfjárjöfnuður getur bæði verið jákvæður og neikvæður. Lánsfjárþörf er neikvæður lánsfjárjöfnuður og er notuð til að lýsa þörf ríkissjóðs fyrir lánsfé til að fjármagna greiðsluhalla, nýjar lánveitingar umfram innheimtar afborganir, greiðslu afborgana af skuldum og breytingu á handbæru fé. Lánsfjárafgangur er hins vegar jákvæður lánsfjárjöfnuður og er mælikvarði á hversu mikið fé ríkissjóður hefur til ráðstöfunar til að greiða niður skuldir á árinu.

Rétt er að fram komi að lánsfjárjöfnuður byggir á greiðsluhreyfingum þannig að einungis lánahreyfingar sem hafa áhrif á sjóðstöðu ríkissjóðs eru teknar með. Hækkun reiknaðra skuldaliða eins og lífeyrisskuldbindinga hefur ekki áhrif á lánsfjárjöfnuðinn.

**Tafla 14 Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 1999**

| *Í m.kr.* | *Lántökur* | *Afborganir* | *Lántökur umfram afborganir* | *Lækkun (hækkun) á handbæru fé* | *Lánsfjárþörf (lánsfjár-afgangur)* |
|---|---:|---:|---:|---:|---:|
| 1999 | 61.613 | (78.250) | (16.637) | (2.482) | (19.119) |
| 1998 | 71.021 | (80.531) | (9.510) | (7.316) | (16.826) |
| 1997 | 89.943 | (92.592) | (2.649) | (176) | (2.825) |
| 1996 | 121.302 | (110.229) | 11.073 | 888 | 11.961 |
| 1995 | 78.549 | (61.572) | 16.977 | 1.482 | 18.459 |

## Tafla 15 Rekstrarreikningur ríkissjóðs (A-hluta)

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | | |
| Skatttekjur: | | | | |
| Skattar á tekjur einstaklinga | 37.987 | 32.302 | 5.685 | 17,6 |
| Skattar á tekjur lögaðila | 9.126 | 7.155 | 1.971 | 27,5 |
| Aðrir skattar á tekjur | 5.930 | 3.287 | 2.643 | 80,4 |
| Tryggingagjöld | 17.787 | 16.088 | 1.699 | 10,6 |
| Eignarskattar | 8.450 | 7.788 | 662 | 8,5 |
| Virðisaukaskattur | 70.020 | 59.282 | 10.738 | 18,1 |
| Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar | 30.804 | 28.425 | 2.379 | 8,4 |
| Aðrir skattar á vöru og þjónustu | 7.209 | 6.555 | 654 | 10,0 |
| Aðrir skattar | 483 | 336 | 147 | 43,8 |
| Skatttekjur samtals | 187.796 | 161.220 | 26.578 | 16,5 |
| Rekstrartekjur: | | | | |
| Arðgreiðslur | 2.733 | 2.331 | 402 | 17,2 |
| Vextir og aðrar eignatekjur | 9.269 | 8.456 | 813 | 9,6 |
| Neyslu- og leyfisgjöld | 4.873 | 4.277 | 596 | 13,9 |
| Sektir | 589 | 517 | 72 | 13,9 |
| Rekstrartekjur samtals | 17.465 | 15.581 | 1.883 | 12,1 |
| Sala eigna | 11.140 | 2.471 | 8.669 | 350,8 |
| Fjármagnstilfærslur | 0 | 340 | (340) | (100,0) |
| Fjárframlög | 1.294 | 1.235 | 59 | 4,8 |
| Endurmat á virði ríkisfyrirtækja | 4.938 | 0 | 4.938 | |
| Tekjur samtals | 222.633 | 180.847 | 41.786 | 23,1 |
| **Gjöld** | | | | |
| Æðsta stjórn ríkisins | 1.876 | 1.475 | 401 | 27,2 |
| Forsætisráðuneyti | 1.689 | 1.133 | 556 | 49,1 |
| Menntamálaráðuneyti | 21.368 | 19.801 | 1.567 | 7,9 |
| Utanríkisráðuneyti | 3.635 | 3.295 | 340 | 10,3 |
| Landbúnaðarráðuneyti | 9.346 | 8.751 | 595 | 6,8 |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 2.505 | 2.317 | 188 | 8,1 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 10.797 | 9.503 | 1.294 | 13,6 |
| Félagsmálaráðuneyti | 11.483 | 10.513 | 970 | 9,2 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálar. | 72.621 | 62.407 | 10.214 | 16,4 |
| Fjármálaráðuneyti | 30.431 | 38.890 | (8.459) | (21,8) |
| Samgönguráðuneyti | 11.908 | 10.151 | 1.757 | 17,3 |
| Iðnaðarráðuneyti | 1.853 | 1.524 | 329 | 21,6 |
| Viðskiptaráðuneyti | 1.278 | 1.136 | 142 | 12,5 |
| Hagstofa Íslands | 330 | 288 | 42 | 14,6 |
| Umhverfisráðuneyti | 2.550 | 2.488 | 62 | 2,5 |
| Fjármagnskostnaður | 15.332 | 15.964 | (632) | (4,0) |
| Gjöld samtals | 199.002 | 189.636 | 9.366 | 4,9 |
| Tekjuafgangur (tekjuhalli) | 23.631 | (8.789) | 32.420 | (368,9) |

## Tafla 16 Efnahagsreikningur ríkissjóðs (A-hluta)

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | |
| Langtímakröfur og áhættufjármunir: | | | | |
| Veitt löng lán | 69.347 | 64.739 | 4.608 | 7,1 |
| Næsta árs afborganir fluttar á skammtímakröfur | (7.316) | (7.176) | (140) | 2,0 |
| Fyrirfram greitt upp í langtímakostnað | 7.863 | 0 | 7.863 | |
| Hlutabréf og stofnfjárframlög | 68.393 | 66.340 | 2.053 | 3,1 |
| Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals | 138.288 | 123.903 | 4.468 | 3,6 |
| Veltufjármunir: | | | | |
| Vöru- og efnisbirgðir | 791 | 638 | 153 | 24,0 |
| Óinnheimtar ríkistekjur | 46.551 | 34.595 | 11.956 | 34,6 |
| Skammtímakröfur, aðrar | 11.804 | 5.146 | 6.658 | 129,4 |
| Næsta árs afborganir af veittum löngum lánum | 7.316 | 7.176 | 140 | 2,0 |
| Handbært fé, nettó | 15.354 | 13.044 | 2.310 | 17,7 |
| Veltufjármunir samtals | 81.815 | 60.599 | 21.217 | 35,0 |
| Eignir samtals | 220.103 | 184.502 | 25.685 | 13,9 |
| **Skuldir og höfuðstóll** | | | | |
| Höfuðstóll: | | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | (196.420) | (231.394) | 34.974 | (15,1) |
| Endurmat | 1.180 | 43.764 | (42.584) | (97,3) |
| Tekjujöfnuður | 23.631 | (8.789) | 32.420 | (368,9) |
| Höfuðstóll í árslok | (171.609) | (196.420) | 24.809 | (12,6) |
| Lífeyrisskuldbindingar | 145.201 | 125.145 | 20.056 | 16,0 |
| Langtímaskuldir: | | | | |
| Áfallnir ógjaldfallnir vextir | 20.884 | 18.071 | 2.813 | 15,6 |
| Tekin löng innlend lán | 76.794 | 86.825 | (10.031) | (11,6) |
| Tekin löng erlend lán | 118.136 | 117.318 | 818 | 0,7 |
| Næsta árs afborganir fluttar á skammtímaskuldir | (24.026) | (24.489) | 463 | (1,9) |
| Langtímaskuldir samtals | 191.788 | 197.724 | (5.937) | (3,0) |
| Skammtímaskuldir: | | | | |
| Krafa á ríkistekjur | 1.167 | 1.221 | (54) | (4,4) |
| Ógreidd gjöld (án vaxta) | 6.713 | 5.153 | 1.560 | 30,3 |
| Áfallnir ógjaldfallnir vextir | 4.251 | 4.965 | (714) | (14,4) |
| Tekin stutt lán | 10.153 | 15.580 | (5.427) | (34,8) |
| Aðrar skammtímaskuldir | 8.411 | 6.645 | 1.766 | 26,6 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 24.026 | 24.489 | (463) | (1,9) |
| Skammtímaskuldir samtals | 54.722 | 58.052 | (3.331) | (5,7) |
| Skuldir samtals | 391.711 | 380.921 | 35.597 | 9,3 |
| Skuldir og höfuðstóll samtals | 220.103 | 184.502 | 2.759 | 1,5 |

## Tafla 17 Sjóðstreymi ríkissjóðs (A-hluta)

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | | |
| Tekjujöfnuður | 23.631 | (8.789) | 32.420 | (368,9) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé: | | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 10.457 | 19.535 | (9.078) | (46,5) |
| Afföll af teknum lánum | 3.734 | 2.903 | 831 | 28,6 |
| Áfallin ógjaldfallin vaxtagjöld langtímaskulda | 2.813 | 2.412 | 401 | 16,6 |
| Söluhagnaður af eignum | (10.459) | (2.078) | (2.025) | 97,4 |
| Tekjufærsla v/Landsíma Íslands hf. | (4.938) | | (4.938) | |
| Annað | | (251) | 251 | (100,0) |
| | 25.238 | 13.732 | 17.862 | 130,1 |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda: | | | | |
| Afskrifaðar skattkröfur | 4.542 | 4.776 | (4.776) | (100,0) |
| Viðskiptakröfur | (17.518) | (9.163) | (2.958) | 32,3 |
| Viðskiptaskuldir | 4.752 | 2.312 | 1.515 | 65,5 |
| Handbært fé frá rekstri | 17.015 | 11.657 | 11.643 | 99,9 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | | |
| Lánveitingar | (6.342) | (9.871) | 3.456 | (35,0) |
| Afborganir veittra lána | 8.907 | 13.046 | (4.172) | (32,0) |
| Fyrirfram greitt upp í langtímakostnað | (7.754) | 0 | (7.754) | |
| Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög | (152) | (1.265) | 1.120 | (88,5) |
| Sala hlutabréfa og eignarhluta | 11.180 | 6.150 | (1.160) | (18,9) |
| Fjárfestingarhreyfingar samt. | (5.839) | 8.060 | (8.510) | (105,6) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | | |
| Lántökur | 22.509 | 26.821 | (9.739) | (36,3) |
| Afborganir lána | (42.881) | (39.221) | 1.768 | (4,5) |
| Gengismunur og endurmat sjóðs- og bankareikninga | (172) | 1.174 | (1.346) | (114,7) |
| Fjármögnunarhreyfingar samt. | (20.544) | (11.226) | (9.317) | 83,0 |
| Breyting handbærs fjár | 2.310 | 8.491 | (6.183) | (72,8) |
| Handbært fé í ársbyrjun | 13.044 | 4.553 | 8.491 | 186,5 |
| Handbært fé í árslok | 15.354 | 13.044 | 2.308 | 17,7 |

# 3 Efnahagur ríkissjóðs

Í þessum kafla er fjallað um endurskoðun á efnahag A-hluta ríkissjóðs vegna ársins 1999. Fyrst er vikið að handbæru fé, skammtímakröfum og skammtímaskuldum. Því næst er fjallað um langtímakröfur, bæði þær sem flokkast sem endurlán og þær sem fjármálaráðuneytið hefur sjálft umsjón með og bókfærð eru beint hjá Ríkisbókhaldi. Fjallað er um afskriftir krafna, annarra en skattkrafna, og afskriftareikning ríkissjóðs. Loks er gerð grein fyrir langtímaskuldum ríkissjóðs.

## Handbært fé

Handbært fé ríkissjóðs og ríkisstofnana í A-hluta nam alls 15,4 ma.kr. í árslok 1999, en var 13 ma.kr. í árslok 1998. Ríkisendurskoðun gerði sjóðstalningu hjá ríkisféhirði í ársbyrjun 2000. Mestur hluti handbærs fjár ríkissjóðs er á bankareikningum hjá Seðlabanka Íslands.

Bankareikningar höfðu verið stemmdir af miðað við stöðu bankayfirlits í árslok 1999. Afstemmingar tóku ekki tillit til færslna sem höfðu verið vaxtadagsettar yfir á árið 1999. Ríkisendurskoðun fór yfir bankaafstemmingarnar og gerði ekki neinar athugasemdir.

Óinnleystir tékkar frá árunum 1996 til 1998 námu um 30 m.kr. í árslok 1999. Dregið hefur úr útgáfu tékka hjá ríkissjóði á undanförnum árum eftir að farið var að greiða vélrænt inn á bankareikninga viðtakenda. Þrátt fyrir það er enn mikil tékkaútgáfa hjá ríkisféhirði. Neðangreind tafla sýnir óinnleysta tékka hjá ríkisféhirði frá árunum 1996 til 1998.

**Tafla 18 Fjárhæð óinnleystra tékka 1996-1998**

| í þús. kr.<br>HLR. | HLR.nr | 1996 | 1997 | 1998 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Launatékkar | 25.041 | 218 | 256 | 261 | 736 |
| Barnabótatékkar | 25.033 | 14.446 | 5.457 | 9.029 | 28.932 |
| | | 14.664 | 5.713 | 9.290 | 29.668 |

Í töflunni kemur fram fjárhæð óinnleystra tékka á þremur hlaupareikningum. Tékkareikningurinn vegna útgreiðslu barnabóta er langstærsti liðurinn eða alls 29 m.kr. Þá koma óinnleystir launatékkar að fjárhæð 736 þús.kr. Mest er frá árinu 1996 eða 14,7 m.kr.

# Skammtímakröfur

Skammtímakröfur að frátöldum óinnheimtum ríkissjóðstekjum námu 11,8 ma.kr. í árlok 1999 og hækkuðu um 6,7 ma.kr. frá 1998. Í þessari fjárhæð eru hvorki næsta árs afborganir af veittum lánum né óinnheimtar ríkistekjur og greiðslufrestur virðisaukaskatts í tolli.

**Tafla 19 Skammtímakröfur ríkissjóðs**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| Kröfur v/sölu hlutafjár í ríkisbönkum | 5.523 | 0 | 5.523 | - |
| Veitt stutt lán | 1.006 | 80 | 926 | - |
| Aðrar skammtímakröfur | 5.275 | 5.066 | 209 | 4,1% |
| | 11.804 | 5.146 | 6.658 | 4,10% |
| Óinnheimtar ríkistekjur | 46.551 | 34.595 | 11.956 | 34,6% |
| Samtals | 58.355 | 39.741 | 18.614 | 46,8% |

Í ofangreindri töflu kemur fram að útistandandi kröfur A-hluta stofnana hækkuðu um 18,6 ma.kr. milli ára eða 47%. Umtalsverð aukning þessara krafna skýrist að mestu af hækkun óinnheimtra ríkistekna en þær hækkuðu um tæplega 12 ma.kr. eða 35% þrátt fyrir að beinar afskriftir skattkrafna hafi numið um 4,5 ma.kr á árinu 1999. Hækkun óinnheimtra ríkistekna skýrist að mestu af veltu-breytingum og mikilli tekjuaukningu ríkisins.

Kröfur vegna sölu hlutafjár að fjárhæð um 5,5 ma.kr. eru vegna sölu á hluta af hlutabréfum ríkissjóðs í Búnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands hf. í desember 1999 en hlutaféð var ekki greitt fyrr en á árinu 2000. Aukning veittra stuttra lána skýrist af uppgjöri við Landsíma Íslands hf. vegna endurmats eigna. Hluti af uppgjörinu fólst í útgáfu skuldabréfs að fjárhæð 1 ma.kr., en ekki hefur enn verið gengið frá því. Aðrar skammtímakröfur námu 5,3 ma.kr. í árslok 199-9. Hér er að mestu um að ræða almenna viðskiptareikninga A-hluta stofnana en

einnig skuldaviðurkenningar vegna aðflutningsgjalda og virðisaukaskatts í tolli. Í nokkrum tilvikum eru gerðar athugasemdir um að bæta þurfi innheimtu á viðskiptakröfum.

## Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir ríkissjóðs í heild námu 54,7 ma.kr. í árslok 1999 og voru þær 3,3 ma.kr. lægri en í árslok 1998. Stærsti liðurinn eru áætlaðar afborganir langtímalána að fjárhæð 24 ma.kr. Neðangreind tafla sýnir sundurliðun skammtímaskulda.

**Tafla 20 Skammtímaskuldir ríkissjóðs**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Krafa á ríkistekjur | 1.167 | 1.221 | (54) | (4,4%) |
| Ógreidd gjöld | 6.713 | 5.153 | 1.560 | 30,3% |
| Áfallnir, ógjaldfallnir vextir | 4.251 | 4.965 | (714) | (14,4%) |
| Tekin stutt lán | 10.153 | 15.580 | (5.427) | (34,8%) |
| Aðrar skammtímaskuldir | 8.411 | 6.645 | 1.766 | 26,6% |
| Næsta árs afborganir langtímalána | 24.026 | 24.489 | (463) | (1,9%) |
| Samtals | 54.722 | 58.052 | (3.330) | (5,7%) |

Krafa á ríkistekjur nam 1,2 ma.kr. í árslok 1999 sem er heldur lægri fjárhæð en árið á undan. Hér eru um að ræða skuld ríkissjóðs við ýmsa aðila sem njóta markaðra tekna og annarra rekstrartekna. Liðurinn ógreidd gjöld nam 6,7 ma.kr. í árslok. Hækkunin var 1,6 ma.kr. frá fyrra ári eða 30%. Meðal liða má nefna skuld vegna kaupa ríkissjóðs á húseignum Sjúkrahúss Reykjavíkur að fjárhæð 1,6 ma.kr.

Áfallnir ógjaldfallnir vextir námu 4,3 ma.kr. í árslok. Þetta eru vextir sem koma til greiðslu innan eins árs. Staðan lækkaði um 0,7 ma.kr. frá árinu á undan. Tekin stutt lán eru að mestu ríkisvíxlar sem lækkuðu verulega á árinu 1999. Síðar í skýrslunni er umfjöllun um ríkisvíxla.

Aðrar skammtímaskuldir hækkuðu um 1,8 ma.kr. frá fyrra ári og námu alls 8,4 ma.kr. í árslok. Þessi liður samanstendur af skuldum á almennum viðskiptareikningum. Stærsti liðurinn er afdregin staðgreiðsla af launum að fjárhæð 2,7 ma.kr. Þá má nefna ógreiddan fjármagnstekjuskatt að fjárhæð 1,1 ma.kr.

## Langtímakröfur

Stærsti hluti langtímakrafna ríkissjóðs er færður í bókhald vegna svokallaðra „endurlána ríkissjóðs" hjá Lánasýslu ríkisins en einnig er stór hluti þeirra hjá Ríkisbókhaldi. Auk þess eru nokkrar langtímakröfur færðar beint hjá A-hluta stofnunum.

**Tafla 21 Langtímakröfur ríkissjóðs, heildaryfirlit**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 64.739 | 65.278 | (540) | (0,8%) |
| Ný lán á árinu | 10.375 | 7.810 | 2.565 | 32,8% |
| Afborganir | (8.823) | (10.209) | 1.386 | (13,6%) |
| Endurmat ársins | 3.056 | 1.859 | 1.197 | 64,4% |
| Staða í árslok | 69.347 | 64.739 | 4.608 | 7,1% |

Lán sem ríkissjóður hefur veitt hækkuðu um 7% á árinu 1999. Nýjar lánveitingar námu 10 ma.kr. en voru tæplega 8 ma.kr. árið á undan. Lánveitingar vegna endurlána námu rúmlega 6 ma.kr. Afborganir lána á árinu 1999 voru 1,4 ma.kr. lægri en árið 1998. Hafa ber í huga að framangreindar fjárhæðir og stöðutölur eru sýndar eftir að fjárhæðir á afskriftarreikningi hafa verið dregnar frá. Hækkun endurmats skýrist af meiri verðbólgu 1999 en 1998 og gengisbreytingum þeirra lána sem eru í erlendri mynt.

# Kröfur vegna endurlána

Innlend endurlán eru í umsjá Lánasýslu ríkisins. Ríkisendurskoðun fór yfir allar nýjar lánveitingar og bar saman við heimildir fjárlaga og heimildarbréf fjármálaráðuneytisins. Ekki voru gerðar athugasemdir við lánveitingarnar. Þá voru niðurstöður úr lánakerfi vegna endurlána bornar saman við fjárhagsbókhald.

**Tafla 22 Kröfur vegna endurlána ríkissjóðs**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 36.076 | 39.239 | (3.163) | (8,1%) |
| Ný lán á árinu | 6.116 | 4.368 | 1.748 | 40,0% |
| Afborganir | (5.496) | (7.795) | 2.299 | (29,5%) |
| Endurmat ársins | 1.888 | 264 | 1.624 | - |
| Staða í árslok | 38.584 | 36.076 | 2.508 | 7,0% |

Kröfur vegna endurlána námu alls 38,6 ma.kr í árslok 1999 samanborið við 36,1 ma.kr. árið 1998. Hækkun endurmats var veruleg á árinu 1999. Skýrist hún af því að meirihluti lánanna er í bandaríkjadollurum en gengi dollarans hækkaði verulega á árinu 1999. Einnig hækkuðu verðtryggð lán meira vegna

meiri verðbólgu það ár. Ný lán á árinu 1999 voru 6,1 ma.kr. samanborið við 4,4 ma.kr. árið á undan. Árinu 1999 var mest lánað til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eða 3,1 ma.kr.

Af öðrum nýjum lánveitingum vegna endurlána árið 1999 má nefna lán til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins að fjárhæð 750 m.kr. og lán til Byggingarnefndar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem nam 525 m.kr. Yfirteknar lánveitingar frá Framkvæmdasjóði Íslands eru færðar hér með nýjum veittum lánum.

Farið var yfir nýjar lánveitingar vegna endurlána. Þá voru bornar saman lánveitingar á árinu 1999 við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og heimildarbréf fjármálaráðuneytisins. Ekki voru gerðar athugasemdir við lánveitingarnar.

## Aðrar langtímakröfur en endurlán

Eftirfarandi tafla sýnir langtímakröfur ríkissjóðs sem bókfærðar eru hjá Ríkisbókhaldi án milligöngu Lánasýslu ríkisins. Þess skal getið að langtímakröfur A-hluta stofnana með aðskilinn efnahag eru ekki taldar með.

Í tengslum við athugun á langtímakröfum hjá Ríkisbókhaldi voru sundurliðanir á lánalistum bornar saman við fjárhagsbókhald. Einnig var farið yfir nýjar lánveitingar, valin skuldabréf og ákvæði þeirra yfirfarin. Auk þess taldi Ríkisendurskoðun öll skuldabréf sem eru í vörslu og innheimtu hjá ríkisféhirði. Annars vegar var athugað hvort frumrit af þeim bréfum sem eru í skilum lægi fyrir og hins vegar hvort móttökukvittanir vegna bréfa sem eru í innheimtu hjá lögfræðingi væru fyrir hendi. Skuldabréfin voru borin saman við lánayfirlit.

**Tafla 23 Langtímakröfur ríkissjóðs án endurlána**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 27.283 | 25.901 | 1.381 | 5,3% |
| Ný lán á árinu | 4.175 | 3.295 | 881 | 26,7% |
| Afborganir | (3.033) | (2.237) | (796) | 35,6% |
| Endurmat ársins | 1.469 | 324 | 1.145 | - |
| Staða í árslok | 29.894 | 27.283 | 2.611 | 9,6% |

Langtímakröfur í árslok 1999 voru um 2,6 ma.kr. hærri en í árslok 1998. Ný lán voru 4,1 ma.kr. Fjárhæðin er að mestu lán til Landsíma Íslands hf. í tengslum við uppgjör við ríkissjóð vegna endurmats eigna við stofnun fyrirtækisins. Í því uppgjöri voru langtímalán að fjárhæð 3,9 ma.kr. Auk þess eru færð sem ný lán skuldabréf vegna fasteignaviðskipta og bréf sem tengjast sölu hlutafjár í Stofnfiski hf. og Íslenskum aðalverktökum hf. auk örfárra uppgjörslána.

# Skammtímakröfur og kröfur stofnana með aðskilinn efnahag

Auk þeirra krafna sem hér hafa verið nefndar má nefna skammtímakröfur og kröfur stofnana með aðskilinn efnahag. Skammtímakröfur eru nánast engar nema uppgjörslán vegna endurmats Landssíma Íslands hf. sem áður var getið. Lánsfjárhæðin nemur 1 ma.kr. Kröfur stofnana með aðskilinn efnahag námu um 1,4 ma.kr. í ársbyrjun 1999 en í árslok voru þær um 870 m.kr.

# Afstemming lánakerfis og fjárhagsbókhalds

Afstemming lánakerfis ríkissjóðs og fjárhagsbókhalds miðað við árslok 1999 sýnir mismun að fjárhæð 163 m.kr. eignamegin og 68 m.kr. skuldamegin. Megin skýringin eru fiskeldislán sem ekki eru bókfærð hjá Ríkisbókhaldi heldur eru þau í umsjá Byggðastofnunar. Aðrir mismunir hafa verið skýrðir að mati Ríkisendurskoðunar. Má þar nefna skyldusparnað og gömul happdrættislán ríkisins sem ekki eru bókfærð í lánakerfi ríkisins.

# Afskriftir lána hjá ríkissjóði

Neðangreind tafla sýnir stöðu afskriftareiknings ríkissjóðs fyrir 1999 og 1998. Afskriftareikningurinn er mótreikningur sem myndaður er vegna þeirrar áhættu sem talin er vera fólgin í þeim skuldabréfum og viðskiptakröfum sem ríkissjóður hefur fært til eignar. Afskriftareikningurinn byggist á mati og sýnir líkleg útlánatöp. Reikningurinn sýnir ekki áætluð töp vegna skattkrafna, en um þau er fjallað á öðrum stað í skýrslunni. Í árslok 1999 voru 346 m.kr. á afskriftareikningi. Hér verður fjallað nánar um einstaka liði afskriftareikningsins.

**Tafla 24 Skipting afskrifareiknings ríkissjóðs 1999 og 1998**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Afskriftareikningur vegna: | | | | |
| Fiskeldisl ána hjá Byggðastofnun | 96 | 129 | (32) | (25%) |
| Hlutafjárdeild Þróunarsjóðs sjávarútv. | 175 | 175 | - | - |
| Endurlána ríkissjóðs | 67 | 2 | 64 | - |
| Annarra veittra lána ríkissjóðs | 8 | 44 | (36) | (82%) |
| Samtals | 346 | 350 | (4) | (1%) |

Afskriftareikningur fiskeldislána hjá Byggðastofnun er tilkominn vegna sérstakra fiskeldislána á vegum landbúnaðarráðuneytisins. Lánin eru í umsjá Byggðastofnunar.[1]

Afskriftareikningur hlutafjárdeildar Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er tilkominn vegna hlutdeildarskírteina í eigu ríkissjóðs. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að afskriftareikningurinn sé endurmetinn reglulega þegar niðurstöður ársreiknings hlutafjárdeildar liggja fyrir.

Afskriftareikningur vegna endurlána hækkaði á árinu 1999 vegna yfirtöku endurlána á veittum lánum Framkvæmdasjóðs Íslands. Staða afskriftareiknings vegna yfirtekinna lána sjóðsins var 64 m.kr. sem bættist því við stöðu afskriftareiknings endurlána. Gömul krafa á viðskiptareikningi að fjárhæð um 5,9 m.kr. var afskrifuð beint á árinu 1999 og framlag á afskriftareikninginn kom þar á móti. Staðan á afskriftareikningi vegna endurlána nam því 67 m.kr. í árslok 1999.

Afskriftareikningur vegna annarra lánveitinga er í umsjá afskriftanefndar. Lagt er mat á afskriftaþörf veittra lána hjá Ríkisbókhaldi. Í ársbyrjun 1999 voru 15 lán á afskriftareikningi alls að fjárhæð 44 m.kr. Á árinu 1999 var ákveðið að afskrifa átta lán að fjárhæð 40,7 m.kr beint. Meðal krafna sem voru afskrifaðar þannig má nefna skattkröfu að fjárhæð 15,4 m.kr., en ríkissjóður tapaði á árinu 1999 máli í Hæstarétti þar sem tekist var á um ábyrgð sveitarfélags á henni. Í öðru lagi má nefna veðkröfu í húseign í Reykjavík sem talin var trygg, en tapaðist að hluta þegar eignin var seld. Tap ríkissjóðs vegna þessa er um 13,5 m.kr. Auk þess tapaði ríkissjóður 8,2 m.kr. vegna gjaldþrots innflutningsfyrirtækis í Reykjavík.

Niðurstaða afskriftanefndar fyrir árið 1999 var sú rétt væri að láta afskriftareikninginn standa í 8 m.kr. í árslok 1999. Fjárhæðin samanstendur af sjö lánum.

## Langtímaskuldir

Langtímaskuldir ríkissjóðs námu 337 ma.kr. í árslok 1999 en voru 323 ma.kr. í árslok 1998. Hækkunin var því 14 ma.kr. eða 4,4% eins og fram kemur í neðangreindri töflu.

[1] Nánar var fjallað um þessi lán í skýrslu Ríkisendurskoðunar, Endurskoðun ríkisreiknings 1994, bls. 63-68.

**Tafla 25 Langtímaskuldir ríkissjóðs 1999 og 1998**

| Í m. kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbindingar | 145.201 | 125.145 | 20.056 | 16,0% |
| Áfallnir ógjaldfallnir (langtíma) vextir | 20.884 | 18.071 | 2.813 | 15,6% |
| Tekin löng innlend lán | 76.794 | 86.825 | (10.031) | (11,6%) |
| Tekin löng erlend lán | 118.136 | 117.318 | 818 | 0,7% |
| - Næsta árs afb. fl. á skammtímask. | (24.026) | (24.489) | 463 | (1,9%) |
| Samtals | 336.989 | 322.870 | 14.119 | 4,4% |

Lífeyriskuldbindingar hækkuðu um 20 ma.kr. árið 1999. Nánar verður fjallað um lífeyrisskuldbindingar í sérstökum kafla hér á eftir. Tekin innlend lán lækkuðu nokkuð. Má þar nefna ríkisbréf sem lækkuðu um 4,8 ma.kr. og skuldabréf sem ekki eru markaðsverðbréf lækkuðu um 2,1 ma.kr. Hins vegar lækkuðu spariskírteini óverulega þegar tekið er tillit til áfallinna vaxta og affalla af þeim. Erlendar skuldir hækkuðu þegar tekið er tillit til yfirtekinnar skuldar frá Framkvæmdasjóði Íslands.

Langtímaskuldir ríkissjóðs lækkuðu úr 222 ma.kr. í 216 ma.kr. eða um 6,4 ma.kr. á árinu 1999.[2] Lækkunin er um 2,9%. Innlendar skuldir lækkuðu um 7 ma.kr. en erlendar skuldir hækkuðu lítillega. Skýringin er sú að erlend skuld Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð 3,4 ma.kr. bættist við skuldir A-hluta ríkissjóðs. Hlutfall erlendrar lánsfjármögnunar ríkissjóðs til langs tíma hækkaði því úr 52,8% í 54,7% af langtímaskuldum.

**Tafla 26 Langtímafjármögnun ríkissjóðs 1999 og 1998**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Innlend fjármögnun | 97.678 | 104.896 | (7.218) | (6,9%) |
| Erlend fjármögnun | 118.136 | 117.318 | 818 | 0,7% |
| Tekin löng lán samtals | 215.814 | 222.214 | (6.400) | (2,9%) |

# Spariskírteini

Spariskírteini ríkissjóðs eru í umsjón Lánasýslu ríkisins. Auk þess fer Seðlabanki Íslands með nokkra þætti varðandi spariskírteinin m.a. annast hann innlausn þeirra. Innri endurskoðun bankans endurskoðar þann þátt sem snýr að Seðlabankanum varðandi spariskírteinin. Ríkisendurskoðun hefur með höndum fjárhagsendurskoðun vegna endurlána ríkissjóðs. Við endurskoðunina voru

[2] Langtímaskuldir ríkissjóðs eru hér sýndar sem höfuðstóll skulda til langs tíma ásamt afborgun af höfuðstól á næsta ári, langtímavöxtum spariskírteina, víxlaútgáfu ríkissjóðs erlendis og skulda vegna erlendra sendiráða og skulda í stofnunum en öllum öðrum áföllnum vöxtum er sleppt hér þar með töldum vöxtum spariskírteina sem falla til greiðslu á næsta ári. Stöðu yfirtekinnar skuldar Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð 3,4 ma.kr. var bætt við árið 1999.

gerðar kannanir á bókhaldsgögnum, uppgjörum, og m.a. útreikningi á stöðu spariskírteina og útreikningi vaxtagjalda.

Lántökukostnaður ríkissjóðs sem færður er í bókhaldi endurlána nam um 113 m.kr. árið 1999 sem er um 72 m.kr. lækkun frá 1998 eða 39%. Breytinguna milli ára má skýra almennt með því að verulega hefur dregið úr sölu spariskírteina á undanförnum árum.

**Tafla 27 Spariskírteini ríkissjóðs**

| Í m. kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Staða spariskírteina án vaxta | 74.789 | 78.183 | (3.394) | (4,3%) |
| Frá dregst: Afföll | (13.340) | (13.753) | 414 | (3,0%) |
| Við bætist: Gengisauki | 284 | 394 | (110) | (27,8%) |
| Við bætast: Áfallnir vextir | 22.455 | 20.051 | 2.404 | 12,0% |
| Heildarstaða spariskírteina | 84.189 | 84.874 | (685) | (0,8%) |

Framangreind tafla sýnir sundurliðaða spariskírteinaskuld ríkissjóðs. Staða skuldarinnar án vaxta lækkaði um 3,4 ma.kr. frá árinu á undan eða um 4%. Áfallnir vextir hækkuðu um 2,4 ma.kr. Loks má nefna að heildarskuldastaða ríkissjóðs í spariskírteinum lækkaði um 700 m.kr. eða 0,8%.

Innlausn spariskírteina nam um 12 ma.kr. árið 1999. Stærsti flokkur spariskírteina sem féll í gjalddaga var flokkur frá 1994 til 5 ára. Til samanburðar má geta þess að innlausn árið 1998 nam um 16,9 ma.kr.

Ef litið er á heildarstöðu útistandandi spariskírteina ríkissjóðs s.l. sex ár á verðlagi hvers árs sést að spariskírteinaskuld ríkissjóðs óx um 18,5% á árunum frá 1994 til 1998 og um 20,3% frá 1994 til 1997 en skuldin hefur síðan lækkað nokkuð frá því hún var hæst eins og fram kemur í neðangreindri töflu. Mesti vöxturinn var á milli 1997 og 1996 eða um 12,4%.

**Tafla 28 Spariskírteini ríkissjóðs: Þróun 1994 - 1999**

| Í m.kr. | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Staða spariskírteina | 71.621 | 77.072 | 76.643 | 86.143 | 84.876 | 84.189 |

# Ríkisbréf og ríkisvíxlar

Veruleg lækkun varð á skuldastöðu ríkissjóðs bæði í ríkisbréfum og ríkisvíxlum. Neðangreind tafla sýnir stöðu ríkisbréfa og ríkisvíxla í árslok 1999 og 1998 til samanburðar bæði á nafnverði og þegar tekið hefur verið tillit til af-

falla, þ.e. nettó stöðu. Skuldastaðan í ríkisbréfum dróst saman um 4,8 ma.kr. milli ára og staðan í ríkisvíxlum lækkaði um 5,1 ma.kr. á sama tíma. Samanlögð skuldastaða ríkissjóðs í ríkisbréfum og ríkisvíxlum minnkaði um tæplega 10 ma.kr. eða um 32% frá árslokum 1998 til ársloka 1999.

**Tafla 29 Ríkisbréf og ríkisvíxlar í bókhaldi vegna endurlána ríkissjóðs 1999 og 1998**

| Í m.kr. | | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|---|
| Ríkisbréf: | | | | | |
| Staða nafnverðs | | 13.369 | 19.600 | (6.231) | (31,8%) |
| Frá dregst: Afföll | | (2.352) | (3.754) | 1.403 | (37,4%) |
| | Heildarstaða | 11.018 | 15.846 | (4.828) | (30,5%) |
| Ríkisvíxlar: | | | | | |
| Staða nafnverðs | | 9.899 | 15.209 | (5.310) | (34,9%) |
| Frá dregst: Afföll | | (90) | (349) | 259 | (74,2%) |
| | Heildarstaða | 9.809 | 14.860 | (5.051) | (34,0%) |
| | Samanlögð staða | 20.826 | 30.705 | (9.879) | (32,2%) |

# Innlendar skuldir án endurlána

Ríkissjóður hefur tekið innlend skuldabréfalán sem ekki eru færð sem endurlán. Stærsti hluti lánanna er tekinn hjá bönkum, sparisjóðum og lánastofnunum. Má þar nefna Lánasjóð landbúnaðarins og Byggingarsjóð ríkisins, nú Íbúðalánasjóð. Auk þess námu skuldir ríkissjóðs við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins rúmlega 1,9 ma.kr. í árslok. Stærsti hluti skuldarinnar er vegna uppgjörs lífeyrisskuldbindinga í tengslum við breytingu á Póst- og símamálastofnuninni í hlutafélag. Auk framangreindra lána eru sjö eldri gengisbundin lán að fjárhæð 73 m.kr. Lánin voru upphaflega frá lánastofnunum og sjóðum s.s. Fiskveiðasjóði Íslands og Iðnþróunarsjóði.

**Tafla 30 Innlendar skuldir ríkissjóðs 1999 og 1998**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 5.185 | 5.840 | (655) | (11,2%) |
| Ný lán á árinu | 9 | 133 | (124) | - |
| Afborganir | (1.884) | (886) | (997) | 112,5% |
| Endurmat ársins | 261 | 99 | 162 | 164,6% |
| Staða í árslok | 3.571 | 5.185 | (1.614) | (31,1%) |

Framangreind tafla sýnir að innlendar skuldir lækkuðu umtalsvert á árinu 1999. Afborganir námu um 1,9 ma.kr. á árinu. Stærsta afborgunin var 1,2 ma.kr. vegna láns sem var gefið út vegna fyrirgreiðslu ríkissjóðs við Landsbanka Ís-

lands sbr. lög nr. 16/1993 um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana.

# Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs námu 145 ma.kr. í árslok 1999 en 125 ma.kr. í árslok 1998. Hækkunin milli ára nam því 20 ma.kr. eða 16%.

**Tafla 31 Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs 1999 og 1998**

| Í m. kr. | 1999 | 1998 | Mism. | % |
|---|---|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 125.145 | 94.918 | 30.227 | 32% |
| Nýjar skuldbindingar | 22.472 | 32.690 | (10.218) | (31%) |
| Greiðslur (lífeyrisskuldbindingar) | (2.416) | (2.463) | 47 | (2%) |
| Staða í árslok | 145.201 | 125.145 | 20.056 | 16% |

Nýjar skuldbindingar á árinu 1999 voru 22 ma.kr. en tæplega 33 ma.kr. á árinu 1998. Lífeyrisskuldbindingar hafa hækkað verulega á undanförnum árum eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

**Tafla 32 Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs 1995-1999**

| í m.kr. | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 |
|---|---|---|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbindingar | 81.399 | 90.394 | 94.918 | 125.145 | 145.201 |
| Aukaframlög til Lífeyrissj.stm.rík. | | | | | (8.015) |
| Lífeyrisskuldbindingar | 81.399 | 90.394 | 94.918 | 125.145 | 137.186 |

Í töflunni kemur fram að aukaframlög ríkissjóðs með áföllnum vöxtum og verðbótum til ársloka 1999 námu 8 ma.kr. Sú fjárhæð er síðan dregin frá skuldbindingunum þannig að hreinar skuldbindingar árið 1999 numu 137 ma.kr. Nánar er fjallað um aukaframlög ríkissjóðs hér á eftir. Hrein aukning lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs frá 1996 til 1999 nam 46,8 ma.kr.

Af hækkun nýrra skuldbindinga á árinu 1999 voru 12,9 ma.kr. færðar til gjalda í rekstrarreikningi en 9,6 ma.kr. fóru á endurmatsreikning. Ríkisendurskoðun hefur áður gagnrýnt í endurskoðunarskýrslum að færsla á endurmatsreikning byggi ekki á viðmiði við almennar verðlagsbreytingar heldur launabreytingum opinberra starfsmanna.

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs skiptust milli sjö lífeyrissjóða árið 1999 þar sem samtímaiðgjöld standa ekki undir fjármögnum sjóðanna nema að hluta til. Eftirfarandi tafla sýnir skiptinguna tvö síðustu ár.

**Tafla 33 Skipting lífeyrisskuldbindinga milli lífeyrissjóða ríkisstarfsmanna 1999 og 1998**

| Í m. kr. | 1999 | 1998 | Mism. | % |
|---|---|---|---|---|
| Lífeyrissj. starfsm. ríkisins (B-deild) | 122.698 | 108.345 | 14.353 | 13% |
| Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga | 11.716 | 11.024 | 692 | 6% |
| Lífeyrissjóður alþingismanna | 3.316 | 2.737 | 579 | 21% |
| Lífeyrissjóður ráðherra | 690 | 366 | 324 | 89% |
| Eftirlaun fyrrum starfsm.Útvegsbanka | 2.780 | 2.673 | 107 | 4% |
| Lsj. sv.fél. v. samrekstrarstofnana | 4.000 | 0 | 4.000 | |
| Samtals | 145.200 | 125.145 | 20.056 | 16% |

Eins og fram kemur í töflunni er langstærsti hluti lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs tilkominn vegna B-deildar starfsmanna ríkisins eða 84% af heildarskuldbindingum. Þess má einnig geta að mikil hækkun skuldbindinga vegna Lífeyrissjóðs ráðherra skýrist af því að á árinu 1999 var leiðrétt villa í útreikningum skuldbindinga sjóðsins. Á árinu 1999 var færð í fyrsta skipti inn áætlun að fjárhæð 4 ma.kr. skuldbinding vegna samrekstrarstofnana sveitarfélaga. Ekki hefur enn verið gengið frá endanlegu samkomulagi um hvernig skipta eigi þessum skuldbindingum milli ríkissjóðs og sveitarfélaga.

## Innborganir og viðbótariðgjöld

Aukaframlög ríkissjóðs byggjast á ákvörðun fjármálaráðherra frá 1999 um að ríkissjóður skyldi hefja greiðslur inn á framtíðarskuldbindingar sínar við Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Aukaframlögin voru á síðasta ári bein fjárframlög en auk þess komu til skil ríkissjóðs á viðbótarframlagi sveitarfélaga vegna grunnskólakennara og viðbótariðgjöldum samkvæmt sérstakri ákvörðun. Gerður var sérstakur samningur um hvernig halda eigi utan um þessar greiðslur ríkissjóðs.

Viðbótarframlag sveitarfélaga byggist á 34 gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í 2. mgr. er kveðið á um að sveitarfélög skuli greiða 9,5% viðbótariðgjald vegna kennara og skólastjórnenda sem eiga aðild að B-deild lífeyrissjóðsins.[3] Ríkissjóður skilaði þessu gjaldi beint til lífeyrissjóðsins.

[3] Kemur þetta viðbótariðgjald sveitarfélaganna á móti því að ríkissjóður greiðir allar lífeyrishækkanir vegna þessara aðila hjá B-deild LSR.

**Tafla 34 Innborganir ríkissjóðs 1999 vegna lífeyrisskuldbindinga**

| Í m.kr. | Greitt til LSR | Greitt til LH | Greiðslur samtals |
|---|---|---|---|
| Aukaframlög ríkissjóðs | 5.334 | 667 | 6.000 |
| Viðbótariðgjöld A-hluta ríkissjóðs | 1.223 | 204 | 1.428 |
| Viðbótarframlag vegna grunnskólakennara | 326 | | 326 |
| | 6.883 | 871 | 7.754 |
| Verðbætur og vextir til ársloka 1999 | 203 | 58 | 261 |
| Samtals | 7.087 | 929 | 8.015 |

Í ofangreindri töflu kemur fram að bein aukaframlög námu 6 ma.kr. á árinu 1999 en viðbótarframlag vegna grunnskólakennara sem tengist eingöngu B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins nam 326 m.kr. Viðbótariðgjald A-hluta ríkissjóðs nam um 1,4 ma.kr.

Viðbótariðgjöldin voru ákveðin með bréfi fjármálaráðuneytisins frá 10. febrúar 1998. Allar stofnanir ríkisins og aðrir aðilar sem fá fjárveitingar á fjárlögum eiga að greiða sérstakt iðgjald til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga til viðbótar 6% iðgjaldi af föstum launum. Sjónarmiðið var það að iðgjaldagreiðslur til A-deildar og B-deildar yrðu jafnháar þ.e. 11,5% af heildarlaunum. A-hluta stofnanir hafa fengið sérstakar fjárveitingar úr ríkissjóði til að greiða viðbótariðgjöldin. Því er mikilvægt að staðið sé í skilum með greiðslur. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hefur það reynst erfiðleikum bundið að fylgjast með því að stofnanir sem sjá sjálfar um afgreiðslu launa standi í skilum með þessi iðgjöld.

## Framtíðarþróun lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs

Á árinu 1999 var gerð tryggingafræðileg úttekt á sjóðstreymi B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. Útreikningarnir náðu nokkra áratugi fram í tímann. Í athuguninni var greiðsluþörfin könnuð annars vegar miðað við lögbundnar greiðslur og hins vegar miðað við auknar tekjur lífeyrissjóðanna svo sem með viðbótariðgjöldum eða með aukaframlögum ríkissjóðs.

Úttektin leiddi í ljós að miðað við lögbundnar greiðslur til lífeyrissjóðanna myndu þeir tæmast eftir 15- 20 ár. Eftir þann tíma yrði ríkissjóður að hefja greiðslur vegna bakábyrgðar sinnar og talið er að fjárhæðin gæti numið um 6 ma.kr. á ári miðað við árslokaverðlag 1998, þ.e. eftir 15 ár. Þessar greiðslur ríkissjóðs myndu líklega ná hámarki eftir 30 ár og færu þá upp í 15 ma.kr. á ári að meðtöldum lífeyrishækkunum. Einnig kom fram að þrátt fyrir að iðgjaldatekjur sjóðanna tvöfaldist þá þarf árlegt aukaframlag úr ríkissjóði að koma til.

# Erlendar skuldir í umsjá Seðlabanka Íslands

Verkefni Seðlabanka Íslands við erlendar lántökur fer eftir sérstökum samningi milli fjármálaráðherra og bankans, en samkvæmt honum annast bankinn lántökurnar og bókhald vegna þeirra.

Fjárhagsendurskoðun á erlendum skuldum hjá Seðlabanka fyrir árið 1999 var í höndum Ríkisendurskoðunar. Endurskoðunardeild Seðlabankans fer með innri endurskoðun á erlendum skuldum ríkissjóðs eins og lög og reglur mæla fyrir um. Í vinnu Ríkisendurskoðunar var farið sérstaklega yfir afstemmingu og færslu áfallinna erlendra vaxtagjalda.

## Fjármagnskostnaður og staða erlendra skulda

Vaxtagjöld vegna erlendra skulda námu um 6,5 ma.kr. á árinu 1999 sem er 854 m.kr. lægra en árið á undan eða 11,6%. Í eftirfarandi töflu kemur fram að fjármagnskostnaður sem hlutfall af meðalstöðu skulda lækkaði talsvert á árinu 1999. Lækkun fjármagnskostnaðar má skýra með lækkun erlendra skulda og lægri meðalvöxtum en á árinu 1998. Lántökukostnaður var 43 m.kr. á árinu 1999.

**Tafla 35 Fjármagnsgjöld vegna erlendra skulda 1999 og 1998**

| Í m. kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Vaxtagjöld | 6.547 | 7.308 | (761) | (10,4%) |
| Gengismunur | (107) | 2 | (109) | - |
| Lántökukostnaður | 43 | 27 | 16 | 59,3% |
| Fjármagnsgjöld samtals | 6.483 | 7.337 | (854) | (11,6%) |
| Sem hlutfall af stöðu skulda | 5,58% | 6,01% | | |

Staða erlendra skulda ríkisjóðs að meðtöldum áföllnum vöxtum, gengisauka og afföllum nam 117 ma.kr. í árslok 1999. Árið 1998 var sambærileg fjárhæð um 120 ma.kr. Þannig lækkuðu erlendar skuldir ríkissjóðs um 3 ma.kr. á árinu 1999. Áfallnir vextir í árslok lækkuðu um 478 m.kr. á árinu eða 15,2%. Erlend vaxtagjöld ríkissjóðs hafa farið lækkandi á síðustu árum hvort sem miðað er við krónutölu eða sem hlutfall af meðalstöðu.

**Tafla 36 Erlendar skuldir með áföllnum fjármagnskostnaði um áramót 1999 og 1998**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Staða erlendra skulda | 114.797 | 117.400 | (2.603) | (2,2%) |
| Gengismunur | 36 | 69 | (33) | (47,8%) |
| Afföll | (127) | (158) | 31 | (19,6%) |
| Áfallnir ógreiddir vextir | 2.670 | 3.148 | (478) | (15,2%) |
| Samtals | 117.377 | 120.460 | (3.083) | (2,6%) |

## Gengismunur erlendra skulda

Á árinu 1999 varð verulegur gengishagnaður af erlendum skuldum ríkissjóðs eða 1,9 ma.kr. samanborið við rúmlega eins ma.kr. tap árið á undan. Gengishagnaðurinn sem hlutfall af meðalstöðu erlendra skulda var 1,6% árið 1999 samanborið við 0,9% gengistap 1998. Hins vegar má geta þess til samanburðar að áætlað er að raungengi krónunnar[4] hafi hækkað um rúmlega 2% árið 1999 og 1,6% árið 1998 en hækkun raungengis íslensku krónunnar hefur haft tilhneigingu til að hafa jákvæð áhrif á gengishagnað af erlendum lánum.

Í eftirfarandi töflu kemur einnig fram sundurliðun gengishagnaðarins og gengistapsins eftir myntum árin 1999 og 1998. Á árinu 1999 varð gengishagnaður vegna lækkunar evrunnar. Mestur varð gengishagnaðurinn af lánum í þýskum mörkum, sem er evrumynt, eða 3,8 ma.kr. og í svissneskum frönkum 1,1 ma.kr. en gengistap varð af skuldum í bandaríkjadollurum og japönskum jenum. Af skuldum í öðrum myntum varð 1,3 ma.kr. gengishagnaður. Á árinu 1998 varð hins vegar gengishagnaður af skuldum í bandaríkjadollurum en tap af skuldum í þýskum mörkum og jenum.

**Tafla 37 Gengismunur erlendra skulda ríkissjóðs eftir myntum 1999 og 1998**

| Í m.kr. | 1999 | | 1998 | |
|---|---|---|---|---|
| Myntir: | Gengismunur | % af meðalstöðu | Gengismunur | % af meðalstöðu |
| Bandaríkjadollar | (1.425) | (4,6%) | 1.196 | 3,3% |
| Þýsk mörk | 3.764 | 10,7% | (1.156) | (3,0%) |
| Japanskt jen | (2.565) | (16,1%) | (1.316) | (9,8%) |
| Bresk pund | (263) | (1,7%) | 552 | 3,6% |
| Svissneskir frankar | 1.065 | 9,9% | (201) | (1,6%) |
| Aðrar myntir | 1.330 | 13,9% | (117) | (1,8%) |
| Gengishagnaður (tap) | 1.906 | 1,6% | (1.041) | (0,9%) |

[4] Skv. *Seðlabanka Íslands* í ágúst 2000. Vísitala raungengis er miðuð við hlutfallslegt verðlag. Þessu yfirliti er ekki ætlað að gefa heildarmynd af lánskjörum eftir myntum þar sem vextir og önnur ákvæði lánanna eru ekki tekin með í þessari umfjöllun.

# 4 Ríkissjóðstekjur

## Almennt um tekjur

Heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1999 námu alls 222,6 ma.kr. samanborið við 180,8 ma.kr. á árinu 1998. Nemur aukningin 41,8 ma.kr. eða 23,1%. Um helming þessarar aukningar má rekja annars vegar til skatta á tekjur og hagnað, en þeir jukust um 10,3 ma.kr. frá árinu á undan og hins vegar til virðisaukaskatts en tekjur af honum jukust um 10,7 ma.kr. frá fyrra ári. Þá jukust tekjur vegna sölu á eignum um 8,6 ma.kr. á milli ára og sérstakt endurmat á eignum Landsíma Íslands hf. leiddi til 4,9 ma.kr. tekjuauka.

Innheimta ríkissjóðstekna nam á árinu 202,1 ma.kr. samanborið við 167,6 ma.kr. á árinu 1998 og nemur aukningin 34,5 ma.kr. eða 20,6%. Rúma 9,0 ma.kr. má rekja til virðisaukaskatts, 7,3 ma.kr. til tekju- og eignarskatta, 4,9 ma.kr. til endurmats á Landsíma Íslands hf. og 6,0 ma.kr. til sölu á hlutabréfum í FBA.

Niðurfæðar eftirstöðvar í árslok 1999 námu alls 12,8 ma.kr. samanborið við 14,6 ma.kr. árið á undan og hefur því lækkað um 1,8 ma.kr. á milli ára. Þessi lækkun hefur áhrif á samanburð tekna á milli ára og einnig samanburð á breytingu eftirstöðva á milli ára. Á mót vegur að beinar afskriftir jukust um 1,6 ma.kr. og námu á árinu 1999 rúmum 6,1 ma.kr.

Eftirstöðvar ríkistekna námu 50,6 ma.kr. í árslok 1999, þar af námu ógjaldfallnar eftirstöðvar 22,7 ma.kr. Eftirstöðvar í ársbyrjun námu 34,6 ma.kr. og þar af námu ógjaldfallnar eftirstöðvar 14,5 ma.kr. Gjaldfallnar eftirstöðvar hafa því aukist um 7,8 ma.kr. eða um 39,0% .

# Framkvæmd endurskoðunar ríkistekna

Endurskoðun ríkissjóðstekna á árinu 1999 má skipta í nokkra meginþætti. Í fyrsta lagi voru eftirfarandi tekjustofnar endurskoðaðir sérstaklega:

- Virðisaukaskattur
- Tryggingagjald
- Tekjuskattur, staðgreiðsla
- Fjármagnstekjuskattur
- Bifreiðaskattar
- Sala eigna
- Arðgreiðslur

Endurskoðunin fólst m.a. í að bera saman niðurstöðu undirkerfa við bókhald, staðreyna fjárhæðir í bókhaldi við ytri gögn, samanburði á milli ára, bæði hvað varðar tekjur og eftirstöðvar, og greina þau frávik sem þar komu fram. Þá voru afskriftir bornar saman við heimildir afskriftanefndar.

Í öðru lagi voru eftirfarandi viðfangsefni endurskoðuð:

- Tekjur innheimtar af stofnunum ríkissjóðs
- Tekjur innheimtar af aðilum utan ríkissjóðs
- Tekjur endurgreiddar af fjármálaráðuneyti

Endurskoðunin fólst m.a. í því að tekið var úrtak fylgiskjala og athugað hvort þau væru fullnægjandi, bæði að efni og formi. Kannaðar voru tilvísanir í heimildir þegar um endurgreiðslur var að ræða. Þá voru könnuð skil innheimtu-aðila á þeim tekjum sem þeim var ætlað að innheimta.

Í þriðja lagi var farið yfir afstemmingar Ríkisbókhalds á þeim tekjukerfum sem ríkissjóður notar í dag og skoðuð samskipti þessara kerfa við önnur álagningar-kerfi, s.s. virðisaukaskattskerfið og álagningarkerfi skattyfirvalda.

# Einstakir tekjuliðir

## Fjármagnstekjuskattur

Tekjur af fjármagnstekjuskatti á árinu 1999 námu alls 5,4 ma.kr. samanborið við 2,7 ma.kr. á árinu 1998 og hafa tekjur af þessum skatti því tæplega tvöfaldast frá fyrra ári. Rúman milljarð af þessari fjárhæð má rekja til greiðslu fjármagnstekjuskatts af arði sem ríkissjóður fékk á árinu.

**Tafla 38 Fjármagnstekjuskattur**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Tsk af fjárm.tek lögaðila,undanþ.skattsk | 186 | 64 | 122 | 188,8% |
| Tekjusk á fjármagnstekjum,einstaklingar | 739 | 467 | 172 | 36,7% |
| | 925 | 532 | 494 | 92,9% |
| Staðgreiddur fjármagnstekjuskattur | 4.435 | 2.221 | 2.214 | 100,0% |
| | 5.360 | 2.752 | 2.608 | 94,7% |

Álagður fjármagnstekjuskattur einstaklinga á árinu 2000 vegna fjármagnstekna á árinu 1999 nam alls 2,5 ma.kr. samanborðið við 1,5 ma.kr. á árinu 1999. Afdregin staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts við álagningu nam 1,4 ma.kr. á árinu 2000 en á árinu 1999 nam hún 0,8 ma.kr.

Aðallega er hér um að ræða fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði hlutabréfa, en ekki er almennt haldið eftir fjármagnstekjuskatti við sölu þeirra. Framtalinn hagnaður af sölu hlutabréfa árið 1999 vegna ársins 1998 nam 3,5 ma.kr. en framtalinn hagnaður á árinu 2000 vegna ársins 1999 nam rúmum 6,0 ma.kr.

Ríkisendurskoðun hefur í tveimur síðustu skýrslum um endurskoðun ríkisreiknings vakið athygli á ýmsum atriðum varðandi álagningu fjármagnstekjuskatt. Ekki er þörf á því að endurtaka það allt hér en samt skal áréttað að brýna nauðsyn ber til að skattyfirvöld geri þá kröfu til skilaskyldra aðila að þeir greini á milli einstaklinga og lögaðila á skilagreinum. Ríkisendurskoðun telur að skortur á ýmsum upplýsingum leiði til þess að ekki er hægt að koma við nauðsynlegu eftirliti með álagningu og innheimtu þessa skatts.

## Virðisaukaskattur

Tekjur af virðisaukaskatti á árinu 1999 námu rúmum 70,0 ma.kr. samanborið við 59,3 ma.kr. á árinu 1998 og nemur aukningin 10,7 ma.kr. eða 18,1%. Mest er aukningin af veltu innanlands en tekjur af henni aukast um 9,2 ma.kr. eða um 42,0%.

**Tafla 39 Virðisaukaskattur**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Virðisaukaskattur af innflutningi | 42.961 | 40.765 | 2.196 | 5,4% |
| Virðisaukaskattur af veltu innanlands | 31.042 | 21.867 | 9.175 | 42,0% |
| | 74.003 | 62.632 | 11.371 | 18,2% |
| Endurgreiddur virðisaukaskattur | (3.983) | (3.350) | (633) | (18,9%) |
| | 70.020 | 59.282 | 10.738 | 18,1% |

Á undanförnum árum hefur vægi áætlana í heildarálagningu verið um 3,5 til 4,0% en á árinu 1999 er þetta hlutfall um 10,0% Áætlaður útskattur hefur aukist um 44% á milli áranna 1998 og 1999 og nam á árinu 1999 5,5 ma.kr. samanborið við 3,8 ma.kr. árið á undan.

Ríkisendurskoðun telur að efla þurfi fyrirbyggjandi eftirlit með yfirfærslu upplýsinga frá álagningarkerfum til innheimtukerfa ríkisins með þar í huga að draga úr villuhættu.

Endurgreiðslur námu alls tæpum 4,0 ma.kr. og jukust þær frá fyrra ári um rúmar 630 m.kr. eða um 18,9%. Að stærstum hluta er um að ræða endurgreiðslur til opinberra aðila, þ.e. sveitarfélaga og ríkisstofnana.

**Tafla 40 Endurgreiddur virðisaukaskattur**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Egr. vsk af skattsk. starfsemi op.aðila | (1.532) | (1.214) | (317) | 26,1% |
| Egr. vsk til byggingaraðila v sölu/leigu | (779) | (686) | (93) | 13,6% |
| Egr. vsk á vörur til manneldis o.fl. | (582) | (545) | (37) | 6,9% |
| Egr. vsk af skattsk.starfs.A-hl stofnana | (409) | (306) | (103) | 33,6% |
| Egr. vsk til erlendra ferðamanna | (160) | (142) | (19) | 13,1% |
| Egr. vsk til erlendra fyrirtækja | (153) | (156) | 3 | (2,1%) |
| Egr. vsk v/ hitunar húsa og laugarvatns | (141) | (125) | (16) | 12,9% |
| Egr. vsk af einnota umbúðum | (108) | (98) | (11) | 10,8% |
| Aðrar endurgreiðslur | (118) | (78) | (40) | 51,2% |
| | (3.983) | (3.350) | (633) | 18,9% |

Samkvæmt skilgreiningu laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins á skattaafsláttum og skattstyrkjum er ljóst að meginhluta þessar endurgreiðslna á að færa gjaldamegin í ríkisreikning. Á sínum tíma var ákveðið að taka mið af stöðlum Alþjóða gjaldeyrissjóðsins (IMF) og Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) þar sem gert er ráð fyrir að slíkar endurgreiðslur og niðurfellingar verði dregin frá viðkomandi sköttum. Í frumvarpi til nefndra laga um fjárreiður ríkisins er talið sennilegt að „reglur staðlanna verði skerptar áður en langt um líður og kann þá að verða nauðsynlegt að taka þessa tilhögun til endurskoðunar“. Ríkisendurskoðun telur að ríkisreikningsnefnd þurfi að taka þetta mál aftur til skoðunar með það fyrir augum að samræma reglur. Á það skal

einnig bent að í ríkisreikningi er birt yfirlit yfir skattaafslætti og skattastyrki. Stór hluti afsláttanna er í formi niðurfellinga aðflutningsgjalda í tolli. Ef samræmi ætti að vera í þessum málum þá ætti einnig að gjaldfæra þessar niðurfellingar sem styrki til hinna ýmsu aðila og atvinnugreina.

Ríkisendurskoðun telur að breyta þurfi sjálfvirku endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts hjá ríkisstofnunum. Í stað þess sé ríkisstofnunum gert að hlýta sömu reglum og einkafyrirtæki sem þurfa að sækja sérstaklega um endurgreiðslu skattsins.

## Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda

Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga námu alls 38,0 ma.kr. í árslok 1999 og höfðu aukist um 5,7 ma.kr. frá fyrra ári eða um 17,6%. Innheimta staðgreiðsla jókst um 4,1 ma.kr. á milli ára eða um 13,1%.

**Tafla 41 Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Staðgreiðsla vegna þessa árs | 74.336 | 66.122 | 8.214 | 12,4% |
| Hluti sveitarfélaga í staðgr. þessa árs | (39.046) | (34.915) | (4.131) | 11,8% |
| Tekjuskattur, hluti ríkissjóðs | 35.290 | 31.207 | 4.083 | 13,1% |
| Sérstakur tekjuskattur | 1.132 | 615 | 517 | 84,2% |
| Tekjurskattur, eftirstöðvar fyrri ára | 1.565 | 480 | 1.085 | 226,0% |
| | 37.987 | 32.302 | 5.685 | 17,6% |

Á árinu 1999 lækkaði skatthlutfall um 1%, þ.e. úr 27,41% í 26,41%. Miðað við launagreiðslur ársins 1999 þýðir þessi breyting um 3,4 ma.kr. tekjulækkun hjá ríkissjóði. Útsvar hækkaði hins vegar um 0,32 prósentustig. Tekjuskattur einstaklinga nam því 38,34% á árinu 1999 samanborið við 39,02% árið 1998. Skattleysimörk hækkuð um 1,6% og námu á árinu 730.172 kr. Persónuafsláttur stóð nokkurn veginn í stað á milli ára.

Skv. upplýsingakerfi Ríkisskattstjóra námu launagreiðslur á árinu 1999 um 344,8 ma.kr. samanborið við 310,4 ma.kr. á árinu 1998. Greidd laun hafa því hækkað um 11,1% á milli áranna en á sama tíma hækkaði launavísitalan um 6,8%.

## Bifeiðagjöld

Tekjur af bifreiðagjöldum námu alls 6,4 ma.kr. á árinu 1999 samanborið við 5,8 ma.kr. árið á undan og nemur aukningin rúmum 600 m.kr. eða 10,5%.

**Tafla 42 Bifreiðagjöld**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Bifreiðagjald | (2.341) | (2.261) | (80) | 3,6% |
| Þungaskattur af mælabifreið, fast gjald | (320) | 0 | (320) | --- |
| Þungaskattur af díselbifr. skv. ökumælum | (2.041) | (2.298) | 256 | (11,2%) |
| Þungaskattur, fast árgjald | (1.680) | (1.243) | (437) | 35,2% |
| Þungaskattur af erlendum ökutækjum | (10) | (15) | 5 | (33,5%) |
| Endurgr. þungaskattur v/sérleyfisaksturs | 11 | 41 | (30) | (72,6%) |
| Bifreiðaskattar | (6.381) | (5.776) | (605) | 10,5% |

Ýmsar breytingar voru gerðar á lögum um bifreiðagjald og þungaskatt sem höfðu áhrif á tekjur ríkissjóðs. Bifreiðagjaldi var breytt þannig að lægra gjaldið hækkaði um 2,39% en hærra gjaldið lækkaði um 16,5%. Þá var sett inn hámark á bifreiðagjaldi, 36.200 kr. og jafnframt heimilað að endurgreiða mismun vegna 2. gjaldtímabils á árinu 1998.

Þungaskatti var líka breytt þannig að gjaldskrá fasts gjalds þungaskatts og kílómetragjalds hækkaði um 3,5% í ársbyrjun 1999. Haustið 1998 var lögfest ákvæði þess efnis að auk gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra skyldi einnig greiða fast árgjald þungaskatts að fjárhæð 100 þús. kr. Þá var þungaskattur af ökutækjum skráðum erlendis lækkaður til samræmis gjaldtöku innanlands.

Þá var einnig gerð sú breytinga að hætt var að endurgreiða þungaskatt vegna aksturs sérleyfishafa. Í staðinn var ákveðið að Vegagerðin greiddi sérleyfishöfum samsvarandi fjárhæð í formi styrkja. Skv. upplýsingum Vegagerðarinnar námu þessar greiðslur tæpum 48 m. kr. á árinu 1999.

## Arðgreiðslur

Heildararðgreiðslur til ríkissjóðs námu á árinu 2,8 ma.kr. og jukust þær um 446 m.kr. frá árinu á undan eða um 18,5%. Ef tekið er tillit til þess að arðgreiðslur Seðlabankans vegna áranna 1997 og 1998 voru báðar færðar á árið 1998 þá nemur aukningin tæpum 840 m.kr. eða 41,7%.

**Tafla 43 Arðgreiðslur**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands | 594 | 924 | (330) | (35,7%) |
| Landssími Íslands hf | 565 | 595 | (31) | (5,2%) |
| Fríhöfn Keflavíkurflugvelli | 340 | 400 | (60) | (15,0%) |
| Landsbanki Íslands hf | 338 | 0 | 338 | --- |
| Búnaðarbanki Íslands hf | 280 | 0 | 280 | --- |
| Fjárfestingarbanki atvinnulífsins | 277 | 0 | 277 | --- |
| Rafmagnsveitur ríkisins | 150 | 157 | (7) | (4,5%) |
| Landsvirkjun | 117 | 110 | 7 | 6,6% |
| Aðrar arðgreiðslur | 190 | 219 | (29) | (13,3%) |
| | 2.853 | 2.406 | 446 | 18,5% |

Við endurskoðun kom í ljós að mikið var um að fylgiskjöl báru ekki með sér fullnægjandi skýringu. M.a. komu ekki fram upplýsingar um hlutafjáreign og hvaða hlutfall bar að greiða í arð. Þá vantaði í mörgum tilfellum upplýsingar um hvort viðkomandi arðgreiðandi hafi haldið eftir staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts, þ.e. hvort um var að ræða brúttó eða nettó greiðslu. Nokkur dæmi voru þess að ekki hafði verið haldið eftir staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af arði og þurfti því að reikna hann og færa til skuldar á viðskiptareikningi sem ógreiddan. Nam sú fjárhæð rúmum 60 m.kr. Ríkisendurskoðun telur að bæta þurfi verulega frágang fylgiskjala vegna arðgreiðslna þannig að tryggt sé að ávallt séu til staðar fullnægjandi upplýsingar um greiðsluna.

## Sala eigna

Heildartekjur vegna sölu eigna námu 11,1 ma.kr. á árinu 1999 og höfðu þær hækkað um 8,7 ma.kr. frá árinu 1998. Sala eigna sundurliðast sem sem hér segir á árunum 1998 og 1999:

**Tafla 44 Sala eigna**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Sala á fasteignum | 487 | 232 | 255 | 109,9 |
| Sala á eignahlutum í félögum | 10.459 | 2.144 | 8.315 | 387,9 |
| Sala á stærri vélum | 25 | 8 | 17 | 212,2 |
| Önnur eignasala | 45 | 0 | 45 | |
| Sala á landi. | 124 | 87 | 37 | 42,5 |
| Samtals | 11.140 | 2.471 | 8.669 | 350,8 |

## Sala á fasteignum

Seldar voru 24 fasteignir á árinu 1999 og nam söluverð þeirra samtals 487 m.kr. Þar af nam söluverð 2 fasteigna samtals 291 m.kr. Eignirnar voru seldar samkvæmt heimildum í fjárlögum 1999 og nokkrar samkvæmt heimildum í fjárlögum ársins 2000 og stafar það af því að eignir eru seldar á viðkomandi ári

með fyrirvara um að heimild fengist í fjárlögum næsta árs. Sala á fasteignum fer í flestum tilvikum fram fyrir milligöngu fjármálaráðuneytisins. Meginreglan er að eignir eru auglýstar til sölu af Ríkiskaupum sem hefur umsýslu með sölunni.

## Sala á eignarhlutum í félögum

Sala á eignarhlutum í félögum nam 10,5 ma.kr. á árinu 1999 en var 2,1 ma.kr. á árinu 1998. Hækkun milli ára var þannig 8,3 ma.kr.

**Tafla 45 Sala á eignarhlutum í félögum**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 |
|---|---|---|
| Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. | 5.990 | 1.333 |
| Hólalax hf. | 1 | |
| Áburðarverksmiðjan hf. | 233 | |
| Stofnfiskur hf. | 4 | |
| Íslenskir aðalverktakar hf. | 128 | |
| Landsbaki Íslands hf. | 2.420 | |
| Búnaðarbankinn hf. | 1.683 | |
| Járnblendifélagið hf. | | 648 |
| Annað | | 163 |
| | 10.459 | 2.144 |

Stærsti hluti hagnaðar af sölu hlutabréfa kemur frá sölu á hlutabréfum í ríkisbönkunum þar af helmingur vegna sölu á hlutabréfum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Kostnaður vegna sölunnar nam 65 m.kr. og reiknaður fjármagnstekjuskattur nam rúmum 1,0 ma.kr.

**Tafla 46 Sala á hlutabréfum í ríkisbönkum**

| Í m.kr. | Bókf. verð á söludegi | Söluverð | Sölu-hagn. | Sölu-kostn. | Fjárm.t.-skattur |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf | 3.740 | 9.730 | 5.990 | 1 | 599 |
| Búnaðarbanki Íslands hf (15%) | 552 | 2.235 | 1.683 | 29 | 168 |
| Landsbanki Íslands hf (15%) | 867 | 3.287 | 2.420 | 35 | 242 |
| | 5.159 | 15.252 | 10.093 | 65 | 1.009 |

## Tryggingagjald

Tekjur af tryggingagjaldi námu tæpum 18,0 ma.kr. á árinu 1999 samanborið við 16,1 ma.kr. árið á undan og nemur aukningin 1,9 ma.kr. eða 11,6%. Skatt-

hlutfall tryggingagjalds í sérstökum gjaldflokki hækkaði úr 3,04% árið 1998 í 3,54% á árinu 1999. Skatthlutfall tryggingagjalds í almennum gjaldflokki lækkaði hins vegar úr 4,64% á árinu 1998 í 4,29% á árinu 1999.

**Tafla 47 Tryggingagjald**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Lífeyris- og slysatryggingar | 13.451 | 12.147 | 1.304 | 10,7% |
| Atvinnuleysistryggingasjóður (1,15%) | 3.825 | 3.463 | 362 | 10,5% |
| Ábyrgðarsjóður launa (0,04%) | 133 | 127 | 6 | 4,7% |
| Slysatr. útg.m.á sjómannslaun (0,65%) | 155 | 140 | 15 | 10,7% |
| Vinnueftirlit ríkisins (0,055%) | 184 | 179 | 5 | 2,8% |
| Staðlaráð Íslands (0,007%) | 23 | 21 | 2 | 9,5% |
| Icepro (0,001%) | 3 | 3 | 0 | 0,0% |
| Útflutningsráð (0,05%) | 158 | 0 | 158 | --- |
| Aðrir aðilar | 18 | 6 | 12 | 200,0% |
| | 17.950 | 16.086 | 1.864 | 11,6% |

Ein breyting var gerð á hlut rétthafa á árinu 1999, hlutdeild Vinnueftirlits ríkisins lækkaði úr 0,060% í 0,055%.

Reiknaður stofn til tryggingagjalds nam á árinu 1999 316,3 ma.kr. samanborið við 280,4 ma.kr. árið 1998 og hefur því stofninn hækkað um 12,9% á milli ára. Ríkisendurskoðun fór yfir útreikninga á skiptingu tryggingagjalds á milli rétthafa miðað við reiknaða stofna og eru ekki gerðar athugasemdir við þá. Hins vegar er bent á að frá því að innheimta tryggingagjalds hófst árið 1991, hefur hvert ár verið reiknað sérstaklega. Því þurfti að endurreikna 9 ár við uppgjör tryggingagjalds á árinu 1999. Þó svo að ekki hafa komið fram athugasemdir við þann endurreikning er ljóst að svo viðamikil afstemming er viðkvæmari fyrir skekkjum en ef endurreikningurinn næði til styttra tímabils. Þá er bent á að stofnar eldri en þriggja ára breytast tiltölulega lítið en sama vinna felst engu að síður í því að halda utan um og endurreikna þá.

# Einstök viðfangsefni

## Innheimtar ríkissjóðstekjur utan A-hluta

Athuganir leiddu í ljós að dæmi voru um að ekki væri fylgst nægjanlega vel með skilum á innheimtu frá viðkomandi innheimtuaðila. Ríkisendurskoðun telur að ef samið er við tiltekin fyrirtæki utan ríkissjóðs um að innheimta ríkissjóðstekjur og skila þeim í ríkissjóð þurfi að tryggja að ríkisféhirðir fái afrit af þeim samningum og geti þannig haft eftirlit með því að innheimtunni sé skilað reglulega í samræmi við samningana. Þá telur Ríkisendurskoðun nauðsynlegt

að aðilar utan A-hluta sem innheimta ríkissjóðstekjur skili árlega yfirliti yfir innheimtu og skil ársins. Aðilar sem ríkissjóður hefur samið við um innheimtu eru t.d. skoðunarstofur og Skýrr hf.

Nokkuð er um að tekjur færist á milli ára og á þetta m.a. um innheimtu á stimpilgjaldi en það er fært miðað við greiðslur í ríkissjóð en fyrir liggur að innheimta sem skilar sér í janúar er vegna fyrra árs. Þá voru dæmi um að fylgiskjöl að baki tekna séu ekki nægjanlega lýsandi fyrir tekjurnar og þau beri ekki með sér hvers konar tekjur sé að ræða. Á þetta við m.a. um innborganir sem berast beint inn á bankareikning ríkisféhirðis án frekari skýringa.

## Tekjur endurgreiddar af fjármálaráðuneyti

Endurgreiddar tekjur af fjármálaráðuneytinu námu samtals 970 miljónum króna og lækkuðu þær um 31 m.kr. á milli ára. Þegar litið er til einstakra liða breytast þeir þó mun meira og er ýmist um hækkanir eða lækkanir að ræða.
Helstu breytingar eru:

1. Endurgreiðslur vegna tekjuskatts Íslenska álfélagsins hf. lækkuðu um 133 m.kr. og stafar það af breytingum sem hafa orðið á reglum um þessar endurgreiðslur.

2. Endurgreiðslur vegna byggingu flugstöðvar hækkuðu um 55 m.kr. og stafar hækkunin af auknum framkvæmdum við Leifstöð á árinu 1999.

3. Endurgreiðslur vegna stimpilgjalda lækkuðu um 42 m.kr. og stafar það af minni flugvélaleigu en endurgreiða skal stimpilgjöld í tengslum við skráningu flugvéla hérlendis samkvæmt sérstakri heimild í fjárlögum.

**Tafla 48 Tekjur endurgreiddar af fjármálaráðuneyti**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Egr. vsk af skattsk.starfs.A-hl stofnana | (409) | (306) | (103) | 33,6% |
| Egr. vsk til erlendra fyrirtækja | (153) | (156) | 3 | (2,1%) |
| Egr. vsk af einnota umbúðum | (108) | (98) | (11) | 10,8% |
| Tekjuskattur, hagn.ÍSAL(umfram framl.gj) | 0 | (133) | 133 | (100,0%) |
| Stimpilgjald | (65) | (108) | 42 | (39,2%) |
| Egr. vsk v/breyt á Flugstöð LE 1.3 7.gr. | (62) | (7) | (55) | 765,3% |
| Þungaskattur, fast árgjald | (47) | (43) | (4) | 10,4% |
| Aðflutningsgjöld | (46) | (24) | (22) | 90,5% |
| Egr. vsk af gjöfum til líknarstarfsemi | (28) | (42) | 15 | (35,1%) |
| Tekjuskattur, lögaðilar | (27) | (37) | 10 | (27,3%) |
| Egr. vsk til sendimanna erlendra ríkja | (15) | (16) | 1 | (3,9%) |
| Aðrar tekjur | (10) | (32) | 22 | (69,9%) |
| | (970) | (1.002) | 31 | 3,1% |

Endurgreiðslur þessar byggjast í flestum tilfellum á greiðslubeiðnum frá fjármálaráðuneytinu. Ríkisendurskoðun skoðaði úrtak af fylgiskjölum og kom fram að almennt voru þau í lagi. Að mati stofnunarinnar þarf þó í nokkrum tilfellum að bæta frágang fylgiskjala, t.d. þannig að þau beri með sér á grundvelli hvaða heimilda endurgreiðslur eru gerðar. Þá telur Ríkisendurskoðun nauðsynlegt að a.m.k. tveir starfsmenn samþykki hverju sinni greiðslur úr ríkissjóði og að tryggt verði að ávallt sé til uppfærður listi hjá ríkisféhirði yfir þá sem heimild hafa til að samþykkja greiðslubeiðnir.

# Afskriftir og niðurfærsla

Sérstök afskriftarnefnd fjallar um allar beiðnir innheimtumanna ríkissjóðs um niðurfellingu og afskriftir á óinnheimtanlegum og töpuðum skattkröfum. Í nefndinni eiga sæti tveir menn; fulltrúi tollstjórans í Reykjavík, sem fer með innheimtueftirlit fyrir hönd fjármálaráðuneytis og fulltrúi Ríkisendurskoðunar. Starfsmaður ríkisskattstjóra er nefndinni til aðstoðar varðandi öflun upplýsinga úr skattkerfinu.

Beiðnir innheimtumanna um afskrift á óinnheimtanlegum skattkröfum berast nefndinni í formi skuldalista ásamt með rökstuðningi fyrir afskrift á einstakri kröfu. Á skuldalistanum og meðfylgjandi greinargerð kemur fram hvað gert hafi verið til að innheimta kröfurnar og hvernig innheimtuaðgerðum lauk.

Ríkisendurskoðun kannar í hverju tilfelli fyrir sig hvað hefur verið gert til að innheimta þær kröfur sem óskað er afskriftar á. Upplýsingar innheimtumanna um innheimtuaðgerðir eru athugaðar t.d.; eignaleysi skuldara, hvort hann er á

vanskilaskrá og/eða á skrá um skiptalok. Lagt er mat á möguleika á frekari innheimtu á skattkröfum hjá einstaklingum.

Ríkisendurskoðun kannar einnig ef um veruleg vanskil í vörslufjársköttum, virðisaukaskatti og afdreginn staðgreiðslu launagreiðenda er að ræða, hvort vanskilin hafi verið tilkynnt embætti skattrannsóknarstjóra.

## Beinar afskriftir

Afskrifaðar voru ríkissjóðstekjur að fjárhæð 6,1 ma.kr. á árinu 1999 samanborið við 4,6 ma.kr. árið 1998 og jukust því um 1,6 ma.kr. milli ára.

**Tafla 49 Beinar afskriftir**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | | | | |
| Þinggjöld einstaklinga | 430 | 837 | (407) | (48,6%) |
| Þinggjöld lögaðila | 431 | 270 | 161 | 59,6% |
| Eignarskattar | 61 | 82 | (21) | (25,6%) |
| Tryggingagjald | 130 | 94 | 36 | 38,3% |
| Virðisaukaskattur | 1.753 | 1.006 | 747 | 74,3% |
| Bifreiðaskattar | 13 | 16 | (3) | (18,8%) |
| Aðrir skattar | 157 | (23) | 180 | ---- |
| | 2.975 | 2.282 | 693 | 30,4% |
| Rekstrartekjur | | | | |
| Drv. af þinggj. einstkl. | 332 | 944 | (612) | (64,8%) |
| Drv. af þinggj. lögaðila | 486 | 191 | 295 | 154,5% |
| Drv. af virðisaukaskatti | 1.998 | 943 | 1.055 | 111,9% |
| Drv. af öðrum tekjum | 218 | 166 | 52 | 31,3% |
| Aðrar tekjur | 126 | 49 | 77 | 157,1% |
| | 3.160 | 2.293 | 867 | 37,8% |
| | 6.135 | 4.575 | 1.560 | 34,1% |

Mestar afskriftir eru vegna virðisaukaskatts eða 3,7 ma.kr., sem eru 60% af heildar afskriftum. Næst mest er afskrifað í opinberum gjöldum félaga eða 917 m.kr. Í opinberum gjöldum einstaklinga eru afskriftir 765 m.kr. Alls nemur afskrift í þessum þremur tekjuflokkum ríkissjóðs 5,4 ma.kr. eða 80% allra afskrifta.

Í virðisaukaskatti hækkuðu afskriftir mikið vegna afskrifta krafna frá 1993 og fyrr og áður sem voru að fullu afskrifaðar nú. Afskriftir á söluskatti og launaskatti nam 250 m.kr. og voru eftirstöðvar í þessum sköttum að mestu afskrifaðar á árinu.

## Niðurfærsla krafna

Niðurfærsla eftirstöðva ríkissjóðstekna er með tvennum hætti. Annars vegar almenn niðurfærsla þar sem skuldir gjaldþrotaaðila eru færðar niður um 80% og hins vegar viðbótarniðurfærsla þar sem lagt er mat á möguleika á innheimtu annarra krafna og þær færðar niður í samræmi við það mat. Eins og fram hefur komið lækkaði afskriftarsjóðurinn um 1,8 ma.kr. á milli áranna 1998 og 1999 og stóð í 12,8 ma.kr. í árslok 1999.

**Tafla 50 Niðurfærsla krafna**

| Í m.kr. | Niðurfært í ársbyrjun | Niðurfært í árslok | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| **Skatttekjur** | | | | |
| Tekjuskattur einstaklinga | 2.310 | 2.262 | 48 | 2,1% |
| Tekjuskattur lögaðila | 479 | 717 | (238) | (33,2%) |
| Eignarskattar | 759 | 899 | (140) | (15,6%) |
| Tryggingagjald | 57 | 228 | (171) | (75,0%) |
| Virðisaukaskattur | 4.124 | 4.244 | (120) | (2,8%) |
| Bifreiðaskattar | 118 | 100 | 18 | 18,0% |
| Aðrir skattar | 38 | 66 | (28) | (42,4%) |
| | 7.885 | 8.516 | (631) | (7,4%) |
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Drv. af tekjuskatti einstk. | 1.085 | 965 | 120 | 12,4% |
| Drv. af tekjuskatti lögaðila | 430 | 900 | (470) | (52,2%) |
| Drv. af virðisaukaskatti | 2.839 | 3.416 | (577) | (16,9%) |
| Drv. af öðrum tekjum | 473 | 658 | (185) | (28,1%) |
| Sektir | 58 | 109 | (51) | (46,8%) |
| | 4.885 | 6.048 | (1.163) | (19,2%) |
| | 12.770 | 14.564 | (1.794) | (12,3%) |

Lækkun á afskriftarsjóði í árslok 1999 samsvarar að nokkru leyti aukningu í beinum afskriftum. Þetta þýðir að gjaldfærsla í ríkisreikningi vegna afskrifta er nánast óbreytt á milli ára. Gjaldfærðar afskriftir 1999 námu 4,5 ma.kr. samanborið við 4,7 ma.kr. á árinu 1998.

# Eftirstöðvar ríkissjóðstekna

Eftirstöðvar ríkissjóðstekna í árslok 1999 námu alls 50,6 ma.kr. en í árslok 1998 námu eftirstöðvar 34,6 ma.kr. og hafa því aukist um 16,0 ma.kr. eða 46,4%. Aukningu eftirstöðva má að einum þriðja rekja til virðisaukaskatts en þar

aukast eftirstöðvar um 5,0 ma.kr., til sölu hlutabréfa má rekja 4,1 ma.kr. og til fjármagnstekjuskatts 2,6 ma.kr.

**Tafla 51 Eftirstöðvar ríkissjóðstekna**

| Í m.kr. | 1999 | 1998 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | | | | |
| Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga | 9.294 | 7.869 | 1.425 | 18,1% |
| Skattar á tekjur og hagnað lögaðila | 1.758 | 1.260 | 498 | 39,5% |
| Fjármagnstekjuskattur | 5.002 | 2.380 | 2.622 | 110,2% |
| Eignarskattar | 1.829 | 1.614 | 215 | 13,3% |
| Tryggingagjald | 2.526 | 2.269 | 257 | 11,3% |
| Vörugjöld | 1.648 | 1.293 | 355 | 27,5% |
| Virðisaukaskattur | 16.518 | 11.507 | 5.011 | 43,5% |
| Bifreiðaskattar | 379 | 304 | 75 | 24,7% |
| Neyslu- og leyfisgjöld | 171 | 162 | 9 | 5,6% |
| Aðrir skattar | 427 | 386 | 41 | 10,6% |
| | 39.552 | 29.044 | 10.508 | 36,2% |
| Rekstrartekjur | | | | |
| Leyfisgjöld A- og B-hluta stofnana | 452 | 333 | 119 | 35,7% |
| Önnur neyslu- og leyfisgjöld | 148 | 135 | 13 | 9,6% |
| Dráttarvextir af ríkissjóðstekjum | 3.256 | 2.243 | 1.013 | 45,2% |
| Ýmsar fjármunatekjur | 2.244 | 2.117 | 127 | 6,0% |
| | 6.100 | 4.828 | 1.272 | 26,3% |
| Aðrar tekjur | | | | |
| Arðgreiðslur | 594 | 531 | 63 | 11,9% |
| Sala hlutabréfa | 4.103 | 0 | 4.103 | --- |
| Sektir | 291 | 192 | 99 | 51,6% |
| Aðrar tekjur | 5 | 0 | 5 | --- |
| | 4.993 | 723 | 4.270 | 590,6% |
| Samtals eftirstöðvar | 50.645 | 34.595 | 16.050 | 46,4% |
| Ógjaldfallnar eftirstöðvar | | | | |
| Skattar á tekjur einstaklinga | 5.343 | 4.588 | 755 | 16,5% |
| Tryggingagjald | 1.127 | 1.087 | 40 | 3,7% |
| Virðisaukaskattur | 7.721 | 6.108 | 1.613 | 26,4% |
| Fjármagnstekjuskattur | 3.811 | 2.405 | 1.406 | 58,5% |
| Aðrir skattar | 587 | 290 | 297 | 102,4% |
| Söluhagnaður hlutabréfa | 4.103 | 0 | 4.103 | 0,0% |
| Samtals ógjaldfallnar eftirstöðvar | 22.692 | 14.478 | 8.214 | 56,7% |
| Gjaldfallnar eftirstöðvar | 27.953 | 20.117 | 7.836 | 39,0% |

Ógjaldfallnar eftirstöðvar námu í árslok 22,7 ma.kr. og hafa aukist um 8,2 ma.kr. frá fyrra ári. Að teknu tillit til þessa jukust gjaldfallnar eftirstöðvar um

7,8 ma.kr. eða 39%. Hlutfall gjaldfallinna eftirstöðva af því sem til innheimtu var á árinu 1999 (ógjaldfallnar tekjur ekki meðtaldar) var 11,9% samanborið við 10,5% á árinu 1998. Innheimtuárangur hefur því heldur dalað á árinu. Að hluta til má rekja þetta til virðisaukaskatts en eins og áður hefur komið fram hafa áætlanir skattyfirvalda aukist til muna á milli ára.

## Sértekjur

Í 12. gr. laga um fjárreiður ríkisins segir svo um sértekjur: „Tekjur ríkisstofnana af sölu vöru og þjónustu sem seld eru á markaðsforsendum skal færast til lækkunar á gjöldum en jafnframt sýndar sérstaklega í reikningum þeirra.“

Í athugasemdum við frumvarp til fjárreiðulaga segir m.a.: „Með sértekjum ríkisstofnana er átt við tekjur af sölu á vörum eða markaðstengdri þjónustu til einstaklinga eða lögaðila sem þeir nýta að jafnaði að eigin vali og ekki er skylt að lögum að greiða fyrir. Sértekjur eru tengdar eða háðar starfsemi þeirra stofnana sem inna þjónustuna af hendi, þ.e. að selja hana.“

Á árinu 1999 námu sértekjur í A-hluta 12,8 ma.kr. sem er hækkun frá fyrra ári um 10,8%. Sértekjur flokkast þannig eftir tegund:

**Tafla 52 Sértekjur**

| Tegund | m.kr. |
|---|---|
| Sérfræðiþjónusta | 1.716 |
| Ýmis þjónusta og vörusala | 2.155 |
| Verksala | 771 |
| Ráðstefnu- og fundargjöld | 422 |
| Sala á eignum og gjafir | 137 |
| Framlög frá aðilum utan A-hluta | 1.248 |
| Fjármunatekjur | 564 |
| Framlög innan A-hluta | 2.415 |
| Leigutekjur | 1.313 |
| Kostnaðarhlutdeild | 595 |
| Annað | 1.467 |
| Samtals sértekjur | 12.803 |

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur fjölmargt verið fært sem sértekjur sem ekki getur talist til sértekna í skilningi fjárreiðulaga. Stofnunin telur að af þeim 12,8 ma.kr. sem færðar hafa verið sem sértekjur í ríkisreikningi 1999 falli um helmingur fjárhæðar undir skilgreiningu laganna, þriðjungur sé innbyrðis kostnaðarhlutdeild A-hluta aðila sem eigi að koma beint til lækkunar á gjöldum og það sem eftir stendur væri rétt að færa á tekjuhlið ríkisreiknings. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að framsetning sértekna í ríkisreikning taki fullt mið af ákvæðum 12. greinar fjárreiðulaganna. Áréttað skal að slík framsetning hefði ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

# Lagabreytingar

Á árinu 1998 og 1999 voru samþykktar breytingar á ýmsum lögum um tekjustofna ríkissjóðs. Helstu breytingar voru eftirfarandi:

1. Lög nr. 83/1998 um brottfall laga um vörugjald af olíu og breytingu á lagaákvæðum um gjöld af bifreiðum

   Helsta breytingin skv. þeim var sú að af bifreiðum, tengi- og festivögnum sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 eða meira skuli framvegis auk kílómetragjalds greiða fast árgjald að fjárhæð 80.000 krónur.

2. Lög nr. 151/1998 um breytingu á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

   Helstu breytingar skv. þeim eru að bifreiðagjald breyttist þannig að lægra kílómetragjaldið hækkaði úr 5,86 kr. í 6,00 kr. eða um 2,39%; hærra gjaldið lækkaði hins vegar úr 9,66 kr. í 8,10 kr. eða um 16,15. Þá var að nýju sett inn hámark á fjárhæð bifreiðagjalds sem ákveðið var 36.200. Jafnhliða var heimilað að endurgreiða þeim sem greiddu hærra gjald á 2. gjaldtímabili 1998 mismuninn.

   Þá var gjaldskrá þungaskatts hækkuð með tilliti til forsendna vegaáætlunar en í henni var gert ráð fyrir að gjaldskráin hækkaði um 3,5% fyrri hluta ársins 1999 og 2% á síðari hluta ársins. Þá var þungaskattur af bifreiðum skráðum erlendis lækkaður til samræmis við þungaskatt af innlendum ökutækjum.

3. Lög nr. 157/1998 um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald með síðari breytingum.

   Með lögunum er ákveðið að hin almenna heimild sem fjármálaráðherra hafði í 35. gr. laganna til að ákveða hvort ríkissjóður greiddi stimpilgjald, félli brott en í staðinn væru undanþágur tilgreindar í lögum þegar það þætti eiga við. Þannig er gert ráð fyrir að ríkið greiði framvegis stimpilgjald vegna t.d. kaupa á húseignum á sama hátt og það greiðir virðisaukaskatt í viðskiptum eins og aðrir.

4. Lög nr. 158/1998 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1999 en þar er m.a. kveðið á um skerðingu markaðra tekna.

5. Lög nr. 159/1998 um breytingar á ákvæðum ýmissa skattalaga

   Í þessum lögum er í fyrsta lagi kveðið á um breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda í þá veru að kveða afdráttarlaust á um að draga

beri staðgreiðslu af dæmdum eða úrskurðum launakröfum. Í öðru lagi var gildistími laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum framlengdur um fimm ár. Í þriðja lagi var í lögum nr. 83/1989 um aukatekjur ríkissjóðs kveðið á um sérstakt gjald fyrir leyfi til að reka almenna póstþjónustu og fjarskipta- og talþjónustu, innheimtuleyfi, leyfi til útvarps og leyfisbréf fyrir lífeyrissjóð. Jafnframt var kveðið á um gjaldtöku vegna skráningar póstrekanda og aðila sem veita fjarskiptaþjónustur. Loks var í fjórða lagi mælt fyrir um að 0,5% af tekjum af bensíngjaldi, sem lagt er á samkvæmt lögum nr. 29/1993 verði ráðstafað í ríkissjóðs til að standa straum af kostnaði við álagningu og innheimtu gjaldsins.

6. Lög nr. 83/1999 um breytingar á lögum nr. 26/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

   Meginbreytingin í þessum lögum er sú að í stað 97% vörugjalds af tollverði er ákveðið að bensíngjald verði föst krónutala, 10,50 kr. á hvern lítra.

7. Lög nr. 29/1999 um breytingu á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga.

   Tilgangur laganna er að skapa félögum sem sérstaklega eru stofnuð og starfrækt samkvæmt starfsleyfi hér á landi í því skyni að stunda viðskipti utan íslenskrar lögsögu samkeppnishæf skattaleg skilyrði samanborið við það sem annars staðar býðst.

# 5 Endurskoðun A-hluta stofnana og fjárlagaliða

Endurskoðun á stofnum og fjárlagaliðum í A-hluta ríkisreiknings hefur löngum verið helsta viðfangsefni Ríkisendurskoðunar og það sem mestum tíma er varið til. Rekstur stofnana í A-hluta er að mestu fjármagnaðar með framlagi af skatttekjum og margar þeirra notfæra sér bókhalds- og greiðsluþjónustu Ríkisbókhalds. Endurskoðun stofnana sem teljast til A-hluta ríkisreiknings beinist einkum að gjaldaliðum, sértekjum og eignaskráningu.

Í fyrri skýrslum um endurskoðun ríkisreiknings hefur athygli verið vakin á ýmsu er varðar fjárreiður og bókhald stofnana sem voru endurskoðaðar. Hefur umfjöllunin takmarkast við þær stofnanir og fjárlagaliði þar sem Ríkisendurskoðun hefur fundist ástæða til athugasemda. Þeim stofnunum hefur fækkað ár frá ári sem ástæða er talin til að fjalla um með þessum hætti. Í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1996 voru þannig tilgreindar 42 A-hluta stofnanir og fjárlagaliðir, í skýrslunni fyrir árið 1997 voru þær 34 talsins og í skýrslunni vegna 1998 samtals 25. Í ár eru gerðar sérstakar athugasemdir vegna aðeins 9 stofnana, af þeim 166 stofnunum og fjárlagaliðum sem endurskoðaðir voru. Í töflunni hér að neðan eru tilgreindar þær stofnanir og fjárlagaliðir í A-hluta ríkisreiknings sem voru endurskoðaðar að þessu sinni.

## Tafla 53 Endurskoðaðar stofnanir og fjárlagaliðir í A-hluta ríkisreiknings 1999

| Fjl.nr. | Nafn | Fjl.nr. | Nafn |
|---|---|---|---|
| 00-101 | Embætti forseta Íslands | 05-218 | Veiðarfærararannsóknarsjóður |
| 00-201 | Alþingi | 05-273 | Byggingasjóður sjávarútvegshúss |
| 00-701 | Vestnorræna ráðið | 05-274 | Húsbyggingasjóður |
| 01-190 | Kristnihátíðarnefnd | 05-516 | Gæða- og orkufjársjóður |
| 01-190 | Landafundanefnd | 05-999 | Greiðslumiðlun í Sjávarútveg. |
| 01-190 | Grænlandssjóður | 06-102 | Stjórnartíðindi |
| 01-211 | Þjóðhagsstofnun | 06-105 | Lögbirtingablaðið |
| 01-221 | Byggðastofnun | 06-396 | Landhelgissjóður |
| 01-241 | Umboðsmaður barna | 06-426 | Sýslum. í Neskaupstað |
| 01-902 | Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | 06-701 | Biskupsstofa |
| 02-201 | Tannlæknadeild H.Í. | 06-736 | Jöfnunarsjóður sókna |
| 02-201 | Námsbraut í sjúkraþjálfun H.Í. | 07-331 | Vinnueftirlit ríkisins |
| 02-201 | Námsbraut í hjúkrunarfræði H.Í. | 07-700 | Málefni fatlaðra |
| 02-201 | Rannsóknastofa í lyfjafræði H.Í | 07-711 | Styrktarfélag vangefinna |
| 02-201 | Lyfjafræði lyfsala H.Í. | 07-722 | Sólheimar |
| 02-207 | Íslensk málstöð | 07-795 | Framkvæmdasjóður fatlaðra |
| 02-208 | Örnefnastofnun | 07-801 | Jöfnunarsjóður sveitarfélaga |
| 02-210 | Háskólinn á Akureyri | 07-971 | Erfðafjársjóður |
| 02-211 | Tækniskóli Íslands | 07-972 | Bjargráðasjóður |
| 02-215 | Kennaraháskóli Íslands | 07-980 | Vinnumálastofnun |
| 02-236 | Vísindasjóður | 07-982 | Ábyrgðasjóður launa |
| 02-237 | Tæknisjóður | 07-984 | Atvinnuleysistryggingasjóður |
| 02-239 | Rannsóknarnámssjóður | 07-984 | Kjararannsóknarnefnd |
| 02-261 | Landbúnaðarhásk. á Hvanneyri | 07-987 | Trygg.sj. sjálfstætt starf. einstakl. |
| 02-276 | Bygginga- og tækjasjóður | 08-201 | Tryggingastofnun ríkisins |
| 02-299 | Norræna Eldfjallastöðin | 08-203 | Bætur skv. l. um félagsl. aðstoð |
| 02-302 | Menntaskólinn á Akureyri | 08-204 | Lífeyristryggingar |
| 02-318 | Bygging Borgarholtsskóla | 08-206 | MDS mælingasjóður |
| 02-725 | Námsgagnastofnun | 08-206 | Sjúkratryggingar |
| 02-902 | Þjóðminjasafn | 08-208 | Slysatryggingar |
| 02-972 | Íslenski dansflokkurinn | 08-241 | Eftirlaunasjóður aldraðra |
| 02-979 | Húsafriðunarsjóður | 08-301 | Landlæknisembættið |
| 02-984 | Norræn samvinna | 08-358 | Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri |
| 02-985 | Menntast. Ísl. og Bandaríkjanna | 08-368 | Sólvangur |
| 03-211 | Flugmálastjórn Keflavíkurflugv. | 08-371 | Ríkisspítalar |
| 04-233 | Yfirdýralæknir | 08-385 | Framkvæmdasjóður aldraðra |
| 04-236 | Aðfangaeftirlit ríkisins | 08-399 | Tannverndarsjóður |
| 04-271 | Hólaskóli | 08-400 | St. Jósefsspítali |
| 04-331 | Héraðsskógar | 08-407 | Sundabúð II |
| 04-416 | Sýslum. Patreksfirði | 08-408 | Sunnuhlíð |
| 04-820 | Garðyrkjusjóður | 08-409 | Skjól, hjúkrunarheimili |
| 04-823 | Lánasjóður landbúnaðarins | 08-410 | Eir hjúkrunarheimili |
| 04-891 | Áform - átaksverkefni | 08-411 | Garðvangur, Garði |
| 05-202 | Hafrannsóknastofnun | 08-412 | Hjúkrunarheimilið Skógarbær |
| 05-204 | Fiskistofa | 08-414 | Lundur, Hellu |
| 05-209 | Byggingasj. Hafrannsóknarskips | 08-415 | Hulduhlíð |
| 05-211 | Kvótaþing | 08-416 | Hornbrekka |
| 05-215 | Gengismunasjóður | 08-420 | S.Á.Á. |
| 05-217 | Sjávarspendýrasjóður | 08-421 | Víðines |

| Fjl.nr. | Nafn | Fjl.nr. | Nafn |
|---|---|---|---|
| 08-430 | Sjálfbjargarheimilið | 08-725 | Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ |
| 08-431 | N.L.F.Í. Heilsuhæli | 08-741 | Heilbrigðisstofn. Hvammstanga |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 08-435 | Hlein | 08-745 | Heilbrigðisst. Blönduósi |
| 08-490 | Vistun ósakhæfra afbrotamanna | 08-751 | Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki |
| 08-495 | Daggjaldastofnanir | 08-755 | Heilbrigðisstofnunin Siglufirði |
| 08-495 | Dalbær | 08-761 | Heilbrigðisstofnunin Húsavík |
| 08-495 | Dvalarheimilið Hjallatún | 08-761 | Heilbrigðisstofnunin Húsavík |
| 08-495 | Dvalarheimilið Barmahlíð | 08-765 | Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum |
| 08-495 | Dvalarheimilið Borgarnesi | 08-771 | Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði |
| 08-495 | Dvalarheimilið Jaðar | 08-775 | Heilbrigðisstofn. Neskaupstað |
| 08-495 | Dvalarheimilið Fellaskjól | 08-777 | Heilbrigðisstofnunin Austurlands |
| 08-495 | Dvalarheimilið Höfði | 08-781 | Heilbrigðisst. Vestmannaeyjum |
| 08-495 | Grund | 08-785 | Heilbrigðisstofnunin Selfossi |
| 08-495 | Ás/Ásbyrgi | 08-791 | Heilbrigðisstofn. Suðurnesjum |
| 08-495 | Hjúkrunarheimilið Kumbaravogi | 09-103 | Ríkisbókhald |
| 08-495 | Hlíðarbær | 09-104 | Ríkisféhirðir |
| 08-495 | Hrafnista DAS Hafnarfirði | 09-201 | Ríkisskattstjóri |
| 08-495 | Hrafnista DAS Reykjavík | 09-214 | Yfirskattanefnd |
| 08-495 | Klausturhólar | 09-262 | Tollstjórinn í Reykjavík |
| 08-495 | Múlabær | 09-901 | Framkvæmdasýslan |
| 08-495 | Reykjalundur | 09-905 | Ríkiskaup |
| 08-515 | Heilsugæslustöðin Lágmúla | 09-972 | Lánasýsla ríkisins |
| 08-561 | Heilsugæslustöðin Vopnafirði | 09-984 | Fasteignir ríkissjóðs |
| 08-565 | Heilsugæslustöðin Eskifirði | 09-999 | Biðreikn. Útvegsbanka Ísl. |
| 08-566 | Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði | 10-335 | Siglingastofnun Íslands |
| 08-567 | Heilsugæslustöðin Djúpavogi | 10-471 | Flugmálastjórn |
| 08-574 | Heilsugæslust. Hvolsvelli | 10-651 | Ferðamálaráð |
| 08-575 | Heilsugæslust. Hellu | 11-201 | Iðntæknistofnun |
| 08-576 | Heilsugæslustöðin Laugarási | 11-301 | Orkustofnun |
| 08-578 | Heilsugæslust. Hveragerði | 11-371 | Orkusjóður |
| 08-579 | Heilsugæslust. Þorlákshöfn | 12-302 | Löggildingarstofa |
| 08-711 | Heilbrigðisst. Akranesi | 12-402 | Fjármálaeftirlitið |
| 08-715 | St. Fransiskuspítali | 14-285 | Spilliefnanefnd |
| 08-721 | Heilbrigðisst. Patreksfirði | 14-381 | Ofanflóðasjóður |

## 00-101 Embætti forseta Íslands

Á árinu 1999 voru rekstrargjöld forsetaembættisins að frádregnum sértekjum samtals 110,8 m.kr. sem er 16,6 m.kr. umfram fjárheimildir ársins eða 17,6%. Gjöld umfram heimildir eru fyrst og fremst á viðfangsefnunum yfirstjórn og opinberar heimsóknir. Embættið átti fyrir ónýtta útgjaldaheimild frá fyrra ári að fjárhæð 1,6 m.kr. og er höfuðstóll embættisins því neikvæður um 15 m.kr. í árslok 1999.

Ríkisendurskoðun gerði athugasemd við að embættið skilaði ekki gögnum til greiðslu og bókunar innan eðlilegra tímamarka. Þá gerði stofnunin athugasemdir vegna uppgjörs og frágangs ferðareikninga.

## 02-211 Tækniskóli Íslands

Rekstrargjöld Tækniskóla Íslands að frádregnum sértekjum námu 297 m.kr. á árinu 1999 og voru 12,2 m.kr. eða 4,3% umfram heimild ársins. Hallinn eykur

neikvætt eigið fé í ársbyrjun úr 45,0 m.kr. í 57,1 m.kr. í árslok. Samkvæmt skýringum rektors vantar talsvert á að fjárheimildir skólans hafa tekið nægjanlegt tillit til áhrifa kjarasamninga á hækkun launakostnaðar. Fjárheimildir hafi heldur ekki tekið tillit til viðbótarkostnaðar vegna langvarandi veikinda og fæðingarorlofs nokkurra starfsmanna. Auk þess hefði nemendum fjölgað talsvert umfram það sem forsendur fjárheimilda gerðu ráð fyrir. Ríkisendurskoðun telur að staðan á eigin fé sé óviðunandi og leggur áherslu á að gerðar verði róttækar ráðstafanir til að laga fjárhagsstöðu skólans. Innra eftirlit er almennt komið í nokkuð gott lag. Þau atriði sem enn eru í ólagi er lotun gjalda og viðveruskráning starfsmanna.

## 02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Fjárhagsendurskoðun á Menntaskólanum á Akureyri náði fyrst og fremst til ársins 1998. Vegna endurskoðunarinnar var farið til Akureyrar og upplýsinga aflað hjá rekstrarstjóra skólans, skólameistara og hjá starfsmanni sem færði bókhald. Helstu þættir sem endurskoðunin náði til voru samanburður á rekstri og fjárheimildum, afstemming bankareikninga, athugun á viðskiptareikningum, samanburður tekna og gjalda milli ára, mat á innra eftirlit, og athugun á efni og formi fylgiskjala bókhalds.

Fljótlega eftir að endurskoðun hófst kom í ljós að miklir annmarkar voru á frágangi og vörslu hluta bókhaldsgagna. Við endurskoðun kom fram að færsla bókhalds skólans var að mörgu leyti mjög ábótavant. Voru margháttaðar athugasemdir gerðar af því tilefni. Þá var fjárhagsstaða skólans fjarri því að vera viðunandi. Á fjárlögum vegna 1998 var 161,4 m.kr. veitt til skólans, en alls námu fjárheimildir ársins 174,9 m.kr. Gjöld að frádregnum sértekjum námu 187,8 m.kr. og var sú fjárhæð 12,9 m.kr. yfir fjárheimildum eða 7,7%. Í árslok 1998 námu veltufjármunir skólans alls 11,4 m.kr. og skammtímaskuldir 42,2 m.kr. Þannig hafði stofnunin notað 30,8 m.kr. umfram fjárheimildir í árslok 1998. Slæma rekstrarafkomu skólans á árinu 1998 og uppsafnaðan rekstrarvanda frá fyrri árum er annars vegar að rekja til hækkunar launakostnaðar, en kjarasamningar kennara fólu í sér meiri launahækkanir en reiknað var með í forsendum fjárlaga. Hins vegar má rekja slæma afkomu til kostnaðar umfram áætlanir vegna byggingaframkvæmda við skólann.

## 02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Í framhaldi af upplýsingum um slæma fjárhagsstöðu Þjóðminjasafnsins á árinu 1999 fór menntamálaráðuneytið fram á það að Ríkisendurskoðun athugaði fjárhagsstöðu safnsins og ástæður hallarekstrar árinu.

Á árinu 1999 námu gjöld Þjóðminjasafnsins umfram heimildir fjárlaga 61,7 m.kr. Þar af má rekja 31,6 m.kr. til ákvarðana stofnunarinnar um útgjöld sem

ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum, 11,6 m.kr. voru vegna vanáætlunar í fjárlögum, 6,1 m.kr. tengdust flutningum safnsins og 12,3 m.kr. má rekja til tafa á flutningum stofnunarinnar. Umframútgjöld sem ákveðin voru af stofnuninni skiptust þannig að 17,8 m.kr. voru vegna launa, 6,2 m.kr. vegna eignakaupa og 7,6 m.kr. vegna annarra gjalda og tilfærslna.

Ástæður þess að gjöld fóru fram úr fjárheimildum voru einkum þær að lagt var út í kostnað og framkvæmdir án þess að fjárveitingar eða öruggar tekjur væru til staðar. Þá var kostnaðaráætlun vegna flutninga safnsins ekki endurskoðuð heldur var hún kynnt án þess að draga fram óvissuþætti um tekjur.

Menntamálaráðuneytið gerði í lok júlí 1999 alvarlegar athugasemdir við fjármálastjórn Þjóðminjasafnsins og taldi að til stórvandræða horfði ef aukið aðhald og ábyrgð í stjórn fjármála yrði ekki sýnt. Þetta voru í raun einu viðvaranir sem gerðar voru um fjárhagsstöðu safnsins fyrir utan viðvaranir fjármálastjóra í framkvæmdaráði.

## 04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri

Á árinu 1999 námu rekstrargjöld skólans að frádregnum sértekjum 141,7 m.kr. og var sú fjárhæð 15,3 m.kr. umfram fjárheimildir ársins eða 12,1%. Staða fjárheimilda skólans frá fyrra ári var neikvæð um 47,1 m.kr. Í árslok 1999 hafði skólinn því notað 62,4 m.kr. umfram útgjaldaheimild sína. Sama umfang í rekstri skólans leiðir til áframhaldandi taprekstrar og skuldasöfnunar. Gera þarf ráðstafanir til þess að reksturinn verði í samræmi við fjárheimildir.

Enda þótt ýmsar ábendingar til úrbóta séu gerðar þá er umsjón fjármála og bókhalds sem tilheyra daglegum rekstri á skrifstofu í traustu horfi í heildina tekið. Þannig er bókhaldið skipulega byggt upp bæði hvað varðar frágang fylgiskjala og uppbyggingu í bókhaldskerfinu. Verkaskipting á skrifstofu stuðlar einnig að innra eftirliti. Launavinnsla hjá skólanum fer skipulega fram þannig að laun eru ekki greidd nema með skriflegu samþykki rektors. Rekstraráætlun og verkefnavísar eru gerðir fyrir skólann og eignaskrá færð. Ábendingar sem fram komu við endurskoðun lutu m.a. að áritun reikninga til samþykkis, viðveruskráningu með stimpilklukku, verklagi við skráningu tekna, afskriftum gamalla viðskiptakrafna, birgðatalningu, ytra og innra bókhaldi og frágangi risnu- og gjafareikninga

## 07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Í byrjun janúar 2000 óskaði félagsmálaráðuneytið eftir að Ríkisendurskoðun yfirfæri rekstur Málefna fatlaðra í Reykjavík, greindi þann vanda sem stofnunin hefur við að glíma og gæfi ábendingar um hvernig ætti að bregðast við honum. Athugun Ríkisendurskoðunar beindist að fjárhagsvanda stofnunarinnar.

Samkvæmt fjárlögum ársins 1999 var framlagið til stofnunarinnar 626 m.kr. Á árinu hækkaði fjárheimild stofnunarinnar um 48 m.kr. Þar af hækkuðu fjárheimildir sambýla um 30 m.kr. vegna þriggja nýrra sambýla sem gert var ráð fyrir að stofnunin hæfi rekstur á á árinu 1999. Heildarfjárheimild stofnunarinnar á árinu 1999 nam því 674 m.kr.

Rekstrarútgjöld að frádregnum sértekjum hjá stofnuninni á árinu 1999 námu 705 m.kr. og voru þau 31 m.kr. eða 4,5% yfir því sem fjárheimildir ársins gerðu ráð fyrir. Til viðbótar nemur halli fyrri ára 19 m.kr. Samtals nemur uppsafnaður rekstrarhalli í árslok 1999 því 50 m.kr. Þessu til viðbótar varð ekkert úr rekstri nýrra sambýla og var fjárveiting vegna þeirra notuð til annars rekstrar. Rekstrarvandinn í árslok 1999 nam að teknu tilliti til þessa um 80 m.kr.

Miðað við óbreyttan rekstur stefnir í að kostnaður við Málefni fatlaðra í Reykjavík verði um 753 m.kr. á árinu 2000 sem er um það bil sama fjárhæð og fjárlög ársins gera ráð fyrir. Sé tekið tillit halla frá fyrra ári og gert ráð fyrir að ráðist verði í þau nýju verkefni sem fjárlög yfirstandandi árs gera ráð fyrir, má ætla að fjárhagsvandi í lok árs 2000 verði tæpir 133 m.kr.

Helstu ástæður þess að stofnunin fór verulega fram úr fjárheimildum eru þær að ekki var staðið við þær rekstraráætlanir sem stofnunin gerði. Stofnunin hefur ráðist í verkefni án þess að tryggt væri fjármagn til verksins. Verkefni hafa frestast og stofnunin notað fjármuni þeirra til að mæta rekstrarvanda í stað þess að draga úr þjónustu eða umfangi verkefna.

## 08-301 Landlæknir

Starfsemi landlæknisembættisins hefur vaxið umtalsvert á allra síðustu árum með auknum verkefnum og fleiri starfsmönnum. Nýtt skipurit hefur tekið gildi og starfsemin orðið fjölþættari en áður var. Hins vegar hefur fjárhagsstaða embættisins lengi verið fjarri því að teljast góð og rekstrarhalli farið vaxandi ár frá ári. Að frumkvæði landlæknis skoðaði Ríkisendurskoðun rekstur embættisins með það fyrir augum að leggja fram tillögur til úrbóta.

Í árslok 1999 var uppsafnaðaur fjárhagsvandi embættisins um 34 m.kr. vegna útgjalda umfram fjárheimildir. Útgjöld á árinu 2000 stefndu í að fara 24 m.kr. fram úr fjárheimildum. Fjárhagsvandi embættisins stefndi þannig að óbreyttu í að verða um 58 m.kr. í árslok 2000.

Að mati Ríkisendurskoðun var ljóst að landlæknisembættið gæti ekki á eigin spýtur leyst fjárhagsvanda af þessari stærð nema til kæmi verulegur samdráttur í starfseminni og fækkun starfsmanna. Til þess konar ráðstafana yrði hins vegar vart gripið nema í samráði við heilbrigðs- og tryggingamálaráðuneytið. Það var

niðurstaða athugunarinnar að styrkja þyrfti fjármálastjórn landlæknisembættisins og koma á virkri áætlanagerð um fjármál og kostnaðareftirlit henni tengdri. Gera þyrfti áætlanir um verkefni og rekstur fyrir hvert ár og fylgjast síðan með að þeim sé framfylgt. Jafnframt þyrfti að grípa til markvissra aðhalds- og sparnaðaraðgerða þegar á þessu ári. Í ljósi þess að launakostnaður nemur um 56% af heildarkostnaði embættisins var bent á að full ástæða væri til að skoða hvort tímabundið mætti draga úr yfirvinnu og fresta að ráða í störf sem kynnu að losna.

## 08-576 Heilsugæslustöðin Laugarási

Ríkisendurskoðun gerði athugasemdir við að ekki hafði farið fram afstemming bankareikninga. Ennfremur að óinnheimt þjónustugjöld voru allt frá árinu 1993. Einnig var um að ræða ofgreidda reikninga frá fyrri árum ásamt ofgreiddum launum. Skuld var á viðskiptareikningi vegna ferðakostnaðar þar sem framvísað var ófullnægjandi fylgiskjölum og því ekki unnt að gjaldfæra hann. Áhersla var lögð á að stöðin stemmdi reglulega af viðskiptareikninga og geri viðeigandi leiðréttingar. Stöðinni er bent á að reyna með öllum tiltækum ráðum að innheimta útistandandi kröfur og að sækja um afskriftir á þeim kröfum sem sannanlega koma ekki til með að innheimtast. Ríkisendurskoðun þótti ástæða til að benda á að ekki beri að greiða fyrir vöru né þjónustu nema gegn framvísun fullgildra frumrita reikninga sem eru greinilega sundurliðaðir. Þá telur Ríkisendurskoðun að meðferð fjármuna svokallaðs „10% sjóðs“ stöðvarinnar hafi ekki verið í samræmi við reglur.

## 08-777 Heilbrigðisstofnanir á Austurlandi

Ríkisendurskoðun athugaði framkvæmd kjarasamninga hjá Heilbrigðisstofnunum á Seyðisfirði, Egilsstöðum og Neskaupstað. Gerð var athugasemd við að starfshlutfall lækna á heilbrigðisstofnuninni á Neskaupstað væri ekki í samræmi við úrskurð kjaranefndar, og að röðun lækna á heilbrigðisstofnunum í launaflokka væri ekki í öllum tilvikum í samræmi við úrskurð nefndarinnar. Þá er hlutfall vinnuálags á gæsluvöktum ekki reiknað út samkvæmt vinnuálagi eins og kjarasamningar gera ráð fyrir auk þess voru dæmi um aðrar greiðslur til lækna sem eru ekki í samræmi við kjarasamninga.

Í öllum aðlögunarnefndarsamningunum eru ákvæði um frekari útfærslu á ákveðnum atriðum svo sem um röðun einstakra starfa eða starfsmanna. Það er mjög mikilvægt fyrir stofnanirnar að þær ljúki við að útfæra þessi atriði.

Í öllum kjarasamningum þar sem samið var um nýtt launakerfi er sérstaklega tekið fram að starfsaldursþrepum skuli fækkað til að draga úr vægi sjálfvirkra tilfærslna og svigrúm þannig aukið til að leggja aðra þætti til grundvallar við

tilfærslu. Einnig er í markmiðum allra aðlögunarnefndarsamninganna ákvæði um að launakerfið eigi að vera sveigjanlegt og í flestum þeirra er ákvæði um að nýta beri það sem stjórntæki.

Með hliðsjón af þeim markmiðum í kjarasamningunum um að draga úr sjálfvirkni, og aðlögunarnefndarsamningum um að launakerfið sé sveigjanlegt þannig að það nýtist sem stjórntæki, þá skýtur það skökku við að einn mest ráðandi þátturinn í röðun í launaflokka er starfsaldur. Þannig er búið að takmarka mjög þann sveigjanleika og þá möguleika á að nýta launakerfið sem stjórntæki.

# 6 Endurskoðun fyrirtækja og sjóða í B-, C-, D- og E-hluta

## Endurskoðun B-hluta ríkisreiknings

Til B-hluta ríkisreiknings teljast 12 fyrirtæki í eigu ríkissjóðs. Tvö fyrirtæki hafa verulegan hluta af tekjum sínum í formi rekstrarframlaga úr ríkissjóði, þ.e. Sinfóníuhljómsveit Íslands (um 84%) og Þjóðleikhúsið (um 69%). Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2001 hefur Þjóðleikhúsið verið flutt í A-hluta, en velta má upp þeirri spurningu hvort ekki sé einnig rétt að færa Sinfóníuhljómsveitina í A-hlutann þar sem hún hefur óverulegan hluta tekna sinna af sölu á þjónustu til almennings. Lyfjabúð Háskólans hætti starfsemi á árinu og Frjálsar slysatryggingar hafa ekki verið með neina starfsemi um langa hríð.

Ríkisendurskoðun endurskoðar sjálf 5 fyrirtæki en endurskoðunarstofur annast endurskoðun hinna fyrirtækjanna í umboði Ríkisendurskoðunar samkvæmt samningum þar um.

Endurskoðun á ársreikningi ríkisfyrirtækja hefur það að meginmarkmiði að ganga úr skugga um hvort ársreikningur gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á árinu, efnahag í árslok og fjárstreymi á árinu í samræmi við lög og reglur og góða reikningsskilavenju og setja fram álit í samræmi við það. Við endurskoðunina er lögð áhersla á að kanna og meta innra eftirlit hjá fyrirtækjunum. Þá er einnig litið til þess hvort forsendum fjárlaga hafi verið fylgt við rekstur þeirra á árinu og hvort gætt er þeirra sértæku rekstrarfyrirmæla og starfsreglna sem ríkisfyrirtækjum er skylt að fara eftir.

Afkoma ríkisfyrirtækja á árinu 1999, arðgreiðslur í ríkissjóð, framlög úr ríkissjóði og eigið fé í árslok voru sem hér greinir:

**Tafla 54 Ríkisfyrirtæki í B-hluta ríkisreiknings**

| Í m.kr. | Afkoma (Tap) | Arðgreiðsla í ríkissjóð 1999 | Framlag úr ríkissjóði | Eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| Happdrætti Háskóla Íslands | 384 | 0 | 0 1) | 161 |
| Lyfjabúð Háskóla Íslands | (12) | 0 | 0 | 94 |
| Ríkisútvarpið | (61) | 0 | 1.780 2) | 946 |
| Þjóðleikhúsið | (60) | 0 | 386 | 388 |
| Sinfóníuhljómsveit Íslands | (29) | 0 | 155 | 8 |
| Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli | 367 | 340 | 0 | 224 |
| Flugstöð Leifs Eiríkssonar | 311 | 0 | 55 | 1.116 |
| Ratsjárstofnun | 4 | 0 | 0 | 66 |
| Umsýslustofnun varnarmála | (5) | 6 | 0 | 75 |
| Tryggingastofnun ríkisins, frjálsar slysatryggingar | 0 | 0 | 0 | 16 |
| Áfengis og tóbaksverslun ríkisins | 3.195 | 2.908 | 0 | 1.844 |
| Rafmagnsveitur ríkisins | 74 | 150 | 150 | 10.596 |

1) Til Háskóla Íslands var ráðstafað sem arði 325 m.kr.
2) Eiginlegt framlag nam 50 m.kr. til endurbyggingar langbylgjumasturs en afnotagjöld, 1.730 m.kr., eru taldar ríkistekjur og sama fjárhæð færð sem framlag úr ríkissjóði.

Í endurskoðunarskýrslu fyrir Ríkisútvarpið er vikið að því að ósamræmi sé milli afnotagjaldakerfis og auglýsingakerfis annars vegar og fjárhagsbókhalds hins vegar sem finna þurfi skýringu á og leiðrétta. Þá er talið eðlilegt að raunafskrift afnotagjalda og auglýsingakrafna sé gerð reglulega og eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Þá þarf að bæta ferlið við bankaafstemmingar. Loks er vikið að því að fjárfestingar í dreifikerfi Ríkisútvarpsins sem Landssími Íslands hf. hefur umsjón með séu ekki færðar reglulega heldur aðeins einu sinni á ári. Þetta er talið óviðunandi og lögð áhersla á að færsla sé gerð í þeim mánuði sem fjárfestingin á sér stað.

Hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur ekki enn tekist að innheimta ógreidd eldri framlög Seltjarnarneskaupstaðar. Menntamálaráðuneytið hefur verið beðið um að hafa forgöngu um úrlausn þessa máls. Þá er enn ófrágengið hvernig skipta á áfallinni lífeyrisskuldbindingu hljómsveitarinnar milli rekstraraðila hennar en hún nam 764 m.kr. í árlok 1999.

Lyfjabúð Háskóla Íslands hætti starfsemi í apríl 1999. Eignir Lyfjabúðarinnar voru að mestu handbært fé að fjárhæð 148 m. kr., en bókfærðar skuldir námu um 51 m.kr. í árslok. Reglugerð um stofnunin var felld úr gildi í september árið 2000. Fjármunir Lyfjabúðarinnar og skuldir eiga væntanlega að renna til Háskólans en eftir er að ganga frá þessu atriði með formlegum hætti.

Starfsemi Frjálsra slysatrygginga byggir á heimildarákvæði í 62. gr. laga um almannatryggingar, nr. 70/1993. Samkvæmt ársreikningi eru engar iðgjaldatekjur færðar hjá sjóðnum heldur einungis vaxtatekjur að fjárhæð 227 þús. kr. Eignir eru að stærstum hluta viðskiptakrafa á ríkissjóð. Ríkisendurskoðunar áréttar þá

athugasemd sína að ekki sé lengur grundvöllur fyrir starfsemi Frjálsra slysatrygginga og leggur til að eignir þeirra verði lagðar til slysatryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins.

Í endurskoðunarskýrslu um Rafmagnsveitur ríkisins er m.a. bent á að fylgja þurfi eftir reglum um gjaldfærslu á niðurlögðum eignum, að innheimta orkureikninga í vanskilum þurfi að vera í stöðugri athugun. Laga þarf afstemmingar vegna óreikningsfærðra krafna úr verkbókhaldi sem bíða þess að verða settar á reikning. Framkvæmd starfsmannamála var í nokkuð góðu lagi en bæta þarf skjalfestingu við launabreytingar og ljúka þarf gerð aðlögunarsamninga. Loks er bent á að setja þurfi skriflegar verklagsreglur um útreikning og eftirlit með heildsölu.

## Endurskoðun C-hluta ríkisreiknings

Til þessa hluta ríkisreiknings heyra 10 lánastofnanir sem eru í eigu ríkissjóðs og stofnaðar hafa verið með sérlögum. Lánastofnunum hefur fækkað um þrjár sem skýrist með því að Íbúðalánasjóður kom í stað Byggingasjóðs ríkisins, Byggingasjóðs verkamanna og Húsbréfadeildar. Þá hefur Framkvæmdasjóður Íslands verið lagður niður.

Ríkisendurskoðun endurskoðar fimm lánasjóði en endurskoðunarfyrirtæki annast endurskoðun hinna í umboði hennar.

Afkoma lánastofnananna á árinu 1999, framlög úr ríkissjóði og eigið fé í árslok eru sýnd hér á eftir en þær greiddu engan arð í ríkissjóð á árinu.

**Tafla 55 Lánastofnanir í C-hluta ríkisreiknings**

| Í m.kr. | Afkoma (Tap) | Framlag úr ríkissjóði | Eigið fé |
|---|---|---|---|
| Byggðastofnun | 204 | 562 | 1.516 |
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 779 | 1.780 | 20.821 |
| Framleiðnisjóður landbúnaðarins | 30 | 256 | 271 |
| Lánasjóður landbúnaðarins | 1 | 179 | 2.660 |
| Þróunarsjóður sjávarútvegins | 126 | 671 | (1.316) |
| Íbúðalánasjóður | 268 | 180 | 7.560 |
| Hafnabótasjóður | (5) | 205 | 601 |
| Ferðamálasjóður | (3) | 0 | 116 |
| Orkusjóður | 0 | 78 | 205 |
| Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins | 871 | 0 | 6.937 |

Auk hefðbundinnar endurskoðunar sem felst í því að kanna og leggja mat á það hvort ársreikningur viðkomandi lánastofnana gefi glögga mynd af afkomu, fjárhagsstöðu í árslok og fjárstreymi á árinu í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju er lögð sérstök áhersla á að kanna útlán og stöðu lána og fylgjast með hvernig innheimta gengur og hvort eðlilegum innheimtuaðgerðum er haldið uppi. Þá eru afskriftir vegna útlánaáhættu skoðaðar og metnar.

Við endurskoðun hjá ríkisfyrirtækjum og sjóðum hefur komið fram að dæmi eru um að ríkisstarfsmenn, einkum yfirmenn, fá styrki til kaupa á tölvum á þeirri forsendu að þeir þurfi starfs síns vegna að vinna heima eftir venjulegan vinnutíma og þurfi þá að geta tengst tölvukerfum fyrirtækja sinna. Í einhverjum tilvikum eru stafsmenn með tölvur í eigu fyrirtækja sinna heima við í sama tilgangi. Uppsetning búnaðar heima hjá viðkomandi er þá á kostnað fyrirtækis. Ríkisendurskoðun hefur gert athugasemdir við þessi atriði en bendir á nauðsyn þess að fjármálaráðuneyti setji almennar reglur um kaup á tölvum sem ætlaðar eru til notkunar á heimilum ríkisstarfsmanna.

Í endurskoðunarskýrslu um Lánasjóð íslenskra námsmanna er m.a bent á að lánþegar hafi verið rúm 33 þúsundir og heildarlán rúmir 50 ma.kr. Meðallán eru um 1,5 m.kr. en hæsta skuld lánþega er 16,4 m.kr. Lánþegar sem skulda yfir 10 m.kr. í lok ársins 1999 eru 72 og hafði fjölgað um 29 frá árinu á undan. Heildarskuldir þessa hóps voru 833 m.kr. í árslok 1999, en voru 496 m.kr. í árslok 1998.

Við endurskoðun hjá Framleiðnisjóð landbúnaðarins kom í ljós að afborganir lána skila sér illa eða ekki, sérstaklega í flokki svokallaðra fjárhagskönnunarnefndarlána. Ljóst er að lítið er gert til að knýja fram endurgreiðslur. Vegna hinnar slöku innheimtu þarf að skoða fyrirkomulag innheimtumála, skilmála skuldabréfa og ábyrgðir. Kanna þarf innheimtuúrræði og taka í framhaldi af því ákvarðanir um afskriftir, breytingu á lánakjörum o.s.frv.

Hjá Hafnabótasjóði var bent á slök skil innheimtugagna frá hafnasjóðum. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að bæta þurfi verklag við skil gagna frá hafnasjóðum um árlegt vörugjald og innheimtu vörugjalda.

Þann 1. janúar árið 1999 tók Íbúðalánasjóður við eignum, skuldum og skuldbindingum Byggingasjóðs ríkisins, Byggingasjóðs verkamanna og Húsbréfadeildar. Eignir þessara sjóða og skuldir voru metnar af sérstakri matsnefnd sem skipuð var til þessa verks. Að loknu mati á raunviðri eigna og skulda, m.a. með núvirðingu, taldi nefndin að lækka bæri eiginfjárstöðu sjóðanna í árslok 1998 um 15,5 ma.kr. Stofnfé hins nýja sjóðs, Íbúðalánasjóðs, var því ákveðið 5,5 ma.kr. og óráðstafað eigið fé 1,4 ma.kr.

## Endurskoðun D-hluta ríkisreiknings

Til þessa hluta ríkisreiknings heyra 4 fjármálastofnanir í eigu ríkissjóðs sem hvorki eru sameignar- né hlutafélög.

Ríkisendurskoðun endurskoðar Seðlabanka Íslands en endurskoðunarfyrirtæki sem ráðin eru af stjórnum félaganna annast endurskoðun hinna þriggja.

Afkoma fjármálastofnananna á árinu 1999, arðgreiðslur í ríkissjóð og eigið fé í árslok 1999 eru sýnd hér á eftir en engin framlög voru úr ríkissjóði á árinu.

**Tafla 56 Fjármálastofnanir í D-hluta ríkisreiknings**

| Í m.kr. | Afkoma (Tap) | Eigið fé | Arðgreiðsla í ríkissjóð |
|---|---|---|---|
| Seðlabanki Íslands | 322 | 18.682 | 0[1)] |
| Samábyrgð Íslands á fiskiskipum | 29 | 324 | 0 |
| Tryggingasjóður viðskiptabanka | 27 | 2.249 | 0 |
| Viðlagatrygging Íslands | 306 | 6.445 | 0 |

1) Arðgreiðsla bankans, 594 m.kr., er skilgreind sem ígildi tekjuskatts og er færð með þeim tekjum í ríkisreikningi.

Endurskoðun fjármálastofnana er unnin í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Ítarleg lög og reglur gilda um gerð ársreikninga, endurskoðun og innra eftirlit hjá fjármálastofnunum og tryggingafélögum. Mat á innra eftirliti er veigamikill þáttur í endurskoðunarstarfinu.

Í endurskoðunarskýrslu um Seðlabanka Íslands fyrir árið 1998 var fundið að því að reglugerð um reikningsskil bankans frá árinu 1987, væri ekki lengur í fullu samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Á árinu 2000 var sett ný reglugerð, nr. 67, um reikningskil bankans en þar er tilgreint að ársreikningurinn skuli saminn eftir ákvæðum ársreikningskafla laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði. Ársreikningurinn fyrir árið 1999 er saminn

eftir hinni nýju reglugerð að undanskyldu því að yfirlit um sjóðstreymi fylgdi ekki.

# Endurskoðun E-hluta ríkisreiknings

Til þessa flokks í ríkisreikningi heyra 12 hlutafélög og sameignarfélög sem ríkissjóður og ríkisstofnanir eiga helming eða meira í. Á árinu voru seld hlutabréf í Fjárfestingabanka atvinnulífsins hf., Áburðarverksmiðjunni hf. og Stofnfiski hf. Hlutafélaginu Skallagrími hf. var slitið á árinu.

Afkoma félaganna á árinu 1999, eigið fé í árslok, eignarhlutur ríkissjóðs og arðgreiðslur í ríkissjóð voru sem hér greinir:

**Tafla 57 Hlutafélög og sameignarfélög í E-hluta ríkisreiknings**

| Í m.kr. | Hagnaður (Tap) | Eigið fé | Hlutur ríkissjóðs | Arður í ríkissjóð |
|---|---|---|---|---|
| Búnaðarbanki Íslands hf. | 1521 | 7.072 | 73,8% | 328 |
| Landsbanki Íslands hf. | 1520 | 11.391 | 71,9% | 400 |
| Breiðafjarðaferjan Baldur hf. | (1) | 6 | 80,0% | 0 |
| Flugkerfi hf. | (1) | 31 | 100,0% | 0 |
| Internet á Íslandi hf. | 31 | 83 | 52,9% | 1 |
| Íslandspóstur hf. | (59) | 2.040 | 100,0% | 0 |
| Kísiliðjan hf. | (9) | 655 | 51,0% | 0 |
| Landssími Íslands hf. | 1114 | 13.004 | 100,0% | 565 |
| Sementverksmiðjan hf. | 46 | 1.447 | 100,0% | 10 |
| Skallagrímur hf. (01.01-26.05) | (5) | 0 | - | 0 |
| Skráningarstofan hf. | 34 | 271 | 95,8% | 0 |
| Hitaveita Hjaltadals sf. | (2) | 17 | 94,0% | 0 |
| Landsvirkjun | 1924 | 32.849 | 50,0% | 235 |

Af þessum 12 félögum endurskoðar Ríkisendurskoðun sjálf 4 félög. Endurskoðun ríkishlutafélagabankana var á sínum tíma boðin út og eru þau endurskoðuð af endurskoðunarfyrirtækjum en meðáritað af ríkisendurskoðanda í samræmi við lagaákvæði þar um. Endurskoðunarfyrirtæki endurskoða 4 félög í umboði Ríkisendurskoðunar samkvæmt samningum þar um og hjá 4 félögum eru endurskoðunarfyrirtæki ráðin af stjórnum þeirra.

Endurskoðunarskýrslur hlutafélaga eru lagðar fyrir stjórn og endurskoðendum er skylt að svara spurningum hluthafa um atriði sem varða ársreikning fyrirtækja á aðalfundi. Ríkisendurskoðun er á hinn bóginn ekki heimilt að birta efnisleg atriði úr slíkum skýrslum í endurskoðunarskýrslu sinni um ríkisreikning viðkomandi árs þar sem hlutafélög eru einkaréttarlegir aðilar þó svo þau séu í meirihlutaeign ríkissjóðs.

# 7 Innra eftirlit, áætlanagerð og verkefnavísar

## Innra eftirlit

Ríkisendurskoðun hefur m.a. það hlutverk lögum samkvæmt að kanna innra eftirlit ríkisaðila og hvort það tryggir viðunandi árangur. Athugun á innra eftirliti er þannig fastur liður í endurskoðun á reikningsskilum þeirra aðila sem Ríkisendurskoðun annast endurskoðun á. Í fyrri skýrslum um endurskoðun ríkisreiknings, t.d. fyrir árin 1996 og 1998, hefur innra eftirlit verið gert að umfjöllunarefni. Við endurskoðun á reikningsskilum stofnana fyrir árið 1999 var ákveðið að leggja meiri áherslu á könnun og lýsingu innra eftirlits. Um var að ræða þrjá þætti innra eftirlits, þ.e. starfsumhverfi, eftirlitsaðgerðir, og upplýsingar og samskipti. Í því sem hér fer á eftir er vikið nánar að hverjum þessara þátta og þeim niðurstöðum sem fengust við endurskoðun á þeim.

**Starfsumhverfi**

Kjarninn í hverri stofnun eru starfsmenn hennar. Hegðun þeirra, heiðarleiki, hæfni og starfsumhverfi þeirra skiptir sköpum fyrir stofnunina. Það eru því starfsmennirnir sjálfir og starfsumhverfi þeirra sem leggja grunninn að innra eftirlit og sem skipta mestu við uppbyggingu á því. Til að koma á traustu innra eftirlit þurfa starfsmenn að skilja tilgang slíks eftirlits og að hafa jákvætt viðhorf til þess. Þess vegna er mikilvægt að starfsmenn fái fræðslu um tilgang innra eftirlits, að í skipuriti komi skýrt fram hver fari með vald og beri ábyrgð á hinum ýmsu þáttum starfseminnar, og að allar boðleiðir séu skýrar. Þýðingarmikið er að stjórnskipulag stofnana sé skýrt og að þær móti skýra stefnu í starfsmannamálum.

Eftirtaldir þættir í starfsumhverfinu ráða miklu um árangur af innra eftirliti: Heiðarleiki og hæfni starfsmanna, viðhorf stjórnenda, skipurit, dreifing valds og ábyrgðar og starfsmannastefna.

Niðurstöður athugunar á innra eftirliti í tengslum við endurskoðun vegna 1999 benda til þess að enda þótt ýmis af ofangreindum atriðum séu almennt í þokkalegu lagi þarfnist önnur atriði úrbóta. Stefna og markmið stofnana eru yfirleitt bundin í lögum og reglugerðum, stjórnendur framfylgja þeim ákvæðum sem þar er að finna og samræmi er í túlkun stjórnenda, stjórnar og ráðuneytis á

lögum, reglugerðum, stefnu og markmiðum stofnunar. Þá eru starfskröfur, verkefni deilda og sviða skilgreind með skýrum hætti í skipuriti og skriflegum starfslýsingum hjá meirihluta stofnana.

Enda þótt að hjá meirihluta stofnana séu til staðar skriflegar verklagsreglur um ýmis mikilvæg atriði, t.d. risnu, ferðakostnað og meðferð trúnaðarupplýsinga, þurfa aðrar að taka sig á að þessu leyti. Þá virðist full ástæða til þess að stofnanir leggi meiri áherslu á að markmið og stefna stofnunarinnar komi fram í handbókum fyrir starfsmenn og að fyrir hendi sé skrifleg lýsing á starfsmannastefnu sem taki til allra þátta starfsmannamála, t.d. ráðningu nýrra starfsmanna, starfsþjálfunar, frammistöðumats o.fl.

Eitt atriði sem var kannað sérstaklega var hvort umhverfisstefnu í ríkisrekstri, sem samþykkt var í ríkisstjórn í febrúar 1997, hefði verið hrundið í framkvæmd hjá stofnunum. Það sýndi sig að margar stofnanir höfðu ekki framfylgt þessari ákvörðun stjórnvalda.

## Eftirlitsaðgerðir

Eftirlitsaðgerðir auka líkur á því að stofnun nái markmiðum sínum. Eftir því sem áhættan er meiri þeim mun viðameiri verða allar eftirlitsaðgerðir. Aldrei verður hægt að útiloka alla áhættu sem steðjar að nútíma rekstri en með hæfilegum eftirlitsaðgerðum má minnka líkurnar á áföllum. Hafa verður í huga að kostnaðurinn við að koma á viðamiklu eftirliti og halda því við má ekki vera meiri en ávinningurinn. Flokka má eftirlitsaðgerðir í aðgerðir stjórnenda, aðferðir byggðar á skipulagi, aðgerðir byggðar á staðfestingum, aðferðir til að tryggja gæði og aðgerðir vegna upplýsingakerfa.
Niðurstöður varðandi eftirlitsaðgerðir voru helstar að hjá meirihluta stofnana fólst nægjanlegt innra eftirlit í skipulagi stofnunarinnar, t.d. í atriðum eins og aðgreiningu starfa, takmörkun aðgangs og hæfri verkstjórn. Þá virtist vera fyrir hendi eftirlit sem tryggði að ákvörðunum æðstu stjórnenda væri fylgt eftir með tilhlýðilegum hætti. Hjá flestum stofnunum er þess krafist að stjórnendur samþykki viðskipti með áritun til að tryggja að eingöngu fari fram samþykkt viðskipti eða verkefni. Þá eru víðast teknar saman eignaskrár þær uppfærðar reglulega. Stofnanir virðast auk þess í auknum mæli farnar að gefa gaum að stöðu öryggismála, svo sem því að skrifleg öryggisstefna sé til staðar, gagnaleynd sé virt, neyðaráætlun sé fyrir hendi, gögn afrituð og geymd á öruggum stað, og að nauðsynleg takmörkun sé á aðgangi að vélbúnaði og hugbúnaði.

Hins vegar má nefna að val eftirlitsaðgerða er sjaldnast byggt á niðurstöðum formlegs áhættumats. Þá er allur gangur á því hvort þess sé krafist að lykilstarfsmenn fari árlega í sumarfrí og að verkefni þeirra séu falin öðrum á meðan, en slíkt fyrirkomulag stuðlar að bættu eftirliti.

### Upplýsingar og samskipti

Ef stofnanir eiga að ná markmiðum sínum verða stjórnendur þeirra að fá áreiðanlegar og nákvæmar upplýsingar um alla þætti rekstrarins. Boðleiðir upplýsinga hafa breyst verulega á undanförnum árum vegna mikilla tæknibreytinga, en það getur haft áhrif á samskipti stjórnenda og starfsmanna. Upplýsingakerfin hafa í auknum mæli orðið stærri hluti af vinnuumhverfinu. Nauðsynlegt er að aðlaga eftirlitshlutverk stjórnenda að breyttum aðstæðum.

Endurskoðun á þeim atriðum sem falla undir þennan þátt innra eftirlits bendir til þess að ástand þeirra sé vel viðunandi. Þannig skila bókhaldskerfi reglulega upplýsingum sem nýtast stjórnendum til ákvarðanatöku, t.d. samanburði á útkomu við fjárhagsáætlun. Upplýsingamiðlun milli stjórnenda og annarra starfsmanna er almennt góð og skriflegum tilkynningum og verklagsreglum er dreift til starfsmanna um alla mikilvæga þætti sem snerta reksturinn. Þá virðast rekstrarupplýsingar berast greiðlega til stjórnar stofnunar og endurskoðenda.

Eitt atriði sem kannað var sérstaklega var hvort óháður starfsmaður færi yfir kvartanir viðskiptavina og hvort að fyrir lægju skriflegar reglur um samskiptin við þá. Í ljós kom að þannig væri þessu almennt ekki háttað.

# Áætlanagerð

Áætlanagerð um starfsemi og fjármál er mikilvægur þáttur í starfi stjórnenda, jafnt ríkisaðila sem annarra. Áætlanagerð felur í sér að stjórnendur setja rekstri stofnunar markmið og leggja á ráðin um hvernig þeim verði náð. Reglulegt eftirlit með samanburði útkomu við áætlanir er ekki síður nauðsynlegt til þess að stjórnendur geti fylgst með hvernig miðar og brugðist við með viðeigandi hætti reynist ástæða til. Mörg dæmi eru um að léleg áætlanagerð og ónógt eftirlit hafi leitt til þess að rekstur stofnana hafi farið úr böndunum.

Athugun á áætlanagerð stofnana, sem fram fór í tengslum við endurskoðun á reikningsskilum þeirra vegna ársins 1999, sýnir að hjá nánast öllum stofnunum voru gerðar áætlanir um tekjur og gjöld. Hjá nokkrum stofnunum voru áætlanir ekki í samræmi við fjárlög heldur byggðar á rekstrarútkomu síðasta árs. Meirihluti stofnana gerir áætlanir um mannaflaþörf enda launakostnaður oftast stærsti kostnaðarliðurinn hjá ríkisaðilum.

Hjá flestum stofnunum er eftirlit með framkvæmd áætlana þannig að rauntölur eru bornar saman við áætlunina með reglulegu millibili. Áætlunum er yfirleitt aðeins dreift innanhúss til stjórnenda og stjórnar sé um hana að ræða. Fram koma að nokkrar stofnanir senda viðkomandi ráðuneyti sínar áætlanir. Algengast var að gripið væri til sparnaðaraðgerða innan ársins ef ljóst þótti að rauntölur væru að fara fram úr áætlun.

Það er mat Ríkisendurskoðunar að enda þótt áætlanagerð um rekstur sé yfirleitt til staðar hjá ríkisstofnunum þurfi víða að bæta vinnubrögð á því sviði. Dæmi eru um að stjórnendur stofnana sýni áætlanagerð og eftirliti með henni takmarkaðan áhuga og feli verkefnin öðrum sem ef til vill hafa ekki forsendur til að geta sinnt því.

## Verkefnavísar

Í lögum um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997 er kveðið á um að hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra sé heimilt að leita eftir kennitölum um umsvif og árangur af starfsemi stofnana til birtingar með ársreikningi. Þá er í lögum um Ríkisendurskoðun ákvæði um að fjárhagsendurskoðun skuli m.a. miðast að því að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi. Ákvæði þessi eiga rætur að rekja til þess að fjármálaráðuneytið hefur á undanförnum árum safnað saman upplýsingum um starfsemi og þjónustu stofnana ríkisins, svokölluðum verkefnavísum, og gefið út í sérstöku riti, fyrst vegna ársins 1996 og síðan árlega eftir það. Þar er hægt að fræðast nánar um tilgang verkefnavísa, aðdraganda þess að þeim var komið á og ýmis atriði varðandi gerð þeirra og notkun.

Í A-hluta fjárlaga eru um 500 fjárlagaliðir og hefur verið áætlað að þar af séu hátt í 400 stofnanir sem skilgreina má verkefnavísa fyrir. Verkefnavísar hafa verið birtir með þeim hætti að fyrir hverja stofnun er fyrst tilgreint hlutverk stofnunarinnar, sem yfirleitt kemur fram í lögum, og heildarkostnaður við rekstur hennar. Jafnframt er leitast við að sundurgreina kostnað niður á einstök verkefnasvið ef það er mögulegt, t.d. er starfsemi sýslumannsembætta skipt niður í hefðbundin verkefni sýslumanna, innheimtu og tryggingar. Fyrir hvert verkefnasvið eru tilgreindir þjónustuvísar sem lýsa eiga umfangi starfseminnar. Fyrir embætti sýslumanna eru þjónustuvísar t.d. fjöldi þinglýsinga, aðfararbeiðna, tollafgreiðsla, afgreiddra reikninga í sjúkratryggingum o.fl. Hjá heilsugæslustöðvum eru þjónustuvísarnir t.d. fjöldi heimsókna til læknis, vitjana, símaviðtala o.fl.

Eins og áður segir hefur Ríkisendurskoðun m.a. það hlutverk að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana. Við endurskoðun á reikningsskilum ríkisstofnana fyrir árið 1999 var ákveðið að athuga sérstaklega notkun þjónustuvísa, ekki síst þar sem ætla má að talsverð reynsla sé komin á notkun þeirra hjá flestum stofnunum. Þau atriði sem einkum var horft til voru hvort magntölum sem lúta að verkefnavísum hefði verið safnað saman og þær skráðar með skipulögðum hætti, hvort markmið verkefnavísa og rauntölur væru bornar saman, hvort brugðist væri við ef frávik yrðu á milli markmiða og rauntalna, hvort árangur stofnana væri borinn saman við sam-

bærilegar stofnanir, og loks hvort verkefnavísar væru birtir í ársskýrslum stofnana.

Niðurstöður Ríkisendurskoðunar athugunar benda til þess að talsvert sé ennþá í land að verkefnavísar séu almennt notaðir með markvissum hætti við stjórnun stofnana. Reyndar heldur meirihluti stofnana til haga magntölum sem lúta að verkefnavísum. Hins vegar bera mun færri stofnanir rauntölur saman við verkefnavísa og til undantekninga heyrir ef brugðist er við þegar slíkur samanburður leiðir í ljós frávik. Þá er fremur sjaldgæft að árangur stofnana sé borinn saman við sambærilegar stofnanir. Almennt eru verkefnavísar ekki birtir í ársskýrslum stofnana. Stjórnendur stofnana virðist þannig almennt ekki horfa mjög til verkefnavísa og fremur haga rekstri út frá fjárhagsáætlunum. Áherslan er þannig ennþá fyrst og fremst á að hafa stjórn á að föngum til að tryggja að kostnaður fari ekki fram úr fjárheimildum, en síður er horft til þess árangurs sem stofnunin nær við að auka og bæta starfsemina.

# 8 Fjárheimildir

Í áritun Ríkisendurskoðunar með ríkisreikningi vegna ársins 1999 er gerður fyrirvari um réttmæti þeirra fjárheimilda sem tilgreindar eru í reikningnum. Í því sem hér fer á eftir verður fjallað nánar um þau rök sem búa að baki þessum fyrirvara.

Í lögum um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997 er á fimm stöðum fjallað um fjárheimildir án þess þó að þetta hugtak sé nokkurs staðar skilgreint sérstaklega þar né í öðrum lögum. Í 8. gr. segir þannig að í yfirlitum skv. 1.-3. tölul., þ.e. rekstrarreikningur, efnahagsreikningur og sjóðstreymi, skuli sýna samanburð við fjárheimildir ársins og reikningstölur fyrra árs. Í 32. gr. kemur fram að ríkisaðilum í A- og B-hluta sé heimilt að eiga viðskipti án staðgreiðslu, enda séu þau innan marka fjárheimilda. Í 37. gr. segir að heimilt sé að flytja fjárheimildir milli einstakra rekstrarviðfangsefna hvers ríkisaðila í A-hluta, enda séu verkefnin tilgreind í fjárlögum. Loks segir í 45. gr. fjárreiðulaganna að með ríkisreikningi sem lagður er fyrir Alþingi skuli fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar og jafnframt sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt sé að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingum næsta árs.

Í samræmi við áðurnefnt ákvæði 8. gr. fjárreiðulaganna eru í ríkisreikningi fyrir árið 1999 sýndar fjárheimildir til samanburðar við reikningsfjárhæðir í rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sjóðstreymi A-hluta ríkisreiknings. Þá eru fjárheimildir tilgreindar víða í skýringum með reikningum svo og í séryfirliti 2 sem fylgir honum. Í skýringu 1 með reikningnum, 2. tölul. a), kemur fram að fjárheimildir ársins séu samsettar af fluttum fjárheimildum frá árinu á undan samkvæmt lokafjárlögum þess árs, fjárlögum og fjáraukalögum reikningsársins, millifærðum fjárheimildum og breytingum samkvæmt lokafjárlögum reikningsársins. Þar segir ennfremur að með lokafjárlögum reikningsársins séu gerðar breytingar á fjárheimildum stofnana í samræmi við frávik í útkomu annarra rekstrartekna og markaðra tekna stofnana frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga ársins.

Samkvæmt ofansögðu má skipta þeim fjárheimildum sem tilgreindar eru í ríkisreikningi fyrir árið 1999 í nokkra flokka. Í fyrsta lagi er um að ræða fjárlög vegna ársins 1999 sem voru samþykkt á Alþingi í desember 1998. Í 1. gr. þeirra kemur fram að árið 1999 sé áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2 með fjárlögunum. Gjöld ríkissjóðs á árinu voru þarna tilgreind 182.375,9 m.kr. Fjárhæðin er á

svokölluðum rekstrargrunni sem fyrst var notaður í fjárlögum vegna ársins 1998, m.a. til að hægt væri að bera fjárlög saman við ríkisreikning.

Í öðru lagi eru það fjáraukalög vegna ársins 1999. Samkvæmt þeim var 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1999 breytt á þá leið að tekjur voru hækkaðar um 23.043,0 m.kr. og gjöld um 10.463,9 m.kr.

Eftir að fjáraukalögin voru samþykkt nam fjárheimild 192.839,8 m.kr. vegna gjalda ársins 1999. Bæði fjárlög og fjáraukalög fyrir árið 1999 voru borin upp og samþykkt á Alþingi með tilskyldum hætti og hljóta þær fjárhæðir sem þannig voru samþykktar því óumdeilanlega að fela í sér fullgildar fjárheimildir vegna gjalda ársins 1999.

Þessu til viðbótar fela fjárheimildir sem tilgreindar eru í ríkisreikningi fyrir árið 1999 í sér tillögur fjármálaráðherra um breytingar á fjárheimildum ársins 1999 vegna inneignar eða halla stofnana frá árinu 1998. Í 2. mgr. 37. gr. áðurnefndra laga um fjárreiður ríkisins er fjallað um þetta, en þar segir: *„Að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra er heimilt að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs. Með sama hætti er heimilt að draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins.“* Ekki verður ráðið af þessu að frekari atbeina Alþingis þurfi þarna til heldur hlýtur 37. gr. fjárreiðulaganna að fela í sér heimild til handa ráðherrum að breyta fjárheimildum stofnana skv. þeim reglum sem þar eru settar. Skrá yfir fluttar fjárheimildir er lögð fram með lokafjárlögum. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneyti námu yfirfærðar fjárheimildir fyrra árs samtals 9.101,6 m.kr. og yfirfærðar skuldir samtals 5.768,7 m.kr. Að teknu tilliti til þessa hækka fjárheimildir vegna gjalda samtals um 3.332,9 m.kr. og verða þannig 196.172,7 m.kr.

Fjárheimildir einstakra stofnana kunna að breytast vegna millifærslna fjárheimilda af öðrum fjárlagaliðum innan ársins. Ráð er fyrir því gert að fjárheimildir sem færðar eru á nokkra fjárlagaliði, oft nefnda safnliði, séu fluttar yfir á aðra liði. Samanlögð fjárheimild allra stofnana á hins vegar ekki að breytast vegna þessa. [5]

Þær fjárheimildir sem tilgreinar eru í ríkisreikningi fela auk ofangreinds í sér breytingar ýmist til hækkunar eða lækkunar vegna uppgjörs rekstrartekna stofnana og markaðra tekna í þeim tilvikum sem þær urðu hærri eða lægri en ráð var fyrir gert í áður samþykktum heimildum. Í ríkisreikningi eru fjárheimildir hækkaðar um 1.032,6 m.kr. vegna uppgjörs rekstrartekna, en lækkaðar um 947,7 m.kr. vegna uppgjörs markaðra tekna. Síðast en ekki síst fela fjárheimildir sem settar eru fram í ríkisreikningi í sér tillögur um breytingar á einstökum fjárlagaliðum á gjaldahlið um 2.723,4 m.kr.

[5] Millifærðar fjárheimildir, sem tilgreindar eru í ríkisreikningi, fela í sér hækkun fjárheimildar hjá einni stofnun um 27 m.kr. vegna eignamyndunar og á öðrum stað lækkun fjárheimildar um 5,6 m.kr. Um er að ræða tilfærslu af eignalið 09-100 sem ekki er sýndur í þeim yfirlitum sem hér eru birt.

**Tafla 58 Samsetning fjárheimilda vegna gjalda árið 1999**

| *Í m.kr.* | Fjárheimildir skv. skilgr. fjárreiðulaga | Fjárheimildir skv. ríkisreikningi |
|---|---|---|
| Fjárlög 1999 | 182.375,9 | 182.375,9 |
| Fjáraukalög | 10.463,9 | 10.463,9 |
| Yfirfærð heimild fyrra árs | 9.101,6 | 9.101,6 |
| Yfirfærð skuld fyrra árs | (5.768,7) | (5.768,7) |
| Framlag til eignamyndunar | 27,0 | 27,0 |
| Millifært milli fjárlagaliða | (5,6) | (5,6) |
| Breyting vegna rekstrartekna | | 1.032,6 |
| Breyting vegna markaðra skatttekna | | (947,7) |
| Beinar breytingar | | 2.723,4 |
| Fjárheimildir samtals | 196.194,1 | 199.002,4 |

Ríkisendurskoðun telur að af fjárreiðulögum verði ekki annað ráðið en að til öflunar annarra fjárheimilda en vegna fjárlaga, fjáraukalaga og fluttra fjárheimilda vegna fyrra árs fari skv. ákvæðum 45. gr. laganna, en þar er fjallað um frumvarp til lokafjárlaga til staðfestingar á ríkisreikningi. Orðrétt hljóðar 45. greinin svo:

> *„Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.“*

Í lögum um fjárreiður ríkisins, 9. gr., er mælt fyrir um að til ríkistekna í A-hluta ríkisreiknings teljist m.a. aðrar rekstrartekjur, þ.e. lögbundnar tekjur fyrir veitta þjónustu eða starfsemi á vegum ríkisins, auk tekna af eignum, viðurlögum og sektum. Aftur á móti kemur fram í 11. gr. laganna að sértekjur, þ.e. tekjur ríkisstofnana af sölu á vöru og þjónustu sem seld er á markaðsforsendum, skuli færa til lækkunar á gjöldum en jafnframt sýna sérstaklega í reikningum þeirra. Lögin taka hins vegar ekki á því hvernig með skuli fara ef tekjur þessar verða hærri eða lægri en ráð var fyrir gert í fjárlögum. Þannig kemur ekki fram hvort líta megi svo á að fjárheimildir stofnana eigi að breytast til samræmis við meiri eða minni tekjur. Færa má viss rök fyrir því að stofnanir í A-hluta séu ekki bundnar af fjárheimildum vegna útgjalda sem stofnað er til vegna öflunar meiri sértekna en fram koma í fjárlögum, enda nemi tekjurnar hærri fjárhæð en útgjöldin. Hins vegar er með öllu óljóst hvort það sama getur átt við um rekstrartekjur sem stofnanir innheimta og færðar eru til tekna hjá ríkissjóði. Ríkisendurskoðun telur áríðandi að ákvæði þar um verði sett í fjárreiðulögin.

Að mati Ríkisendurskoðunar verður að telja í hæsta máta vafasamt að tilgreina sem fjárheimild í ríkisreikningi tillögur eða ákvarðanir sem lagðar verða fram í frumvarpi til lokafjárlaga og hafa ekki ennþá verið samþykktar af Alþingi. Með engu móti er hægt að skilja orðalag 45. gr. á þá leið að fjárheimildir megi hækka með þessum hætti í ríkisreikningi áður en lokafjárlög hafa verið samþykkt.

## Eftirlit með framkvæmd fjárlaga

Eitt af verkefnum Ríkisendurskoðunar lögum samkvæmt er að annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga, en í því felst m.a. að kanna hvort reikningar sem stofnunin endurskoðar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við. Um árabil var þessu eftirliti sinnt með þeim hætti að kanna hvaða breytingar voru gerðar á fjárheimildum stofnana og fjárlagaliða eftir að fjárlög voru samþykkt, og að bera greiðslur úr ríkissjóði til stofnana saman við fjárheimildir þeirra. Leitað var skýringa á umframútgjöldum sem og helstu breytingum á útgjöldum miðað við árið á undan. Ennfremur var reynt að spá fyrir um greiðsluafkomu ríkissjóðs til ársloka. Ríkisendurskoðun tók saman skýrslur um framkvæmd fjárlaga að liðnum sex, níu og tólf mánuðum hvers fjárhagsárs og sendi þær Alþingi. Þetta var mögulegt þar sem fjárlög voru lengst af sett fram á því sem kallað er greiðslugrunnur, þ.e. þau sýndu aðeins innheimtar tekjur og þau útgjöld sem innt voru af hendi á árinu.

Sem kunnugt er var framsetningu fjárlaga breytt frá og með árinu 1998 og eru þau nú sett fram á rekstrargrunni, þ.e. þau sýna allar tekjur sem falla til á árinu og þær skuldbindingar sem stofnað er til, hvort sem greiðsla hefur átt sér stað eða ekki. Rökin fyrir þessari breytingu voru helst þau að hún stuðlaði að bættri áætlanagerð um ríkisfjármál og gerði auk þess kleyft að bera fjárlög saman við ríkisreikning. Sá vandi er hins vegar enn til staðar að upplýsingar um rekstur stofnana liggja í mörgum tilfellum ekki fyrir. Gildir þetta t.d. um mjög margar stofnanir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Uppgjör vegna stofnana sem hafa sjálfstæðan fjárhag og færa sjálfar sitt bókhald liggur ekki fyrir innan fjárhagsársins enda hefur ekki tíðkast að samin væru milliuppgjör fyrir ríkisstofnanir. Afleiðing þessa er m.a. sú að ekki er hægt að bera fjárheimildir saman við rekstur innan fjárhagsársins.

Ríkisendurskoðun gaf í júlí s.l. út skýrslu um framkvæmd fjárlaga fyrstu fimm mánuði ársins 2000. Í henni var fyrst og fremst fjallað um greiðsluafkomu ríkissjóðs en auk þess leitast við að meta rekstrarafkomu ríkissjóðs í heild til ársloka. Vegna þeirra annmarka sem áður eru raktir var ekki gerlegt að fjalla um rekstur og fjárhagsstöðu einstakra stofnana og fjárlagaliða sem þó hlýtur að

skipta verulegu máli þegar sinna á eftirliti með framkvæmd fjárlaga. Það er mat Ríkisendurskoðunar að eftirliti með framkvæmd fjárlaga verði ekki sinnt með fullnægjandi hætti fyrr en almennt verður farið að semja rekstraruppgjör fyrir stofnanir ríkisins a.m.k. hálfsárslega.

## Samanburður útgjalda við fjárheimildir árið 1999

Taflan hérna að neðan sýnir fjárheimildir stofnana og fjárlagaliða vegna ársins 1999 og samanburð við gjöld þeirra á árinu. Í töflunni er annars vegar sýndur mismunur fjárheimildar og gjalda (frávik frá fjárheimild) og hins vegar það frávik sem eftir stendur þegar tekið er tillit til uppgjörs rekstrartekna (frávik samtals). Taflan talar sínu máli um hvernig stofnanir ríkisins virtu þær fjárheimildir sem þeim var ætlað að haga rekstri sínum eftir á árinu 1999. Í mörgum tilvikum hefur ekki verið tekið á rekstri stofnana sem komist hafa upp með að stofna til útgjalda umfram fjárheimildir og það jafnvel ár eftir ár.

Full ástæða er til að benda á að tveir fjárlagaliðir undir æðstu stjórn ríkisins, ríkisstjórn og embætti forseta Íslands fóru verulega fram úr fjárheimildum. Þá virtu margar aðalskrifstofur ráðuneytanna ekki fjárheimildir ársins.

Athyglisvert er að á meðan margir skólar virtu ekki fjárheimildir, náðu aðrir ekki að fullnýta sínar. Má t.d. nefna að Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Menntaskólinn í Kópavogi fóru verulega fram úr fjárheimildum, en aðrir skólar svo sem Menntaskólinn í Reykjavík og Fjölbrautaskóli Suðurnesja áttu ónýttar fjárheimildir í lok ársins.

Yfir helmingur sýslumanns- og lögregluembætta fóru fram úr fjárheimildum á árinu 1999. Í því sambandi má nefna sýslumanninn á Selfossi, sýslumanninn í Keflavík og sýslumanninn á Patreksfirði.

Nokkur sjúkrahús virtu ekki fjárheimildir sínar á árinu 1999. Má þar nefna Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Akraness og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Það skal tekið fram að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri fékk 25 m.kr. aukafjárveitingu á árinu 1998 vegna útgjalda á árinu 1999, en að teknu tilliti til hennar nema umframútgjöld þess 26,2 m.kr. í árslok 1999 í stað 51,2 m.kr.

Ríkisendurskoðun vill í þessu sambandi minna á ábyrgð forstöðumanna og stjórna í þessu sambandi skv. 49. gr. fyrrnefndra laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það er Alþingis að ákveða hvort stofnanir skuli veiti meiri og dýrari þjónustu en núverandi fjárheimildir þeirra gera ráð fyrir. Ekki getur talist í samræmi við gildandi lög og eðlilega fjármálastjórn að þingið samþykki ítrekað viðbótarfjárheimildir til stofnana löngu eftir að til útgjaldanna var stofnað.

Lög um fjárreiður ríkisins veita reyndar ákveðna heimild til greiðslna úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum. Í 33. gr. laganna segir þannig að valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum sé fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga. Í 34. gr. segir að séu gerðir kjarasamningar sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gerðu ráð fyrir skuli svo fljótt sem kostur er leita heimilda Alþingis til slíkra útgjalda með frumvarpi til fjáraukalaga. Launagreiðslum skal þó haga í samræmi við hina nýju kjarasamninga. Að mati Ríkisendurskoðunar eiga hvorugt þessara ákvæða við um þau útgjöld sem stofnað var til umfram fjárheimildir á árinu 1999.

## Tafla 59 Fjárheimildir og útkoma árið 1999

| Í m.kr. | | Fjárlög og fjáraukal. | Flutt frá fyrra ári | Millifært innan árs | Fjárheimild samtals | Útkoma | Frávik frá fjár-heimild | Breytt v/ rekstrar-tekna | Frávik samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Æðsta stjórn ríkisins** | | | | | | | | | |
| 00-301 | Ríkisstjórn | 102,4 | 0,0 | 0,0 | 102,4 | 123,6 | 21,2 | 0,0 | 21,2 |
| 00-101 | Embætti forseta Íslands | 94,2 | 1,5 | 0,0 | 95,7 | 110,8 | 15,1 | 0,0 | 15,1 |
| 00-401 | Hæstiréttur | 61,0 | 0,0 | 0,0 | 61,0 | 67,7 | 6,7 | 0,0 | 6,7 |
| 00-610 | Umboðsmaður Alþingis | 50,9 | 2,9 | 0,0 | 53,8 | 51,6 | (2,2) | 0,0 | (2,2) |
| 00-620 | Ríkisendurskoðun | 213,0 | (5,4) | 6,8 | 214,4 | 207,9 | (6,5) | 0,0 | (6,5) |
| 00-205 | Framkvæmdir á Alþingisreit | 210,0 | 2,5 | 0,0 | 212,5 | 200,0 | (12,5) | 0,0 | (12,5) |
| 00-201 | Alþingi | 1.119,9 | 14,2 | 0,0 | 1.134,1 | 1.113,8 | (20,3) | 0,0 | (20,3) |
| | | **1.851,4** | **15,7** | **6,8** | **1.873,9** | **1.875,5** | **1,6** | **0,0** | **1,6** |
| **Aðalskrifstofur ráðuneyta** | | | | | | | | | |
| 13-101 | Hagstofa Íslands, aðalskr. | 287,3 | (2,1) | 1,8 | 287,0 | 330,5 | 43,5 | 26,5 | 17,0 |
| 03-101 | Utanríkisráðuneyti, aðalskr. | 529,8 | (1,4) | 28,6 | 557,0 | 573,6 | 16,6 | 0,0 | 16,6 |
| 01-101 | Forsætisráðuneyti, aðalskr. | 121,5 | (4,0) | 6,8 | 124,3 | 140,1 | 15,8 | 0,0 | 15,8 |
| 11-101 | Iðnaðarráðuneyti, aðalskr. | 66,7 | (7,8) | 9,8 | 68,7 | 80,8 | 12,1 | 0,0 | 12,1 |
| 10-101 | Samgönguráðuneyti, aðalskr. | 144,2 | (4,7) | 10,9 | 150,4 | 160,7 | 10,3 | 0,0 | 10,3 |
| 12-101 | Viðskiptaráðuneyti, aðalskr. | 93,2 | (8,5) | 5,1 | 89,8 | 100,0 | 10,2 | 0,0 | 10,2 |
| 14-101 | Umhverfisráðuneyti, aðalskr. | 140,6 | (7,4) | 34,3 | 167,5 | 172,5 | 5,0 | 0,0 | 5,0 |
| 06-101 | Dóms- og kirkjum.rn., aðalskr. | 186,8 | 2,8 | (5,8) | 183,8 | 187,7 | 4,0 | 0,0 | 4,0 |
| 09-101 | Fjármálaráðuneyti, aðalskr. | 335,7 | (1,9) | 16,9 | 350,7 | 353,3 | 2,6 | 0,0 | 2,6 |
| 02-101 | Menntamálaráðuneyti, aðalskr. | 318,0 | (8,7) | 15,4 | 324,7 | 325,7 | 1,0 | 0,0 | 1,0 |
| 04-101 | Landbúnaðarráðun., aðalskr. | 115,7 | (4,3) | 8,0 | 119,4 | 120,3 | 0,9 | 0,0 | 0,9 |
| 08-101 | Heilbr.og trygg.m.rn., aðalskr. | 220,1 | (3,9) | 24,3 | 240,5 | 241,5 | 0,9 | 0,0 | 0,9 |
| 07-101 | Félagsmálaráðuneyti, aðalskr. | 140,8 | 2,4 | 15,5 | 158,7 | 154,7 | (4,0) | 0,0 | (4,0) |
| 05-101 | Sjávarútvegsráðun., aðalskr. | 133,5 | 4,3 | 1,2 | 139,0 | 133,4 | (5,6) | 0,0 | (5,6) |
| | | **2.833,9** | **(45,2)** | **172,9** | **2.961,6** | **3.074,8** | **113,2** | **26,5** | **86,7** |
| **Skólar** | | | | | | | | | |
| 02-350 | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | 433,7 | (69,4) | 18,8 | 383,1 | 516,0 | 132,9 | 41,3 | 91,6 |
| 02-308 | Menntaskólinn í Kópavogi | 301,9 | (46,4) | 14,0 | 269,5 | 363,0 | 93,5 | 14,5 | 79,0 |
| 02-211 | Tækniskóli Íslands | 270,3 | (45,1) | 0,0 | 225,2 | 297,0 | 71,8 | 14,6 | 57,3 |
| 02-561 | Myndlista- og handíðaskóli Ísl. | 145,4 | (7,0) | (69,1) | 69,3 | 122,9 | 53,5 | (2,3) | 55,8 |
| 02-359 | Verkmenntaskólinn á Akureyri | 343,5 | (22,9) | 27,2 | 347,8 | 405,0 | 57,2 | 24,1 | 33,1 |
| 02-351 | Fjölbrautaskólinn Ármúla | 206,2 | (15,3) | 11,6 | 202,5 | 239,2 | 36,8 | 6,0 | 30,8 |
| 02-356 | Fjölbrautaskóli Norðurl. vestra | 135,4 | (17,2) | 6,1 | 124,3 | 150,0 | 25,6 | 4,3 | 21,4 |
| 02-365 | Borgarholtsskóli | 219,5 | (40,1) | 6,7 | 186,1 | 213,7 | 27,5 | 6,3 | 21,2 |
| 02-564 | Listdansskólinn | 22,5 | (11,3) | 1,0 | 12,2 | 38,4 | 26,2 | 5,3 | 20,9 |
| 02-215 | Kennaraháskóli Íslands | 626,2 | (14,5) | 6,2 | 617,9 | 655,6 | 37,8 | 18,6 | 19,2 |
| 02-352 | Flensborgarskóli | 187,2 | (11,2) | 9,7 | 185,7 | 211,4 | 25,7 | 7,1 | 18,6 |
| 02-354 | Fjölbrautaskóli Vesturlands | 205,5 | (4,4) | 9,3 | 210,4 | 232,0 | 21,6 | 5,1 | 16,5 |
| 02-306 | Framhaldsskóli Vestfjarða | 85,9 | (13,6) | 17,1 | 89,4 | 105,4 | 16,0 | 2,7 | 13,3 |
| 02-201 | Háskóli Íslands | 3.042,5 | (204,2) | 125,8 | 2.964,1 | 3.244,9 | 280,8 | 268,5 | 12,4 |
| 02-305 | Menntaskólinn við Sund | 229,7 | (17,4) | 17,9 | 230,2 | 246,4 | 16,3 | 4,6 | 11,7 |
| 02-302 | Menntaskólinn á Akureyri | 187,3 | (30,9) | 27,3 | 183,7 | 198,4 | 14,7 | 3,6 | 11,1 |
| 02-562 | Leiklistarskóli Íslands | 40,3 | (8,9) | 0,0 | 31,4 | 41,0 | 9,6 | 0,2 | 9,4 |
| 02-360 | Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | 168,6 | (31,7) | 28,0 | 164,9 | 177,5 | 12,6 | 4,4 | 8,2 |
| 02-303 | Menntaskólinn á Laugarvatni | 64,7 | (21,0) | 18,1 | 61,8 | 69,8 | 7,9 | 0,9 | 7,1 |
| 02-363 | Framhaldsskólinn á Laugum | 45,2 | (5,9) | 1,3 | 40,6 | 46,0 | 5,4 | 0,3 | 5,1 |
| 02-507 | Stýrimannaskólinn í Reykjavík | 45,9 | (6,8) | 0,3 | 39,4 | 41,8 | 2,5 | 0,2 | 2,3 |
| 02-357 | Fjölbrautaskóli Suðurlands | 225,2 | 1,7 | 8,4 | 235,3 | 244,7 | 9,4 | 7,6 | 1,7 |
| 02-606 | Framhaldskólinn Skógum | 17,7 | 0,3 | (5,0) | 13,0 | 13,0 | 0,1 | 0,0 | 0,1 |
| 02-541 | Hússtjórnarskólinn í Reykjavík | 14,7 | 0,2 | 3,1 | 18,0 | 18,0 | 0,1 | 0,0 | 0,1 |
| 02-551 | Hússtjórnarsk. Hallormsstað | 12,5 | (0,2) | 2,0 | 14,3 | 14,4 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 02-228 | Listaháskóli Íslands | 0,0 | 0,0 | 69,1 | 69,1 | 69,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 02-225 | Samvinnuháskólinn | 57,1 | 0,0 | 0,0 | 57,1 | 57,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 02-227 | Viðskiptaháskólinn í Reykjavík | 165,7 | 0,0 | 0,0 | 165,7 | 165,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |

| Í m.kr. | | Fjárlög og fjáraukal. | Flutt frá fyrra ári | Millifært innan árs | Fjárheimild samtals | Útkoma | Frávik frá fjár-heimild | Breytt v/ rekstrar-tekna | Frávik samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 02-563 | Tónlistarskólinn í Reykjavík | 14,1 | 0,0 | 0,0 | 14,1 | 14,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 02-361 | Framhaldsskólinn í A-Skaftaf.s | 34,7 | (5,1) | 5,0 | 34,6 | 34,6 | 0,1 | 0,6 | (0,5) |
| 02-362 | Framhaldsskólinn á Húsavík | 55,8 | (8,0) | 10,2 | 58,0 | 58,1 | 0,0 | 1,6 | (1,6) |
| 02-309 | Kvennaskólinn í Reykjavík | 148,7 | 0,0 | 5,5 | 154,2 | 155,5 | 1,4 | 3,3 | (1,9) |
| 02-307 | Menntaskólinn á Egilsstöðum | 97,7 | (3,3) | 7,2 | 101,6 | 103,2 | 1,5 | 4,2 | (2,6) |
| 02-581 | Verslunarskóli Íslands | 304,4 | 0,0 | 67,0 | 371,4 | 367,8 | (3,6) | 0,0 | (3,6) |
| 02-516 | Iðnskólinn í Hafnarfirði | 123,6 | (0,8) | 2,4 | 125,2 | 121,9 | (3,4) | 2,6 | (6,0) |
| 02-355 | Framhaldssk. í Vestmannaey. | 79,8 | (1,8) | 14,8 | 92,8 | 87,0 | (5,8) | 2,7 | (8,6) |
| 02-506 | Vélskóli Íslands | 90,3 | 3,3 | 1,0 | 94,6 | 83,5 | (11,2) | 2,6 | (13,8) |
| 02-358 | Verkmenntaskóli Austurlands | 72,3 | (2,1) | 12,1 | 82,3 | 69,7 | (12,6) | 1,3 | (13,9) |
| 02-514 | Iðnskólinn í Reykjavík | 557,2 | 5,7 | 7,2 | 570,1 | 578,2 | 8,2 | 31,9 | (23,8) |
| 02-304 | Menntaskólinn við Hamrahlíð | 304,4 | (1,3) | 22,5 | 325,6 | 327,0 | 1,4 | 26,9 | (25,5) |
| 02-210 | Háskólinn á Akureyri | 373,4 | (35,6) | 111,9 | 449,7 | 433,3 | (16,4) | 11,1 | (27,5) |
| 02-353 | Fjölbrautaskóli Suðurnesja | 253,4 | 10,0 | (1,5) | 261,9 | 244,1 | (17,8) | 12,2 | (30,0) |
| 02-301 | Menntaskólinn í Reykjavík | 249,6 | 10,3 | 8,0 | 267,9 | 241,7 | (26,2) | 5,1 | (31,4) |
| | | **10.259,7** | **(671,9)** | **628,1** | **10.215,9** | **11.117,1** | **901,2** | **543,8** | **357,4** |

## Sendiráð og fastanefndir

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 03-320 | Sendiráð, almennt | 233,1 | 189,0 | 34,7 | 456,8 | 494,5 | 37,7 | 0,0 | 37,7 |
| 03-311 | Fastanefnd Ísl hjá N-Atlantsh.b | 64,1 | 7,7 | (5,9) | 65,9 | 73,0 | 7,1 | 0,0 | 7,1 |
| 03-306 | Sendiráð og fastanefnd í París | 63,5 | (3,5) | 4,0 | 64,0 | 71,0 | 7,0 | 0,0 | 7,0 |
| 03-305 | Sendiráð Íslands í Osló | 35,6 | 3,6 | (2,3) | 36,9 | 38,7 | 1,7 | 0,0 | 1,7 |
| 03-312 | Fastan.Ísl.hjá alþj.st. og EFTA | 58,3 | (1,1) | 2,4 | 59,6 | 60,7 | 1,1 | 0,0 | 1,1 |
| 03-315 | Aðalræðisskrifs. Ísl. í Winnipeg | 0,0 | 0,0 | 0,5 | 0,5 | 1,3 | 0,8 | 0,0 | 0,8 |
| 03-314 | Sendiráð Íslands í Peking | 56,6 | (1,9) | 2,5 | 57,2 | 57,5 | 0,3 | 0,0 | 0,3 |
| 03-304 | Sendiráð Íslands í Moskvu | 48,4 | (5,7) | 6,3 | 49,0 | 49,3 | 0,3 | 0,0 | 0,3 |
| 03-302 | Sendiráð Íslands í Kaupm.höfn | 36,5 | 3,8 | (3,2) | 37,1 | 37,2 | 0,1 | 0,0 | 0,1 |
| 03-309 | Fastan.Ísl. hjá S.þ. og aðalræðism. N.Y | 77,8 | 5,6 | (4,2) | 79,2 | 79,0 | (0,2) | 0,0 | (0,2) |
| 03-301 | Sendiráð Íslands í Bonn | 55,1 | 2,1 | (1,4) | 55,8 | 55,3 | (0,6) | 0,0 | (0,6) |
| 03-310 | Sendiráð Ísl. í Brussel og ES | 85,8 | 4,9 | (3,7) | 87,0 | 83,4 | (3,6) | 0,0 | (3,6) |
| 03-307 | Sendiráð Íslands í Stokkhólmi | 33,9 | 3,9 | (3,1) | 34,7 | 29,5 | (5,2) | 0,0 | (5,2) |
| 03-318 | Fastanefnd Ísl. hjá Evrópuráð | 47,7 | 1,4 | (0,8) | 48,3 | 41,8 | (6,5) | 0,0 | (6,5) |
| 03-303 | Sendiráð Íslands í London | 49,1 | 4,3 | (3,1) | 50,3 | 43,0 | (7,3) | 0,0 | (7,3) |
| 03-313 | Fastan.Ísl.hjá Öryggis-og samv.st.Evró | 28,5 | 0,0 | 0,6 | 29,1 | 20,5 | (8,6) | 0,0 | (8,6) |
| 03-317 | Sendiráð Íslands í Helsinki | 41,1 | 7,7 | (6,9) | 41,9 | 27,5 | (14,5) | 0,0 | (14,5) |
| 03-308 | Sendiráð Íslands í Washington | 58,8 | (4,6) | 7,0 | 61,2 | 39,5 | (21,7) | 0,0 | (21,7) |
| | | **1.073,9** | **217,2** | **23,5** | **1.314,6** | **1.302,6** | **(12,0)** | **0,0** | **(12,0)** |

## Sýslumenn og lögregluembætti

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 06-433 | Sýslumaðurinn á Selfossi | 171,1 | (15,8) | 17,7 | 173,0 | 204,7 | 31,7 | 0,0 | 31,7 |
| 06-434 | Sýslumaðurinn í Keflavík | 257,1 | (13,1) | 23,0 | 267,0 | 285,1 | 18,1 | 0,0 | 18,1 |
| 06-416 | Sýslumaðurinn á Patreksfirði | 47,3 | (6,9) | 3,6 | 44,0 | 56,2 | 12,1 | 0,0 | 12,1 |
| 06-311 | Lögreglustjórinn í Reykjavík | 1.585,0 | (102,4) | 131,4 | 1.614,0 | 1.623,6 | 9,7 | 0,0 | 9,7 |
| 06-414 | Sýslumaðurinn í Stykkishólmi | 88,1 | (7,4) | 6,8 | 87,5 | 95,5 | 8,0 | 0,0 | 8,0 |
| 06-413 | Sýslumaðurinn í Borgarnesi | 72,9 | (7,9) | 5,8 | 70,8 | 77,0 | 6,2 | 0,0 | 6,2 |
| 06-430 | Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal | 27,6 | (3,3) | 2,5 | 26,8 | 32,7 | 5,9 | 0,0 | 5,9 |
| 03-201 | Sýslum. á Keflavíkurflugvelli | 325,6 | 12,7 | 26,8 | 365,1 | 371,0 | 5,9 | 0,2 | 5,7 |
| 06-421 | Sýslumaðurinn á Sauðárkróki | 70,0 | (1,8) | 15,0 | 83,2 | 88,8 | 5,6 | 0,0 | 5,6 |
| 06-427 | Sýslumaðurinn í Neskaupstað | 32,5 | (2,2) | 2,9 | 33,2 | 37,8 | 4,6 | 0,0 | 4,6 |
| 06-431 | Sýslumaðurinn á Hvolsvelli | 48,2 | (2,4) | 5,4 | 51,2 | 55,3 | 4,1 | 0,0 | 4,1 |
| 06-426 | Sýslumaðurinn á Seyðisfirði | 98,9 | (3,8) | 10,3 | 105,4 | 108,3 | 2,9 | 0,0 | 2,9 |
| 06-429 | Sýslum. á Höfn í Hornafirði | 40,0 | (0,3) | 4,4 | 44,1 | 46,8 | 2,7 | 0,0 | 2,7 |
| 06-424 | Sýslumaðurinn á Akureyri | 228,0 | (4,8) | 32,1 | 255,3 | 257,4 | 2,1 | 0,0 | 2,1 |
| 06-415 | Sýslumaðurinn í Búðardal | 20,3 | (1,7) | 2,6 | 21,2 | 22,4 | 1,2 | 0,0 | 1,2 |
| 06-418 | Sýslumaðurinn á Ísafirði | 109,1 | 0,1 | 11,5 | 120,7 | 121,1 | 0,4 | 0,0 | 0,4 |
| 06-417 | Sýslumaðurinn í Bolungarvík | 26,1 | (1,0) | 3,1 | 28,2 | 28,4 | 0,3 | 0,0 | 0,3 |
| 06-423 | Sýslumaðurinn á Ólafsfirði | 27,7 | (2,1) | 2,2 | 27,8 | 27,7 | (0,2) | 0,0 | (0,2) |

| Í m.kr. | | Fjárlög og fjáraukal. | Flutt frá fyrra ári | Millifært innan árs | Fjárheimild samtals | Útkoma | Frávik frá fjár-heimild | Breytt v/ rekstrar-tekna | Frávik samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 06-419 | Sýslumaðurinn á Hólmavík | 24,2 | 0,1 | 6,3 | 30,6 | 29,4 | (1,3) | 0,0 | (1,3) |
| 06-411 | Sýslumaðurinn í Reykjavík | 175,9 | 0,9 | 6,6 | 183,4 | 181,6 | (1,9) | 0,0 | (1,9) |
| 06-422 | Sýslumaðurinn á Siglufirði | 39,8 | 1,8 | 4,4 | 46,0 | 43,1 | (2,9) | 0,0 | (2,9) |
| 06-420 | Sýslumaðurinn á Blönduósi | 67,8 | 3,9 | 6,5 | 78,2 | 75,3 | (2,9) | 0,0 | (2,9) |
| 06-425 | Sýslumaðurinn á Húsavík | 95,9 | 4,1 | 9,2 | 109,2 | 106,2 | (3,0) | 0,0 | (3,0) |
| 06-412 | Sýslumaðurinn á Akranesi | 119,1 | (23,9) | 7,5 | 102,7 | 98,0 | (4,6) | 0,0 | (4,7) |
| 06-428 | Sýslumaðurinn á Eskifirði | 67,2 | 5,0 | 8,0 | 80,2 | 73,2 | (7,0) | 0,0 | (7,1) |
| 06-437 | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 198,5 | 9,3 | 16,2 | 224,0 | 215,3 | (8,7) | 0,0 | (8,7) |
| 06-432 | Sýslum. í Vestmannaeyjum | 95,3 | 6,0 | 11,0 | 112,3 | 101,9 | (10,5) | 0,0 | (10,5) |
| 06-436 | Sýslumaðurinn í Hafnarfirði | 292,7 | 18,6 | 21,1 | 332,4 | 309,6 | (22,8) | 0,3 | (23,1) |
| 06-303 | Ríkislögreglustjóri | 288,5 | (1,1) | 69,7 | 357,1 | 324,9 | (32,2) | 0,0 | (32,2) |
| | | **4.740,4** | **(139,4)** | **473,7** | **5.074,7** | **5.098,4** | **23,7** | **0,6** | **23,0** |

## Málefni fatlaðra

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 07-701 | Málefni fatlaðra, Reykjavík | 625,9 | (20,3) | 48,2 | 653,8 | 705,1 | 51,3 | 0,0 | 51,3 |
| 07-708 | Málefni fatlaðra, Suðurlandi | 181,7 | (1,1) | 0,6 | 181,2 | 190,9 | 9,7 | 0,0 | 9,7 |
| 07-702 | Málefni fatlaðra, Reykjanesi | 498,0 | (13,6) | 45,0 | 529,4 | 534,3 | 4,9 | 0,0 | 4,9 |
| 07-706 | Málefni fatlaðra, Norðurl eystra | 335,0 | (2,6) | 2,5 | 334,9 | 337,9 | 3,0 | 0,0 | 3,0 |
| 07-707 | Málefni fatlaðra, Austurlandi | 98,9 | 2,5 | 0,6 | 102,0 | 102,4 | 0,4 | 0,0 | 0,4 |
| 07-705 | Málefni fatlaðra, Norðurl vestra | 140,4 | (0,1) | 0,0 | 140,3 | 140,4 | 0,1 | 0,0 | 0,1 |
| 07-703 | Málefni fatlaðra, Vesturlandi | 123,0 | 4,9 | (7,6) | 120,3 | 118,9 | (1,4) | 0,0 | (1,4) |
| 07-704 | Málefni fatlaðra, Vestfjörðum | 70,1 | 12,8 | 7,0 | 89,9 | 77,7 | (12,2) | 0,0 | (12,2) |
| 07-700 | Málefni fatlaðra | 242,5 | 52,6 | (99,4) | 195,7 | 138,1 | (57,6) | 0,0 | (57,6) |
| | | **2.315,5** | **35,1** | **(3,1)** | **2.347,5** | **2.345,7** | **(1,8)** | **0,0** | **(1,8)** |

## Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 08-358 | Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri | 1.996,6 | 14,8 | 8,5 | 2.019,9 | 2.071,1 | 51,2 | 0,0 | 51,2 |
| 08-711 | Heilbrigðisstofnunin Akranesi | 760,8 | (58,9) | 53,4 | 755,3 | 805,7 | 50,4 | 0,0 | 50,4 |
| 08-791 | Heilbrigðisstofn. Suðurnesjum | 641,6 | (75,6) | 46,4 | 612,4 | 641,0 | 28,6 | 0,0 | 28,6 |
| 08-400 | St. Jósefsspítali, Hafnarfirði | 412,0 | (20,1) | 30,6 | 422,5 | 441,1 | 18,6 | 0,0 | 18,6 |
| 08-505 | Heilsugæsla í Reykjavík | 548,3 | (69,2) | 95,3 | 574,4 | 588,1 | 13,7 | 0,0 | 13,7 |
| 08-725 | Heilbrigðisstofn. Ísafjarðarbæ | 406,5 | 2,8 | 7,6 | 416,9 | 428,2 | 11,3 | 0,0 | 11,3 |
| 08-781 | Heilbrigðisstofn. Vestm.eyjum | 336,4 | (40,0) | 28,6 | 325,0 | 333,6 | 8,6 | 0,0 | 8,6 |
| 08-735 | Heilbrigðisstofnunin Hólmavík | 60,7 | (2,4) | 2,0 | 60,3 | 67,6 | 7,3 | 0,0 | 7,3 |
| 08-761 | Heilbrigðisstofnunin Húsavík | 367,1 | (25,3) | 32,1 | 373,9 | 381,1 | 7,3 | 0,0 | 7,3 |
| 08-524 | Heilsugæslustöðin Ólafsvík | 36,8 | (1,3) | 10,0 | 45,5 | 51,6 | 6,2 | 0,0 | 6,2 |
| 08-755 | Heilbrigðisstofnunin Siglufirði | 208,1 | (4,8) | 4,3 | 207,6 | 212,5 | 4,9 | 0,0 | 4,9 |
| 08-785 | Heilbrigðisstofnunin Selfossi | 486,3 | (46,2) | 68,7 | 508,8 | 513,7 | 4,9 | 0,0 | 4,9 |
| 08-565 | Heilsugæslustöðin Eskifirði | 29,8 | (3,3) | 17,1 | 43,6 | 48,2 | 4,6 | 0,0 | 4,6 |
| 08-721 | Heilbrigðisstof. Patreksfirði | 120,7 | (4,9) | 7,8 | 123,6 | 128,1 | 4,5 | 0,0 | 4,5 |
| 08-582 | Heilsugæslustöðin Hafnarfirði | 159,2 | (20,2) | 16,9 | 155,9 | 159,5 | 3,6 | 0,0 | 3,6 |
| 08-777 | Heilbrigðisstofnun Austurlands | 0,0 | 0,0 | 6,5 | 6,5 | 9,4 | 2,9 | 0,0 | 2,9 |
| 08-558 | Heilsugæslust. N-Þingeyjars. | 42,2 | 4,0 | 13,6 | 59,8 | 62,2 | 2,4 | 0,0 | 2,4 |
| 08-585 | Heilsugæslust. Seltjarnarnesi | 96,0 | (3,3) | 8,2 | 100,9 | 103,2 | 2,3 | 0,0 | 2,3 |
| 08-576 | Heilsugæslustöðin Laugarási | 33,6 | 0,4 | 5,7 | 39,7 | 40,7 | 1,0 | 0,0 | 1,0 |
| 08-572 | Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal | 18,9 | 0,4 | 3,2 | 22,5 | 23,2 | 0,7 | 0,0 | 0,7 |
| 08-586 | Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ | 60,0 | 10,4 | 0,0 | 70,4 | 70,8 | 0,4 | 0,0 | 0,4 |
| 08-522 | Heilsugæslustöðin Borgarnesi | 53,6 | 1,9 | 3,6 | 59,1 | 59,2 | 0,1 | 0,0 | 0,1 |
| 08-515 | Heilsugæslust. Lágmúla í Rvk | 43,6 | 0,0 | 26,1 | 69,7 | 69,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 08-517 | Læknavaktin | 131,4 | 0,0 | 1,7 | 133,1 | 133,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 08-715 | St. Fransiskusspítali, Stykkish. | 173,2 | 0,0 | 38,1 | 211,3 | 211,3 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 08-575 | Heilsugæslustöðin Hellu | 24,2 | 0,2 | 1,0 | 25,4 | 25,3 | (0,1) | 0,0 | (0,1) |
| 08-579 | Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn | 17,4 | 1,0 | 1,6 | 20,0 | 19,8 | (0,3) | 0,0 | (0,3) |
| 08-571 | Heilsugæslust. Kirkjubæjarkl. | 18,4 | 0,5 | 2,9 | 21,8 | 21,0 | (0,8) | 0,0 | (0,8) |
| 08-741 | Heilbrigðisstofn Hvammstanga | 155,2 | (20,2) | 1,0 | 136,0 | 135,2 | (0,8) | 0,0 | (0,8) |
| 08-525 | Heilsugæslustöðin Grundarfirði | 20,2 | 0,5 | 1,9 | 22,6 | 21,7 | (0,9) | 0,0 | (0,9) |
| 08-510 | Heilsuverndarstöðin í Rvk | 375,1 | 4,7 | 23,2 | 403,0 | 401,8 | (1,2) | 0,0 | (1,2) |
| 08-552 | Heilsugæslustöðin Dalvík | 35,9 | 1,0 | 5,1 | 42,0 | 40,7 | (1,3) | 0,0 | (1,3) |

| Í m.kr. | | Fjárlög og fjáraukal. | Flutt frá fyrra ári | Millifært innan árs | Fjárheimild samtals | Útkoma | Frávik frá fjár-heimild | Breytt v/ rekstrar-tekna | Frávik samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 08-526 | Heilsugæslustöðin Búðardal | 32,9 | (0,9) | 10,8 | 42,8 | 41,5 | (1,4) | 0,0 | (1,4) |
| 08-574 | Heilsugæslustöðin Hvolsvelli | 23,2 | 3,5 | 4,0 | 30,7 | 29,2 | (1,5) | 0,0 | (1,5) |
| 08-731 | Heilbrigðisstofn. Bolungarvík | 77,8 | 0,3 | 1,6 | 79,7 | 77,0 | (2,6) | 0,0 | (2,6) |
| 08-567 | Heilsugæslustöðin Djúpavogi | 19,3 | 3,3 | 8,5 | 31,1 | 27,9 | (3,2) | 0,0 | (3,2) |
| 08-578 | Heilsugæslustöðin Hveragerði | 17,5 | 0,5 | 9,1 | 27,1 | 23,0 | (4,0) | 0,0 | (4,0) |
| 08-551 | Heilsugæslustöðin Ólafsfirði | 27,9 | (8,7) | 10,3 | 29,5 | 25,1 | (4,4) | 0,0 | (4,4) |
| 08-745 | Heilbrigðisstofnunin Blönduósi | 227,0 | (21,5) | 2,5 | 208,0 | 203,4 | (4,6) | 0,0 | (4,6) |
| 08-566 | Heilsugæslust. Fáskrúðsfirði | 18,8 | 0,1 | 20,7 | 39,6 | 35,0 | (4,6) | 0,0 | (4,6) |
| 08-561 | Heilsugæslustöðin Vopnafirði | 25,0 | 1,0 | 11,7 | 37,7 | 33,0 | (4,8) | 0,0 | (4,8) |
| 08-583 | Heilsugæslustöðin Garðabæ | 58,2 | 0,3 | 6,4 | 64,9 | 58,6 | (6,4) | 0,0 | (6,4) |
| 08-751 | Heilbrigðisstofn. Sauðárkróki | 396,5 | 7,4 | 2,4 | 406,3 | 398,8 | (7,4) | 0,0 | (7,4) |
| 08-584 | Heilsugæslustöðin Kópavogi | 161,8 | 18,3 | 0,0 | 180,1 | 170,5 | (9,6) | 0,0 | (9,6) |
| 08-771 | Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði | 143,0 | (16,7) | 12,6 | 138,9 | 127,8 | (11,1) | 0,0 | (11,1) |
| 08-765 | Heilbrigðisstofn. Egilsstöðum | 202,2 | (12,1) | 16,6 | 206,7 | 194,3 | (12,4) | 0,0 | (12,4) |
| 08-775 | Heilbrigðisstofn. Neskaupstað | 366,5 | (89,8) | 29,8 | 306,5 | 293,8 | (12,7) | 0,0 | (12,7) |
| 08-371 | Ríkisspítalar | 10.424,4 | (68,9) | 593,7 | 10.949,2 | 10.926,5 | (22,7) | 0,0 | (22,7) |
| 08-373 | Sjúkrahús í Reykjavík | 300,0 | 0,0 | (255,5) | 44,5 | 4,0 | (40,5) | 0,0 | (40,5) |
| 08-375 | Sjúkrahús Reykjavíkur | 6.191,3 | 312,6 | 491,3 | 6.995,2 | 6.930,5 | (64,7) | 2,1 | (66,8) |
| | | **26.583,1** | **(224,4)** | **1.549,3** | **27.908,0** | **27.919,3** | **11,3** | **2,1** | **9,2** |

## Skattkerfið

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 09-201 | Ríkisskattstjóri | 390,0 | (21,3) | 41,0 | 409,7 | 418,5 | 8,8 | 0,0 | 8,8 |
| 09-209 | Skattstofa Vestmannaeyja | 14,4 | 1,0 | 0,8 | 16,2 | 17,2 | 1,0 | 0,0 | 1,0 |
| 09-208 | Skattstofa Suðurlands | 37,8 | 4,7 | 0,8 | 43,3 | 44,1 | 0,8 | 0,0 | 0,8 |
| 09-204 | Skattstofa Vestfjarða | 24,5 | (0,7) | 0,8 | 24,6 | 25,3 | 0,7 | 0,0 | 0,7 |
| 09-203 | Skattstofa Vesturlands | 36,0 | (2,7) | 6,1 | 39,4 | 40,1 | 0,7 | 0,0 | 0,7 |
| 09-205 | Skattstofa Norðurlands vestra | 25,8 | 0,0 | 0,8 | 26,6 | 26,9 | 0,3 | 0,0 | 0,3 |
| 09-215 | Skattrannsóknarstjóri ríkisins | 71,4 | (0,4) | 0,0 | 71,0 | 70,9 | (0,1) | 0,0 | (0,1) |
| 09-207 | Skattstofa Austurlands | 29,9 | 2,9 | 0,8 | 33,6 | 31,8 | (1,8) | 0,0 | (1,8) |
| 09-206 | Skattstofa Norðurlands eystra | 57,0 | 5,1 | 1,1 | 63,2 | 60,2 | (3,0) | 0,0 | (3,0) |
| 09-211 | Skattstofa Reykjaness | 135,1 | 4,6 | 0,8 | 140,5 | 136,5 | (4,0) | 0,0 | (4,0) |
| 09-214 | Yfirskattanefnd | 73,4 | 7,2 | 4,9 | 85,5 | 70,0 | (15,5) | 0,0 | (15,5) |
| 09-202 | Skattstofan í Reykjavík | 251,0 | 15,1 | 0,8 | 266,9 | 251,0 | (15,9) | 0,0 | (15,9) |
| | | **1.146,3** | **15,5** | **58,7** | **1.220,5** | **1.192,5** | **(28,0)** | **0,0** | **(28,0)** |

## Fjárlagaliðir með markaðar tekjur til aðila utan A-hluta

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 04-818 | Búnaðarsjóður | 187,0 | 0,0 | 0,0 | 187,0 | 252,4 | 65,4 | 0,0 | 65,4 |
| 11-245 | Samtök iðnaðarins | 117,0 | 0,0 | 0,0 | 117,0 | 166,3 | 49,3 | 0,0 | 49,3 |
| 04-823 | Lánasjóður landbúnaðarins | 147,0 | 0,0 | 0,0 | 147,0 | 169,2 | 22,2 | 0,0 | 22,2 |
| 12-821 | Flutningssjóður sements | 138,0 | 0,0 | 0,0 | 138,0 | 157,2 | 19,2 | 0,0 | 19,2 |
| 03-611 | Útflutningsráð Íslands | 145,0 | 0,0 | 0,0 | 145,0 | 163,5 | 18,5 | 0,0 | 18,5 |
| 14-289 | Endurvinnslan hf., skilagjald | 450,0 | 0,0 | 0,0 | 450,0 | 451,1 | 1,1 | 0,0 | 1,1 |
| 04-826 | Stofnverndarsjóður búfjár | 1,8 | 0,0 | 0,0 | 1,8 | 0,7 | (1,1) | 0,0 | (1,1) |
| 12-811 | Flutningssjóður olíuvara | 550,0 | 0,0 | 0,0 | 550,0 | 545,2 | (4,8) | 0,0 | (4,8) |
| 04-824 | Verðmiðlun landbúnaðarvara | 110,0 | 0,0 | 0,0 | 110,0 | 100,1 | (9,9) | 0,0 | (9,9) |
| 04-829 | Útflutningsgjald á hross | 25,0 | 0,0 | 0,0 | 25,0 | 7,3 | (17,7) | 0,0 | (17,7) |
| 04-827 | Fóðursjóður | 340,0 | 0,0 | 0,0 | 340,0 | 309,9 | (30,1) | 0,0 | (30,1) |
| 02-975 | Menningarsjóður útvarpsstöð. | 130,0 | 0,0 | 0,0 | 130,0 | 92,8 | (37,2) | 0,0 | (37,2) |
| 04-843 | Fiskræktarsjóður | 13,9 | 45,8 | 0,0 | 59,7 | 14,2 | (45,5) | 0,0 | (45,5) |
| 04-813 | Framleiðsluráð landbúnaðarins | 116,6 | 0,0 | 0,0 | 116,6 | (1,0) | (117,6) | 0,0 | (117,6) |
| 05-811 | Þróunarsjóður sjávarútvegsins | 740,0 | 0,0 | 0,0 | 740,0 | 620,0 | (120,0) | 0,0 | (120,0) |
| | | **3.211,3** | **45,8** | **0,0** | **3.257,1** | **3.048,8** | **(208,3)** | **0,0** | **(208,3)** |

## Aðrar stofnanir og fjárlagaliðir

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 09-381 | Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun | 6.755,0 | 0,0 | 0,0 | 6.755,0 | 11.445,2 | 4.690,2 | 0,0 | 4.690,2 |
| 19-801 | Vaxtagjöld ríkissjóðs | 14.580,0 | 0,0 | 0,0 | 14.580,0 | 15.332,1 | 752,1 | 0,0 | 752,1 |
| 09-711 | Afskriftir skattkrafna | 3.900,0 | 0,0 | 0,0 | 3.900,0 | 4.534,3 | 634,3 | 0,0 | 634,3 |

| Í m.kr. | | Fjárlög og fjáraukal. | Flutt frá fyrra ári | Millifært innan árs | Fjárheimild samtals | Útkoma | Frávik frá fjár-heimild | Breytt v/ rekstrar-tekna | Frávik samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 09-989 | Launa- og verðlagsmál | 65,0 | 0,0 | (462,6) | (397,6) | 0,0 | 397,6 | 0,0 | 397,6 |
| 09-821 | Vaxtabætur | 3.780,0 | 0,0 | 0,0 | 3.780,0 | 3.949,7 | 169,7 | 0,0 | 169,7 |
| 04-805 | Greiðslur v. sauðfjárframleiðslu | 2.186,0 | 55,1 | (8,0) | 2.233,1 | 2.381,6 | 148,5 | 0,0 | 148,5 |
| 07-971 | Erfðafjársjóður | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 142,0 | 142,0 | (2,3) | 144,3 |
| 09-385 | Mótframlag v/viðbótarlífeyrissp | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 137,6 | 137,6 | 0,0 | 137,6 |
| 04-831 | Jarðasjóður og Jarðeignir rík. | 66,5 | (40,3) | 0,0 | 26,2 | 252,9 | 226,7 | 105,5 | 121,2 |
| 08-206 | Sjúkratryggingar | 9.775,1 | 0,0 | (22,6) | 9.752,5 | 9.865,4 | 112,9 | 0,0 | 112,9 |
| 10-473 | Alþjóðaflugþjónustan | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 83,0 | 83,0 | 0,0 | 83,0 |
| 09-811 | Barnabætur | 3.860,0 | 0,0 | 0,0 | 3.860,0 | 3.942,4 | 82,4 | 0,0 | 82,4 |
| 07-801 | Jöfnunarsjóður sveitarfélaga | 4.235,6 | 33,4 | 0,0 | 4.269,0 | 4.347,8 | 78,8 | 0,0 | 78,8 |
| 08-385 | Framkvæmdasjóður aldraðra | 540,0 | (62,6) | 0,0 | 477,4 | 553,1 | 75,7 | 0,0 | 75,7 |
| 07-980 | Vinnumálastofnun | 123,9 | (62,3) | 10,3 | 71,9 | 143,6 | 71,7 | 0,0 | 71,7 |
| 02-237 | Tæknisjóður | 200,0 | (55,6) | 0,0 | 144,4 | 213,8 | 69,4 | 0,0 | 69,4 |
| 02-902 | Þjóðminjasafn Íslands | 135,4 | 6,3 | 0,0 | 141,7 | 208,9 | 67,2 | 0,0 | 67,2 |
| 04-261 | Landbúnaðarhás. á Hvanneyri | 123,6 | (47,0) | 0,0 | 76,6 | 141,7 | 65,1 | 2,8 | 62,3 |
| 09-721 | Fjármagnstekjuskattur | 1.390,0 | 0,0 | 0,0 | 1.390,0 | 1.451,5 | 61,5 | 0,0 | 61,5 |
| 02-236 | Vísindasjóður | 170,0 | (45,7) | 0,0 | 124,3 | 177,0 | 52,7 | 0,0 | 52,7 |
| 08-201 | Tryggingastofnun ríkisins | 633,7 | (37,8) | (3,5) | 592,4 | 644,1 | 51,7 | 0,0 | 51,7 |
